


skoðun 18

SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
POPP







FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
2. febrúar 2012
28. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



**Læknar sig sjálfur**

*Arnar Pétursson prufar hráfæði til vinna bug á Crohns-sjúkdómnum.*

**lífstíll 46**

**Vöggugjöf**

*„Börn, strax frá fæðingu, elska bækur, sögur, vísur og rím. Lestur gefur börnum kost á nærveru,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.*

**í dag 19**




**Daufur markaður**

*Stóru félögin í Englandi höfðu hægt um sig í janúar vegna nýrra reglna.*

**sport 50**

**veðrið í dag**




**STÍF SA-ÁTT** Í dag má búast við strekkingi eða allhvössum vindi S- og V-til, horfur á rigningu sunnanlands og þykknar upp V-til og SA-lands er líður á daginn. Hægur vindur og úrkomulítið N-til.

**VEÐUR 4**

# Ekki hægt að fylgjast með sprengjusmiðum

**Lögregla getur erfiðlega fylgst með því hvort einhver sé að smíða sér sprengju. Hefur ítrekað kallað eftir forvirkum rannsóknarheimildum. Frumvarp um þær er til umræðu hjá stjórnarflokkum. Sprengjumaður gekk enn laus í gærkvöldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur ekki heimildir til að fylgjast með því hvort menn séu að sanka að sér efnivið í sprengju, svo sem áburði eða eldsneyti. Til þess að unnt sé að kanna slíkt þarf ábending að berast um grunsamlegt athæfi.

Frumvarp um forvirkar rannsóknarheimildir til handa lögreglu hefur verið kynnt í ríkisstjórn og er nú til meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Ögmundur Jónasson sagðist á Alþingi í síðustu viku leggja áherslu á að flýta framlagningu þess.

Lögregla hefur margsinnis látið í ljósi það mat sitt að slíkar heimildir skorti til að unnt sé að taka á festu á skipulagðri glæpastarfsemi og kanna möguleika á hryðjuverkum hér á landi.

Reyndar hefur ekki verið fjallað sérstaklega um hættuna af hryðjuverkum á Íslandi opinberlega síðan greiningardeild Ríkislögreglustjóra birti hættumat sitt árið 2008. Hættustigið var þá metið lágt, en ítrekað að rannsóknarheimildir skorti.

„Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að lögreglan hérlendis hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga, sem kunna að fremja hryðjuverk,“ sagði í hættumatinu.

Slíkar heimildir duga þó ekki í öllum tilvikum. Þannig gat norski fjöldamorðinginn Anders Breivik keypt mikið magn af áburði án þess að það vekti grunsemdir þarlendra yfirvalda undir því yfirskini að hann stundaði búskap.

Þá hefur einnig verið bent á að eftirliti með sprengiefni á borð við dínamít sé ábótavant. Dæmi eru um að því hafi verið stolið í stórum stíl af verktökum án þess að það uppgötvist strax.

Rannsókn lögreglu á sprengingu í Hverfisgötu á miðvikudag stendur enn. Í gærkvöldi hafði enn enginn verið handtekinn vegna málsins.

**- sh / sjá síðu 6**



**NÝ GÖNGUBRÚ Í MOSFELLSBÆ** Smíði á göngubrú í Mosfellsbæ gengur vel. Brúin mun tengja saman Krikahverfi og miðbæinn. Framkvæmdirnar hófust í október og samkvæmt upplýsingum frá skrifstofum Mosfellsbæjar er áætlað að klára þær í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Útgáfa Orkustofnunar á rannsóknarleyfum vegna virkjana ekki lengur takmörkuð:

# Rannsóknarleyfi til boða á ný

**VIRKJANIR** Orkustofnun getur nú hafið á ný útgáfu rannsóknarleyfa vegna fyrirhugaðra vatnsafls- og jarðvarmavirkjana á svæðum sem verkefnisstjórn um rammaáætlun hefur fjallað um. Iðnaðarráðherra beindi þeim fyrirmælum til stofnunarinnar í júlí á síðasta ári að útgáfu slíkra leyfa yrði frestað til 1. febrúar 2012.

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri segir að Orkustofnun muni auðvitað taka allar umsóknir til skoðunar nú þegar fresturinn sé liðinn. Hann á hins vegar ekki von á því að holskefla umsókna berist í kjölfarið.



GUÐNI A. JÓHANNESSON

„Við höfum séð það af þeim leyfum sem við gáfum út áður en þessi fyrirmæli voru gefin. Þeir aðilar hafa ekki viljað nýta þau fyrr en rammaáætlunin liggur fyrir. Það er því enginn þrýstingur á okkur en við munum vitaskuld sinna þeim umsóknum sem til okkar berast á þeim hraða sem málsmeðferðarreglur og annað býður,“ segir Guðni.

Þá bendir hann á að verði þingsályktunartillagan samþykkt feli það um leið í sér samþykkt laga um rammaáætlun. „Þá verður grundvöllur rannsóknarleyfa í raun og veru allt annar. Það verða þá til staðar miklar takmarkanir á rannsóknum eftir því í hvaða flokki svæði lenda,“ segir Guðni. **- mþl**

Slitnað upp úr viðræðum:

# Viðræðum lokið í Kópavogi

**STJÓRNMÁL** Slitnað hefur upp úr meirihlutaviðræðum Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í Kópavogi. Varð þetta niðurstaðan eftir fund oddvita flokkanna í gærkvöldi. Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, staðfesti þetta í gærkvöldi.

„Við erum búin að vera að þreifa fyrir okkur í nokkuð marga daga um mögulegan samstarfsflöt og það varð fullreynt í dag [í gær],“ segir Guðríður og bætir við að þótt talsvert beri í milli málefnalega hafi það ekki verið óbrúanlegt. Sjálfstæðisflokkur hafi hins vegar mætt klofinn til viðræðnanna og undir þeim kringumstæðum væri ekki grundvöllur fyrir samstarfi.

Ekki náðist í Ármann Kr. Ólafsson, oddvita Sjálfstæðisflokksins, og Ólaf Þór Gunnarsson, oddvita Vinstri grænna, í gærkvöldi vegna málsins. **- mþl**



**SÍMASKRÁIN** Viðskiptavinir geta valið á milli tvenns konar límmiða.

Límmiðar á forsíðu símaskrár:

# Hægt að hylja mynd af Agli

**FÓLK Já hefur látið hanna og framleiða límmiða til að líma á forsíðu símaskrár síðasta árs. Á forsíðunni er mynd af Agli Einarssyni og fimleikastúlkum í Gerplu. Tilgangur límmiðanna er að gera fólki kleift að líma yfir Egil Einarsson. „Við höfum útbúið tvær tegundir af límmiðum fyrir þá sem þess óska,“ staðfestir Guðrún María Guðmundsdóttir, ritstjóri og sviðsstjóri hjá Já.**

**Egill hefur verið kærður í tvígang fyrir kynferðisbrot á síðustu mánuðum en niðurstaða í málunum liggur ekki fyrir.**

**- áp / sjá síðu 54**






SPURNING DAGSINS



*Bjarni, þarf ekki bara að lengja árnar?*

„Lengjum bara tímabilið. Björn Blöndal rithöfundur sýndi fram á að það er hægt að veiða alla mánuði ársins - þótt það sé reyndar gasalega erfitt í febrúar."

Stangaveiðifélag Reykjavíkur reynir nú að fá lengingu á veiðitímabilið í Elliðaánum vegna þess að eftirspurn félagsmanna eftir leyfum í ánni er miklu meiri en framboðið. Bjarni Júlíusson er formaður félagsins.

Rán í Árbæ er upplýst en aldursmunur geranda og þolanda vakti athygli lögreglu:

# Rannsaka grun um barnavændi

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla rannsakar nú hvort karlmaður á sextugsaldri, sem á sunnudagskvöld var rændur af pilti og stúlku undir tvítugu, hafi falast eftir því að kaupa vændi af stúlkunni. Hún er einungis sextán ára. Maðurinn tilkynnti um ránið til lögreglu á sunnudagskvöld. Hann hafði boðið stúlkunni í heimsókn en þegar hann hleypti henni inn ruddist inn með henni piltur vopnaður hnífi.

Ungmennin hótuðu manninum með hnífnum og blóðugri sprautunál og rændu af honum peningum, sjónvarpi og síma.

Lögregla hefur nú upplýst ránið og ungmennin, sextán ára stúlka og átján ára piltur, hafa játað sök. Sjónvarpið er komið í leitirnar en símanum mun hafa verið hent.

Málinu er þó ekki lokið þar með, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. Maðurinn hafði kynnst stúlkunni á stefnumótalínu og í kjölfarið voru þau í frekari samskiptum á spjallrás áður en þau hittust heima hjá manninum.

Árni segir að samskipti manns á þessum aldri við svo unga stúlku gefi tilefni til að rannsaka hvort mögulega hafi verið um vændi að ræða. Í því skyni hafi verið lagt hald á tölvur þeirra beggja og innihald þeirra verði nú kannað. - sh



**VOPN** Fólkið hótaði manninum meðal annars með blóðugri sprautunál.

Minnst 73 látnir eftir uppþot:

## Harmleikur á fótboltaleik

**EGYPTALAND** Talið er að minnst 73 hafi látist og meira en þúsund manns særst í uppþotum á fótboltaleik í Egyptalandi í gær.

Átök brutust út meðal áhorfenda eftir að leik milli liðanna Al Masry og Al Ahly lauk í borginni Port Said. Fólk hópaðist út á leikvanginn og veittist hvert að öðru með bareflum. Sumir létust af völdum stungusára og óttast er að tala látinna eigi eftir að hækka. Erlendir fjölmiðlar greina frá því að atvikið sé það alvarlegasta í fótboltasögu Egyptalands. - sv



**BROT AF ÞÝFINU** Töluvert magn af þýfi og vopnum fannst við fimm húsleitir hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku.

Þrír menn handteknir:

## Fundu vopn og tölvuert af þýfi

**LÖGREGLUMÁL** Mikið af þýfi og ólöglegum vopnum fannst við röð húsleita lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Þrír menn voru handteknir í tengslum við málin og hafa þeir allir komið við sögu lögreglu áður.

Búið er að tengja þýfið við muni sem stolið var í sjö til átta innbrotum. Í tilkynningu frá lögreglu segir að viðbúið sé að hlutir úr fleiri innbrotum eigi eftir að koma við sögu. Rannsókn málsins miðar vel og unnið er að því að koma hlutunum aftur í réttar hendur. - sv

Foreldrar ósáttir við flutning:

## Formenn hætta í stýrihópnum

**MENNTAMÁL Magnea Lena Björnsdóttir, formaður foreldrafélags Húsaskóla, er hætt í stýrihópi vegna sameiningar unglingadeilda skólans og Hamraskóla. Magnea tilkynnti úrsögn sína á fjölmennum fundi í Hamraskóla í gærkvöld.**

**„Ég trúi ekki lengur á þessa sameiningu," segir Magnea. „Við höfum enn ekki fengið þau svör sem við þurfum." Elín Hjálmsdóttir, formaður foreldrafélags Hamraskóla, sagði sig úr stýrihópnum í síðustu viku.** - sv

**Vatnsendavegur tengir saman Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut**




# Segist munu slökkva ljós á Vatnsendavegi

**Formanni bæjarráðs Kópavogs misbýður ákvörðun Vegagerðinnar um að borga ekki áfram götulýsingu á Vatnsendavegi. OR segist munu slökkva ljósin greiði enginn rafmagnsreikninginn. Vegagerðin segir Vatnsendaveg innanbæjargötu.**

**SAMGÖNGUR** „Okkur er algerlega misboðið," segir Guðríður Arnardóttir, formaður framkvæmdaráðs Kópavogs, sem í gær mótmælti ákvörðun Vegagerðinnar um að hætta að kosta rekstur og viðhald á Vatnsendavegi. Orkuveitan hyggst slökkva á götulýsingunni því enginn vill borga rafmagnsreikninginn.

Að sögn Jónasar Snæbjörnssonar svæðisstjóra hjá Vegagerðinni var gert samkomulag um að Vegagerðin greiddi kostnaðinn í kjölfar þess að Elliðavatnsvegi, sem áður var þjóðvegur, var breytt í það sem nú er nefnt Vatnsendavegur þegar ný hverfi risu í upplöndum Kópavogs. Til hafi staðið að framlengja Arnarnesveg frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut og að hann yrði þjóðvegur. Nú sé ekki fyrirséð að það verði á næstu fimm til sex árum.

„Vegagerðin sagði einhliða upp þessum samningi; að greiða rekstur af vegakerfi sem er ekki þjóðvegur heldur bara innanbæjargötur í Kópavogi," segir Jónas sem kveður kostnaðinn við Vatnsendaveg hafa verið á bilinu átta til tólf milljónir króna á ári. Þar af sé kostnaður við götulýsinguna um fjórðungur.

Jónas segir að eftir að samningnum hafi í september verið sagt upp frá og með áramótum hafi hann átt von á að Kópavogsbær hefði samband við Orkuveituna til að taka við greiðslu reikninga þaðan. Reikningarnir hafi þó haldið áfram að berast til Vegagerðarinnar frá Orkuveitunni. „Úr því að þeir sögðu að Kópavogsbær vildi ekki heldur greiða þá sögðum við að þeir mættu slökkva okkar vegna," segir svæðisstjórinn.

Guðríður Arnardóttir segir hins vegar að Vatnsendavegur sé ekki á ábyrgð sveitarfélagsins heldur Vegagerðarinnar og um það hafi verið gert samkomulag.

„Ef til þess kemur að það verður slökkt á ljósunum á Vatnsendavegi þá varpa ég ábyrgðinni alfarið á Vegagerðina. Og þeir verða að svara fyrir það," segir Guðríður sem auk þess að vera í framkvæmdaráði er formaður bæjarráðs í Kópavogi.

Þess má geta að það sem á við um Vatnsendaveg gildir einnig við um Víkurveg í Reykjavík. Ennfremur vill Vegagerðin ýmsa vegi í þéttbýli út af þjóðvegaskrá, til dæmis Nýbýlaveg, Gullinbrú og Höfðabakka.

Að sögn Guðríðar hafa samskipti bæjaryfirvalda við Vegagerðina ekki verið góð undanfarið. Það eigi við um fleiri mál. „Þetta eru ekki síðustu orð okkar í Kópavogsbæ um þetta mál, það er algjörlega ljóst."

gar@frettabladid.is

Farga þarf 530 kindum:

## Smitefni riðu voru í heilasýni

**LANDBÚNAÐUR Smitefni riðu hafa fundist í heilasýni kindar sem slátrað var í haust. Sýnið var til rannsóknar á tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum. Er þetta fyrsta riðan sem finnst síðan árið 2010.**

**Kindin var frá bænum Merki í Jökuldal. Þar eru um 530 kindur og undirbúningur að hefjast á niðurskurði á öllu fé á bænum.**

**„Riðan er af afbrigðinu NOR 98 og er þetta fjórði bærinn á Íslandi þar sem þetta afbrigði finnst," segir á vef Matvælastofnunar. Bærinn er í svonefndu Héraðshólfi en í því greindist síðast riða árið 1997.** - óká

Vilja hjálp erlendra yfirvalda:

## Flúði land með dóm á bakinu

**LÖGREGLUMÁL** Litháískur karlmaður sem var í farbanni vegna fíkniefnadóms er flúinn úr landi. Yfirvöld hér á landi hafa óskað eftir alþjóðlegri handtökuskipun á hendur honum. Talið er að maðurinn hafi farið með flugi frá Keflavík til Parísar og þaðan áfram til Ríga í Lettlandi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu bendir allt til þess að maðurinn hafi fengið aðstoð frá útlöndum við að komast af landi brott.

Maðurinn var einn þriggja Litháa sem dæmdir voru fyrir vörslu og framleiðslu fíkniefna í sumarbústað í Ölfusborgum í október í fyrra. - sv

**VÍKINGALOTTÓ**

**Danir fengu stóra vinninginn**

Tveir Danir skiptu með sér fyrsta vinningi Víkingalottósins í gær. Potturinn var tvöfaldur og hlaut hvor tæpar 130 milljónir króna í vinning. Einn fékk bónusvinninginn íslenska á áskriftarmiða og fær rúmar fimm milljónir króna.




Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu aukin eldsneytisgjöld á Alþingi:

# Álagning olíufélaganna líklega skoðuð

**ALÞINGI** Verð á eldsneyti hefur aldrei verið hærra hér á landi en nú. Málið var tekið fyrir á Alþingi í gær og gagnrýndu þingmenn skattastefnu ríkisstjórnarinnar harðlega vegna aukinna álagna á eldsneytisverð. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, er tilbúinn að leggja málið fyrir nefndina.

Meðal þeirra sem létu hörð orð falla um ríkisstjórnina voru Bjarni Benediktsson og Guðlaugur Þór Þórðarson. Guðlaugur benti á að skattar og gjöld á eldsneyti hefðu hækkað um nærri helming á lítra síðan um áramót. Hann hvatti Helga Hjörvar, formann efnahags- og viðskiptanefndar, til að beita sér fyrir því að endurskoða skattastefnuna.

Helgi benti á að vöruverð hefði farið hækkandi vegna íslensku krónunnar og rýrnun hennar frá ári til árs. Nauðsynlegt væri að hafa í huga þann vítahring sem skapast gæti við miklar kaupgjaldshækkanir sem leiddu af sér miklar verðlagshækkanir. Hann tók undir að full ástæða væri til að hafa áhyggjur af hækkandi bensínverði.

„En þá kannski ekki síður þætti álagningarinnar í bensínverðinu," sagði hann og bætti við að hann væri tilbúinn að taka málið inn í nefndina til að fara yfir þátt álagningar olíufélaganna og áhrif tæpar gjaldanna og þróunar verðs á heimsmörkuðunum á olíuverðið. - sv



HELGI HJÖRVAR



BJARNI BENEDIKTSSON



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON


Kringlan
ÚTSALA
Lokahelgin
Götumarkaður
og ótrúlegt verð!
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS

## GENGIÐ 01.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,91 | 123,49 |
| Sterlingspund | 193,61 | 194,55 |
| Evra | 161,28 | 162,18 |
| Dönsk króna | 21,693 | 21,819 |
| Norsk króna | 21,095 | 21,219 |
| Sænsk króna | 18,166 | 18,272 |
| Japanskt jen | 1,6149 | 1,6243 |
| SDR | 190,29 | 191,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 222,0485

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðalmeðferð í máli fyrrverandi bankastjóra gegn Landsbankanum fór fram í gær:

# Tekist á um lífeyrissparnað Sigurjóns

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð fór fram í máli Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, gegn bankanum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í málinu er tekist á um lögmæti einkalífeyrissjóðs Sigurjóns, en hann færði sparnað sinn frá Íslenska lífeyrissjóðnum í sjóð í eigin nafni í apríl 2008.

Forsaga málsins er sú að í nóvember 2008 gaf Sigurjón út tvö veðskuldabréf, samtals að fjárhæð 70 milljóna króna, sem hann seldi eigin lífeyrissjóði. Í kjölfarið krafðist Fjármálaeftirlitið þess að Landsbankinn myndi slíta lífeyrissjóðnum þar sem hann gengi í berhögg við lög. Þessu hefur Sigurjón andmælt og krefst fyrir dómi viðurkenningar á samningi milli hans og bankans um lífeyrissparnaðinn og afhendingar á skuldabréfum sem keypt voru fyrir þennan sama sparnað.



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON

Athygli vekur að frá því í apríl 2008 til september 2011 hækkaði lífeyrissparnaður Sigurjóns úr 108 milljónum króna í 566 milljónir. Stór hluti hækkunarinnar á verðmæti sjóðsins er til kominn vegna gengishagnaðar en Sigurjón keypti skuldabréf í erlendri mynt í ágúst 2008. Var þar um að ræða skuldabréf frá rússneska olíurisanum Gazprom og orkufyrirtækinu TAQA frá Abú Dabí. Þó ber að geta þess að Sigurjón lagði 200 milljónir til viðbótar inn í sjóðinn á árinu 2008. - þþ

Neytendastofa bannar afnot:

# Mátti vera ljós ruglingshætta

**VIÐSKIPTI** Daðason & Biering hefur verið bannað að nota heitið Ísbú og lénið isbu.is. Neytendastofa komst að þessu eftir að hafa brugðist við kvörtun Ísbús Alþjóðaviðskipta.

„Taldi Neytendastofa að Daðason & Biering hefði mátt vera ljóst að skráning og notkun á léninu og heitinu gæti valdið ruglingi,“ segir á vef Neytendastofu. Bæði fyrirtæki hafa með höndum smásöluverslun sem Neytendastofa telur að mörgu leyti beinast að bændum. - óká



**ÚR LEIK** Gæsluskipin Ægir og Týr verða við gæslustörf þurfi Þór að fara í viðgerð í Noregi. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Viðgerðir á Þór ganga illa:

# Fer líklega utan til viðgerðar

**BJÖRGUN** Ekki hefur gengið að laga óeðlilegan titring í vél varðskipsins Þórs þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sérfræðinga frá Rolls Royce verksmiðjunum. Líklegt er að skipið þurfi að fara til Noregs til viðgerðar, að því er segir á vef Landhelgisgæslu Íslands.

Í ljós kom í desember að titringur í annarri af aðalvélum Þórs var yfir viðmiðunarmörkum frá Rolls Royce, sem framleiddi vélarnar. Þær eru í ábyrgð hjá verksmiðjunum. Tilraunir til að gera við vélarnar hér á landi skiluðu ekki tilætluðum árangri.

Verði skipið sent til Noregs til viðgerðar verður það væntanlega frá í nokkrar vikur. - bj

## LEIÐRÉTT

Ekki er rétt sem sagði í blaðinu í gær að bæjarstjórn Norðurþings hafi ákveðið að samþykkja ekki að stækka blandað svæði hefðbundinnar hafnarstarfsemi og annarrar atvinnustarfsemi í Húsavíkurhöfn. Hins vegar hafði skipulagsnefnd sveitarfélagsins lagt til að hætt yrði við breytinguna en bæjarstjórnin féllst ekki á það.

Í frétt um að Anna Hildur Hildibrandsdóttir hafi tekið við starfi hjá NOMEX kom fram að dönsk yfirvöld hefðu lagt tvær milljónir danskra króna í NOMEX. Hið rétta er að Norræna ráðherranefndin lagði fram peningana.

# Börn eru seld mansali á Norðurlöndum

**Barnasáttmáli SÞ ætti að stýra nálgun stjórnvalda á mansali á börnum. Hundruð barna á Norðurlöndunum hafa verið fórnarlömb undanfarin ár. UNICEF hvetur íslensk stjórnvöld til að klára fullgildingu á alþjóðasamningum.**

**VELFERÐARMÁL** Hundruð barna hafa verið seld mansali á Norðurlöndunum frá árinu 2006, en engin slík mál hafa komið upp á yfirborðið á Íslandi. Þetta kemur meðal annars fram í nýrri skýrslu UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, um viðbrögð Norðurlandanna við mansali á börnum. Skýrslan var kynnt í gær.

Erfitt er að afla nákvæmra gagna um umfang mansals á börnum og löndin taka mismunandi upplýsingar saman. 217 börn voru skilgreind sem möguleg fórnarlömb mansals í Noregi á árunum 2007 til 2009. Frá 2006 til 2009 voru níu börn staðfest fórnarlömb í Finnlandi og þrettán til viðbótar talin möguleg fórnarlömb. Á sama tímabili var tilkynnt um 170 mansalsmál gegn börnum í Svíþjóð. Í Danmörku voru málin tvö.

Öll Norðurlöndin hafa sýnt mikla viðleitni til að taka á þessum málum. Breytingar hafa verið gerðar á lögum og sérhæfðum stofnunum komið á fót.

Áherslan hjá stjórnvöldum á að vera á eðli misnotkunar en ekki hvernig barn lenti í viðkomandi aðstæðum, samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar. Grundvallarreglur Barnasáttmálans, að gera það sem barni er fyrir bestu, að mismuna ekki börnum og að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós, ættu að stýra nálgun stjórnvalda í þessum málum. Með honum er hægt að vernda öll bágstödd börn, sagði Gordon Alexander, yfirmaður rannsóknamiðstöðvar UNICEF, við kynningu skýrslunnar.

Nú er það svo að börn séu flokkuð eftir því hvort þau séu staðfest fórnarlömb mansals eða annað, til dæmis flóttamenn með eða án foreldra, fórnarlömb annarra glæpa og svo framvegis. Þessi flokkun getur haft áhrif á hvernig meðferð og þjónustu þau fá. Neyð barna sem ekki eru fórnarlömb mansals getur hins vegar verið alveg jafn mikil og hinna.

thorunn@frettabladid.is

## Það sem Ísland ætti að bæta

Í skýrslunni eru fjögur atriði nefnd sem sérstök úrlausnarefni fyrir Ísland. Í fyrsta lagi er mælt með því að Ísland fullgildi samning Evrópuráðsins um mansal og samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Kveðið er á um fullgildingu þessara samninga í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn mansali, og vinna við það stendur yfir í innanríkisráðuneytinu. Þá er mælst til þess að þeir dómstólar sem geta það nýti sér alltaf þjónustu Barnahúss, en nú eru dómstólar og lögregla ekki skylduð til að gera það. Þá er lagt til að reglu um að börn eldri en tólf ára fái að tjá sig um mál sín verði breytt og sá aldur lækkaður.





**SJÁLFLÝSANDI** Kettirnir virðast eðlilegir í dagsbirtu en verða sjálflýsandi grænir við ákveðin birtuskilyrði. MYND/MAYO CLINIC

Genarannsóknir á HIV-veiru:

# Gerðu þrjá ketti sjálflýsandi

**VÍSINDI Bandarískir vísindamenn hafa breytt erfðaefni þriggja katta með þeim afleiðingum að þeir urðu sjálflýsandi. Tilgangurinn var þó ekki að hanna áhugaverðari gæludýr, þar sem tilraunin mun nýtast við rannsóknir á HIV-veirunni.**

**Vísindamennirnir skeyttu prótíni úr marglyttu saman við vírus, sem síðan var sprautað í þrjú frjóvguð egg læðu. Kettirnir þrír líta eðlilega út nema þegar ákveðnum ljósgeislum er beint að þeim, en þá verða þeir fagurgrænir og sjálflýsandi. Tilrauninni er ætlað að auka skilning á því hvernig flytja megi erfðaefni á milli lífvera.** - bj

Hjallastefnan átti lægsta boð:

# Starfa í Eyjum

**MENNTUN** Hjallastefnan átti lægsta tilboð í rekstur leikskólans Sóla í Vestmannaeyjum. Stýrihópur á vegum bæjarins leggur til að gengið verði til samninga við Hjallastefnuna.

Þrjú tilboð bárust og uppfylltu tvö sett skilyrði sem sett voru. Hjallastefnan bauð dvalargildi á 11.905 krónur, en önnur tilboð hljóðuðu upp á 12.449 krónur og 14.440 krónur. - þeb






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**RYSJÓTT** Febrúar heilsar með hverri lægðinni á fætur annarri, það skiptast á skin og skúrir. Í dag verður vætusamt, síst N-til. Á morgun léttir til og lægir en á laugardaginn hvessir á ný S-til með rigningu sunnanlands en éljum annars staðar, síst NA-lands.







**Á MORGUN**
10-15 m/s V-til, annars hægari vindur.




**LAUGARDAGUR**
Snýst í stífa SV-átt sunnantil.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 11° |
| Basel | -2° |
| Berlín | -8° |
| Billund | -3° |
| Frankfurt | -5° |
| Friedrichshafen | -8° |
| Gautaborg | -5° |
| Kaupmannahöfn | -5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 2° |
| Mallorca | 8° |
| New York | 7° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -10° |
| París | -2° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Opið til
21
í kvöld

# Götu markaður

1.-5. febrúar

Nú eru síðustu forvöð að gera frábær kaup á útsölunni í Smáralind.

Láttu ekki gullið tækifæri framhjá þér fara!

Sjáumst í útsölustuði, Smáralind




smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú fylgjandi því að lögum um líffæragjafir verði breytt þannig að gengið sé út frá samþykki látinna?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,4% |
| Nei | 26,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú verið á sjó?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Íbúar í Malmö skelkaðir vegna ofbeldisglæpa síðustu ára:

# Árás beint gegn lögreglunni

**SVÍÞJÓÐ** Sprengjutilræðið við lögreglustöð í Malmö í gær var að öllum líkindum hefndaraðgerð glæpagengis. Undanfarin ár hafa nokkrar skotárásir og sprengjuárásir verið gerðar á lögreglustöðvar í Malmö.

Sprengjan sprakk í fyrrinótt um hálfþrjúleytið. Engan sakaði en byggingin er mikið skemmd.

Lögreglan segist hafa upplýsingar um að einn eða tveir menn hafi staðið að árásinni og vitað sé í hvaða átt þeir flúðu, en vildi lítið annað gefa upp.

Tvær skotárásir voru gerðar á lögreglustöðvar í Malmö á síðasta ári og ein árið 2010.

Íbúar í Malmö eru óttaslegnir vegna ofbeldisglæpa sem hafa verið algengir þar í borg síðustu árin.

Síðustu tvo mánuði hafa sex manns látist í skotárásum í Malmö. Síðast á þriðjudag var 48 ára maður myrtur í skotárás í Malmö. Lögreglan telur að það morð tengist starfsemi skipulagðra glæpagengja í borginni.

Ákveðið hefur verið að efla löggæslu í Malmö af þessu tilefni, en yfirvöld segja þó að ofbeldisglæpir séu ekki algengari í Malmö en öðrum stærri borgum Svíþjóðar, sé miðað við höfðatölu. **- gb**



**FRÁ MALMÖ** Árásir á lögreglustöðvar hafa verið nokkrar síðustu árin. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur fallinn í Noregi:

## Hugðust ráðast á skopteiknara

**NOREGUR, AP** Tveir menn, Mikael Duvud og Shawan Sadek Saeed Bujak, voru dæmdir í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að hafa skipulagt hryðjuverk í Danmörku.

Sannað þótti að þeir hafi ætlað að gera árás með sprengjum á skrifstofur danska dagblaðsins Jyllandsposten og á einn þeirra skopmyndateiknara sem gerðu skopmyndir af Múhameð spámanni, sem birtust í blaðinu haustið 2005. Þriðji maðurinn hlaut styttri dóm fyrir að hafa útvegað þeim sprengiefni. **- gb**

Prófuðu fjarstýrða byssukúlu:

## Hittir skotmark sitt á 2 km færi

**BANDARÍKIN** Bandaríski vopnaframleiðandinn Sandia hefur hannað fjarstýrða byssukúlu sem getur hæft skotmörk í allt að tveggja kílómetra fjarlægð. Kúlan er hönnuð fyrir bandaríska herinn.

Byssukúlan lítur út eins og 10 sentimetra langt flugskeyti. Hún fær kraft sinn úr hefðbundinni púðurhleðslu eins og aðrar byssukúlur, samkvæmt frétt BBC. Kúlunni er stýrt í mark sem lýst hefur verið upp með þar til gerðum leysigeisla.

Sérfræðingar vara við hættu sem þessi nýjung gæti valdið í höndum óprúttinna einstaklinga þar sem hún gæti auðveldað skotárás af löngu færi. **- bj**

ESB-skip í smyglleiðöngrum:

## Vopn og fíkniefni um borð

**SVÍÞJÓÐ Yfir 60 prósent þeirra skipa sem notuð eru til að smygla vopnum og fíkniefnum eru í eigu fyrirtækja innan Evrópusambandslandanna og eða Natólanda, að því er niðurstöður könnunar alþjóðlegu friðarstofnunarinnar Sipri í Stokkhólmi sýna.**

**Mörg skipanna sigla undir fána Panama, Líberíu og Belize.**

**Könnun Sipris leiðir í ljós að skip í eigu þýskra fyrirtækja hafa komið við sögu í 20 prósentum skráðra tilfella um vopna- og fíkniefnasmygl, grísk skip koma við sögu í yfir 10 prósentum tilfella og bandarísk í átta prósentum tilfella.** **- ibs**

# Hægt að beisla verðbólguna með evru eða Tobin-skatti

**Árið 2003 er eini tíminn sem Seðlabankinn hefur náð verðbólgumarkmiði sínu. Gylfi Zoëga hagfræðingur segir gengisbreytingar hafa mikil áhrif á verð hér. Skattleggja verði gjaldeyrisviðskipti eða taka upp evru.**

**EFNAHAGSMÁL** Náin tengsl breytinga á gengi krónunnar og verðbólgu hafa orðið til þess að rýra trúverðugleika Seðlabankans. Þetta kemur fram í nýrri grein Gylfa Zoëga hagfræðiprófessors í nýjasta hefti efnahagsritsins Vísbendingar. Gylfi, sem sæti á í peningastefnunefnd Seðlabankans, bendir á að árið 2003 sé eini tíminn þar sem bankinn hafi náð verðbólgumarkmiði sínu.

Í grein sinni kemst Gylfi að þeirri niðurstöðu að stöðugt gengi sé forsenda fyrir stöðugu verðlagi hér á landi, enda séu náin tengsl gengis og verðlags einkennandi fyrir mjög lítil hagkerfi og útskýri mikla og sveiflukennda verðbólgu í þeim löndum.

„Kerfi með föstu gengi myndi því framkalla stöðugra verðlag og gera afnám verðtryggingar mögulegt," segir Gylfi og telur þátttöku í evrópska myntsamstarfinu virðast eina framkvæmanlega fastgengiskerfið. „Valið stendur því á milli þess að taka þátt í evrusamstarfi eða hafa fljótandi gengi með Tobin-skatti og öðrum aðgerðum sem ætlað er að draga úr sveiflum á gengi krónunnar."

Gylfi vísar til niðurstöðu nýlegrar ritgerðar um að gengisbreytingar hafi meiri áhrif á verðákvarðanir hér en í öðrum þróuðum ríkjum. „Fyrirtæki sem nota innflutt aðföng breyta verði í kjölfar gengisbreytinga og önnur fyrirtæki fara svo eftir þróun verðvísitölu neysluverðs."

Til þess að taka á sveiflum krónunnar með viðskiptakjörum og spákaupmennsku á markaði, mætti taka upp fyrrnefndan Tobin-skatt á gjaldeyrisviðskipti. Og þar sem hann feli ekki í sér magntakmarkanir segir Gylfi hann samræmast reglum EES-samningsins. Skatturinn komi því vel til greina sem hluti af endurbættu peningakerfi í kjölfar þess að gjaldeyrishöft verði afnumin.

Tekjur af Tobin skatti gætu orðið verulegar, auk þess sem með honum fengi Seðlabankinn öflugra tæki til að hafa áhrif á hagþróun, að mati Gylfa. Hann bendir á að eins prósents skattur á kaup og sölu gjaldeyris, ofan á það sem til dæmis Arion banki ákvæði, fæli í sér að vildi fjárfestir kaupa krónur í byrjun viku og selja í lok hennar jafngilti skatturinn 180 prósenta kostnaði á ársgrundvelli. Því þyrfti vaxtamunur að nema 180 prósentum hið minnsta til að það borgaði sig að stunda spákaupmennsku.

**olikr@frettabladid.is**

### Tobin-skattur?

Nóbelsverðlaunahagfræðingurinn James Tobin stakk árið 1972 upp á skatti á gjaldeyrisviðskipti sem síðan var við hann kenndur. Með Tobin-skatti eru skattlögð einstök viðskipti þar sem einum gjaldmiðli er skipt í annan. Með þessu er sett viðbótargjald á gjaldeyrissnúninga til þess að draga úr sveiflum gjaldmiðla. Nicholas Sarkozy Frakklandsforseti tilkynnti í byrjun vikunnar að frá og með ágúst yrði tekinn upp 0,1 prósents skattur á fjármagnsflutninga þar í landi, hvort sem Tobin-skattar yrðu teknir upp annars staðar í ESB-löndum eður ei.



**SNJÓMOKSTUR** Einhver kynni að líkja baráttunni við verðbólgu hér á landi við eilífðarmokstur. Í nýrri grein í Vísbendingu segir Gylfi Zoëga, hagfræðingur sem sæti á í peningastefnunefnd Seðlabankans, tvær færar leiðir í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> Kerfi með föstu gengi myndi því framkalla stöðugra verðlag og gera afnám verðtryggingar mögulegt.

**GYLFI ZOËGA**
HAGFRÆÐINGUR


# VITA® ofnar



VITA handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm 7.990



VITA handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm 18.990

CE

EURONORM EN 442

Kletthálsi Rvk
Akureyri
Reykjanesbæ
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Lögregla telur næsta víst að maður sem sést á upptöku beri ábyrgð á sprengju:

# Bílnúmerið ógreinilegt á upptökunni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglu hafði í gærkvöldi enn ekki tekist að hafa hendur í hári þess sem talinn er hafa sprengt heimatilbúna sprengju á Hverfisgötu snemma á miðvikudagsmorgun.

Vitni hefur greint frá því að skömmu eftir að sprengjan sprakk hafi það séð lágvaxinn, feitlaginn mann á miðjum aldri hlaupa af vettvangi og aka brott á litlum, hvítum sendiferðabíl.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sýnir upptaka úr öryggismyndavél skammt frá mann á hlaupum setjast upp í bíl og aka á brott. Vettvangurinn sjálfur og sprengingin sést hins vegar ekki á upptökunum.

Lögregla telur yfirgnæfandi líkur á að maðurinn á myndskeiðinu beri ábyrgð á sprengingunni og hefur lagt mikið kapp á að hafa uppi á honum.

Á upptökunni er auðvelt að greina gerð bílsins en bílnúmerið er ógreinilegra og það hefur torveldað leitina.

Athygli hefur vakið að lögregla kom ekki á vettvang og girti af svæðið í kringum hann fyrr en um tveimur klukkustundum eftir að fyrsta ábending barst um sprenginguna.

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir að mistök hafi valdið því að fyrsta ábendingin var ekki tekin nógu alvarlega. Þau vinnubrögð verði könnuð sérstaklega. **- sh**







**ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að karlmanni og hvítri Renault Kangoo sendibifreið í tengslum við rannsókn hennar á sprengju sem fannst neðst á Hverfisgötu í fyrradag. Lögregla vinnur úr ábendingum og hefur meðal annars haft tal af manni sem auglýst var eftir, en hann var á biðstöð fyrir strætisvagna neðst á Hverfisgötu. MYNDIR/LÖGREGLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Í form á 40 dögum inniheldur verkefnabók, DVD og CD. Lærðu að hægja á öldrun, léttast og forðast lífstílssjúkdóma!

# Í form á 40 dögum



Jónína Ben er íþróttafræðingur frá Mc Gill University í Kanada þar sem hún lagði sérstaka áherslu á lífeðlisfræði og líffærafræði. Hún hefur verið frumkvöðull í heilsurækt sl. 30 ár og færði Íslendingum meðal annars eróbik, pallaleikfimi, spinning, m-r-l kerfið og nú síðast detoxmeðferðina.

**KYNNINGAR**
FIM. KL. 16-18 KRINGLUNNI
FÖS. KL. 16-18 SMÁRALIND

## Kynningarfyrirlestur á Grand hótel kl. 15 laugardaginn 4. febrúar



„Jónínu kynntist ég í júlí 2010, var 167 kíló þegar hún sagði: „Benedikt, við tökum þetta allt af þér." Ég trúði ekki að það væri hægt, var búinn að gefast upp andlega. Núna, 70 kílóum síðar, veit ég betur. Hennar aðferðir einfaldlega virka."
Benedikt Franklínsson
44 ára kjötiðnaðarmaður



„Jónína Ben er frábær leiðbeinandi um betri lífshætti og hollustu. Hugsun mín varðandi mat og heilbrigði er gerbreytt. Núna er ekkert „drasl" í eldhúsinu og því fylgir bæði vellíðan og betra útlit."
Iðunn Angela Andrésdóttir
60 ára kaupmaður

**Heilbrigt líf** er hvorki sjálfsagt né sjálfgefið. Það er vinna að viðhalda heilbrigði. Í form á 40 dögum er áskorun um að taka slíka ákvörðun. Það er undir þér komið að snúa heilsunni þér í hag - en hér færðu verkfærin sem styðja þig og efla.

Verkefnið **Í form á 40 dögum** byggir á fyrirlestrum, hugleiðingum, ítarlegri verkefnabók og miklum stuðningi á heilsuvefnum www.nordichealth.is

Á DVD disknum eru fimm fyrirlestrar: Þeir fjalla um mataræði, hugarfar, umhverfi, hreyfingu og erfðir. Hljóðdisknum er ætlað að aðstoða þig við að hvílast og slaka á. Verkefnabókin inniheldur margvíslegan fróðleik um þau efnisatriði sem eru í fyrirlestrunum. Henni er ætlað að leiða þig áfram í gegnum dagana 40 sem verkefnið stendur yfir. Hverjum degi tilheyrir ein opna með upplýsingum og verklegum æfingum.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mikið hefur verð á bensíni hækkað frá áramótum?
2. Hvenær hófst litla ísöldin?
3. Hvaða erlendi leiklistarskóli heldur inntökupróf á Íslandi?

SVÖR:
1. Um 18 krónur. 2. Á árabilinu 1275 til 1300. 3. Film-Teaterskolen Holberg.

Menntastefna um notkun spjaldtölva í íslensku skólastarfi:

# Rætt um möguleika spjaldtölva

**MENNTUN** Spjaldtölvur þykja bjóða upp á fjölmarga möguleika í skólastarfi. Þróunin í þá átt er þegar hafin víða erlendis og nú þegar hafa skólar á Íslandi tekið fyrstu skrefin.

Menntastefna um spjaldtölvur í íslensku skólastarfi fer fram í dag á Grand hóteli og stendur frá klukkan 9 til 17. Epli.is efnir til þessarar ráðstefnu, en meðal þeirra sem munu koma þar fram eru Rasmus Borch, frá Odder í Danmörku, en þar hefur verið fjárfest í 2.500 spjaldtölvum handa öllum nemendum og kennurum sveitarfélagsins. Hann mun kynna kennslufræðilegt sjónarhorn á spjaldtölvunotkun og ávinninginn sem bæjaryfirvöld telja sig hljóta af slíku. Þá mun Daryl Hawes frá Bandaríkjunum kynna lausnir og stuðning Apple við skóla og menntastofnanir sem notast við spjaldtölvur.

Loks mun Rakel Sölvadóttir, fulltrúi Hjallastefnunnar, kynna áform fyrirtækisins um notkun spjaldtölva í skólum þeirra.

Þar að auki verður fjöldi vinnustofa á ráðstefnunni þar sem meðal annars verða kynnt hin ýmsu tilraunaverkefni um notkun tölva og spjaldtölva í skólum landsins. **- þj**



**IPAD** Spjaldtölvur eins og iPad eru sífellt að ryðja sér frekar til rúms í skólastarfi um allan heim. Menntastefna verður haldin í dag um möguleikana í þeim efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heróínfundur í háskóla:

# Meint heróín var verkjalyf

**DANMÖRK** Danska lögreglan hefur nú greint frá því að þau nær 14 kíló af brúnu heróíni sem fundust nýlega í Háskólanum í Kaupmannahöfn hafi alls ekki verið heróín heldur lyf í duftformi við höfuðverk.

Lögreglan segir hins vegar að hægt sé að nota duftið til þess að blanda saman við hreint heróín og það hafi stundum verið gert.

Húsvörður Kaupmannahafnarháskóla var handtekinn í Þýskalandi í byrjun janúar vegna gruns um fíkniefnabrot. **- ibs**



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnar fyrsta verkefni setursins á laugardag, sýninguna „Yndislestur æsku minnar“.

Barnabókasetur við HA:

# Barnabækur rannsakaðar

**AKUREYRI** Barnabókasetur, rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna, verður opnað við Háskólann á Akureyri á laugardag. Markmiðið með setrinu er að stunda rannsóknir og fræðslu um barnabókmenntir og lestur á Íslandi og að vinna að framgangi lestrarmenningar meðal barna og unglinga. Þá mun setrið einnig standa fyrir málþingum og styðja að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri standa að Barnabókasetrinu auk háskólans. **- sv**

## ÍTALÍA

### Leit hætt í Costa Concordia

Aðstæður eru taldar orðnar of hættulegar í þeim hluta farþegaskipsins Costa Concordia sem er á kafi í sjó. Því hefur verið blásin af leit kafara í skipinu. Fimmtán er þó enn saknað. Skipið steytti á skeri við vesturströnd Ítalíu um miðjan janúar.

## KÓPAVOGUR

### Garðlönd hækka um 60%

Framkvæmdaráð Kópavogs hefur samþykkt að hækka leigu í garðlöndum bæjarins um 60 prósent milli ára. Þannig hækkar 25 fermetra matjurtarskiki úr 2.500 krónum í 4.000 krónur næsta sumar.

# Flóttafólk undirbýr heimferð til Búrma

**Óvæntar og hraðar lýðræðisumbætur virðast hafa orðið í Búrma, landi herforingjastjórnar sem áratugum saman hefur kúgað landsmenn. Nú eru þúsundir flóttamanna í nágrannaríkjunum farnir að huga að því að snúa aftur heim.**

**BÚRMA, AP** „Það er mjög auðvelt að undirrita friðarsamning. Þú getur gert það á fáeinum mínútum. En framkvæmdin er annað mál,“ segir Simon Htoo, prestur karenaþjóðflokksins að lokinni messu í fimmtíu þúsund manna flóttabúðum í Taílandi, rétt handan landamæra Búrma.

Framkvæmdin, segir hann, ræðst ekki af „brosinu á andlitum þeirra heldur einlægni þeirra, því sem í raun býr í hjörtum þeirra“.

Í messunni stuttu áður hafði hann talað af ákefð um vonina, sem hefur vaknað eftir að herforingjastjórnin í Búrma breytti skyndilega um tón, tók að boða frið og sættir eftir áratuga kúgun.

„Stríð á sér sinn tíma, og friður á sér sinn tíma. Sextíu og þrjú ár eru nógu langur tími fyrir dráp,“ sagði hann í predikun sinni. „Ég vonast til að sjá ykkur öll fljótlega í landinu okkar fagra.“

Karenar í útlegð eru farnir að hugsa sér til heimferðar. Þeir hafa í 63 ár barist hatrammri baráttu fyrir aukinni sjálfstjórn við stjórnarherinn í Búrma. Fyrir nokkrum vikum var undirritað friðarsamkomulag, og þótt tortryggni gæti enn þá sjá menn fyrir sér breytta tíma.

Fleiri þjóðflokkar, sem átt hafa í áratugalangri baráttu gegn kúgunaröflum stjórnvalda í Búrma, hafa undirritað friðarsamninga síðustu vikurnar. Átökin undanfarna áratugi hafa oft verið hörð og talið er að um þrjár milljónir flóttamanna frá Búrma séu nú í öðrum löndum, flestir í Taílandi og öðrum nágrannaríkjum.

Valdaskipti urðu í herforingjastjórninni eftir kosningar árið 2010. Síðan þá hafa stjórnvöld boðað og innleitt ýmsar umbætur í mannréttindamálum og í lýðræðisátt. Hundruð pólitískra fanga hafa verið látin laus, dregið hefur úr ritskoðun og starfsemi verkalýðsfélaga er nú heimiluð.

Þessar umbætur hafa komið mörgum á óvart, en bæði stjórnarandstæðingar í Búrma og alþjóðasamfélagið hefur tekið þeim fagnandi. Seint á síðasta ári tóku Bandaríkin stjórnvöld í Búrma í sátt og Bandalag Suðaustur-Asíuríkja hefur fallist á að Búrma fái forsæti í samtökunum árið 2014.

Enn er þó mikil óvissa um framhaldið. Enn sitja hundruð pólitískra fanga í fangelsi í Búrma og herforingjastjórnin heldur enn um valdataumana.

gudsteinn@frettabladid.is




**KARENAR Í TAÍLANDI** Ungir karenar í guðsþjónustu í flóttamannabúðum, þar sem presturinn ræddi um heimferðir. NORDICPHOTOS/AFP

> Stríð á sér sinn tíma, og friður á sér sinn tíma. Sextíu og þrjú ár eru nógu langur tími fyrir dráp.
>
> SIMON HTOO
> PRESTUR KARENAÞJÓÐFLOKKSINS

15 handteknir í Svíþjóð:

# Með barnaklám í tölvum

**SVÍÞJÓÐ Fimmtán voru handteknir í fyrradag á sautján stöðum í Svíþjóð vegna gruns um vörslu barnakláms. Öllum nema einum var sleppt að loknum yfirheyrslum en þeir liggja enn undir grun um að hafa sent og eða tekið við barnaklámi, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins.**

**Þá fann lögreglan tölvur með 20 þúsund myndum með barnaníði og 127 hreyfimyndum. Rannsóknin leiddi í ljós að einn maður hafði sent myndirnar til fjölda manns og það voru þeir sem handteknir voru í fyrradag.** **- ibs**

Umboðsmaður á Akureyri:

# Útibú opnar á mánudaginn

**FJÁRMÁL** Nýtt útibú umboðsmanns skuldara á Akureyri verður opnað á mánudag. Þar verða starfandi tveir ráðgjafar.

Í tilkynningu frá umboðsmanni skuldara segir að það sé von hans að embættið muni eiga gott samstarf við fyrirtæki á Akureyri við að aðstoða einstaklinga í greiðsluerfiðleikum.

Þetta er annað útibúið sem umboðsmaður skuldara opnar utan Reykjavíkur. Útibú umboðsmanns í Reykjanesbæ opnaði í desember 2010. **- bj**

Hefur unnið í fangelsinu:

# Lífstíðarfangi vill fá sumarfrí

**SVÍÞJÓÐ Rúmlega þrítug kona sem er í lífstíðarfangelsi í Svíþjóð hefur kvartað yfir því við yfirvöld að hún fái ekki sumarleyfi.**

**Konan var dæmd árið 2005 fyrir að myrða fyrrverandi kærasta sinn. Frá því í febrúar 2010 hefur hún verið í vinnu í fangelsinu og finnst nú tímabært að hún fái frí. Hún segir vinnulöggjöf eiga að gilda og hún eigi allavega að fá borgaða frídaga sem hún hefði annars fengið í venjulegri vinnu. Fangelsisyfirvöld eru ósammála þeirri túlkun.** **- þeb**






Frestur til að skila inn bindandi tilboðum í Iceland Foods liðinn:

# Ákvörðun tekin á næstu dögum

**VIÐSKIPTI** Frestur til að skila bindandi tilboðum í hlut þrotabúa Landsbankans, sem á 67%, og Glitnis, sem á 10%, í Iceland Foods rann út á þriðjudagskvöld.

Söluferlið hefur staðið yfir um nokkurra mánaða skeið. Alþjóðlegu stórbankarnir UBS og Bank of America Merril Lynch hafa haft umsjón með því og veitt þrotabúunum ráðgjöf.

Í breskum fjölmiðlum hefur því verið haldið fram að þau vilji fá hátt í 1,2 milljarða punda, um 224 milljarða króna, fyrir hlut sinn. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi þrotabús Landsbankans, segist ekkert geta gefið upp um hversu mörg eða há tilboðin voru né hverjir það voru sem skiluðu þeim inn.



MALCOLM WALKER

Reuters-fréttastofan greindi frá því í gær að búist hafi verið við því að fjárfestingasjóðirnir Bain Capital og BC Partners myndu skila inn tilboðum. Þá hafi verið áhugi til staðar hjá Wm Morrison-matvörukeðjunni að kaupa hlutinn auk þess sem Malcolm Walker, forstjóri og minnihlutaeigandi í Iceland, hefur unnið að því að koma saman tilboðshóp.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu stjórnendur þrotabúanna, ásamt ráðgjöfum sínum, nú taka sér nokkra daga til að fara yfir hvort tilboðin sem skilað var inn séu þess eðlis að vert sé að fara í frekari viðræður. Komist þeir að því að svo sé munu frekari viðræður fara fram. Enn er ekki útilokað að hætt verði við söluna.

Iceland Foods er langstærsta seljanlega eign þrotabús Landsbankans. Keðjan er með um 2,1% markaðshlutdeild í Bretlandi og selur vörur árlega fyrir á fimmta hundrað milljarða króna. **- þsj**

# RISA ÚTSÖLU

## lýkur um helgina!




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

HÚSASMIÐJAN

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Opin ráðstefna á vegum verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

**Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA): Hugmyndafræði, framkvæmd, skipulag, samningar og fjármögnun.**

Stöðuúttekt á vinnu verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og lýsing á verklagi í fyrsta áfanga verkefnisins.

Haldin 10. febrúar 2012 kl. 11.00-16.00 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

**Skráning á http://www.vel.is/npa**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 10.30-11.00 | *Skráning* |
| 11.00-11.10 | *Ávarp*<br>Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra. |
| 11.10 - 12.20 | *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – leiðbeiningar um framkvæmd fyrir þjónustusvæði, sveitarfélög, notendur og aðstoðarfólk.*<br>Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður og formaður verkefnisstjórnar NPA. |
| 12.10-12.30 | *Fyrirkomulag við ráðningar á aðstoðarfólki - ráðningarsamningar, kaup og kjör.*<br>Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. |
| 12.30-12.40 | *Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að greiðslum vegna NPA.*<br>Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í innan ríkisráðuneytinu. |
| 12.40-13.30 | *Léttar veitingar.* |
| 13.30-13.55 | *Hugmyndafræði NPA.*<br>Freyja Haraldsdóttir og Embla Ágústsdóttir, frá NPA-miðstöðinni. |
| 13.55-14.15 | *Hvernig ber fólk sig að? Framkvæmd NPA hjá þjónustusvæðum og sveitarfélögum.*<br>Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri. |
| 14.15-14.40 | *Þjónustusamningar milli notenda og þjónustusvæða/sveitarfélaga.*<br>Þór Garðar Þórarinsson, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. |
| 14.40-15.20 | *Hlutverk notenda við framkvæmd notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA) - verkstjóri - vinnuveitandi?*<br>Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins. Bryndís Snæbjörnsdóttir foreldri. |
| 15.20-15.35 | *Samantekt.*<br>Guðmundur Steingrímsson, formaður verkefnisstjórnar NPA. |
| 15.45-16.00 | *Léttar veitingar.* |

Bein útsending verður frá ráðstefnunni á Netinu og verður aðgengileg á vef velferðarráðuneytisins: http://www.vel.is/npa

Þeir sem kjósa að fylgjast með ráðstefnunni á vefnum skrái sig á heimasíðu NPA http://www.vel.is/npa og munu gögn sem kynnt verða á ráðstefnunni verða send viðkomandi.

Óski þátttakendur sérstaks stuðnings við að taka þátt í ráðstefnunni eru þeir beðnir um að koma þeim óskum á framfæri fyrir 6. febrúar næstkomandi á vef verkefnisstjórnarinnar: http://www.vel.is/npa

Ráðstefnustjóri er Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ókeypis aðgangur.




Málflutningur í framsalsmáli Julians Assange fyrir hæstarétti í Bretlandi:

# Saksóknari sagður vanhæfur

**BRETLAND** Í gær fékk Julian Assange, stofnandi Wikileaks, síðasta möguleika sinn til að fá framsalsúrskurði til Svíþjóðar hnekkt. Mál hans var tekið fyrir í hæstarétti Bretlands, en niðurstöðu dómsins er vart að vænta fyrr en eftir nokkrar vikur.

Lögmenn hans halda því fram að sænski saksóknarinn, sem gaf út handtökuskipan á hendur Assange, sé hlutdrægur í málinu og því sé handtökuskipanin að engu hafandi.

Assange hefur verið í stofufangelsi í Bretlandi mánuðum saman. Hann segist ekki treysta sænska réttarkerfinu, en sænski saksóknarinn vill fá Assange til yfirheyrslu vegna ásakana tveggja kvenna sem segja hann hann hafa framið á sér kynferðisbrot síðastliðið sumar. Engar ákærur hafa verið gefnar út í máli hans í Svíþjóð.

Breskir dómstólar hafa áður staðfest framsalsúrskurðinn, en þessi síðasti málflutningur fyrir hæstarétti snerist eingöngu um það álitamál hvort sænski saksóknarinn hafi haft heimild til að gefa út handtökuskipan, sem gildir í Evrópuríkjum. - gb



**JULIAN ASSANGE** Mætti til réttarhalda í London í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Fjórir af sex liðum standa enn þá eftir

**Landsdómur vísaði tveimur liðum ákærunnar á Geir H. Haarde frá í október. Dómurinn tók afstöðu til þess að fjórir liðir stæðu óhaggaðir í ákærunni. Formaður þingnefndar sem fjallar um málið segir óvíst hvenær það klárast.**

**FRÉTTASKÝRING**

Fyrir hvað er Geir H. Haarde kærður?

Mál á hendur Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, hefur verið mikið í umræðunni. Tillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að draga ákæruna á hendur honum til baka hefur valdið titringi innan þingsins og skipt stjórnarliðum í tvo hópa.

Mikið hefur verið rætt um að tillagan sé ekki pólitísk en engum blöðum er um það að fletta að hún hefur haft pólitískar afleiðingar. Fréttablaðið beinir nú sjónum að ákærunni sjálfri og rifjar upp fyrir hvað Geir er ákærður. Líkt og áður segir standa fjórir liðir ákærunnar eftir.



**FYRIR LANDSDÓMI** Mál gegn Geir H. Haarde er rekið fyrir Landsdómi sem mat fjóra af sex ákæruliðum tæka. Tillaga um að vísa ákærunni frá er nú fyrir þingnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ákæruliðirnir**

**1.3** Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markviss og skiluðu tilætluðum árangri.

**1.4** Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

**1.5** Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

**2.** Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

**Vísað frá**

Eftirfarandi tveimur liðum var vísað frá:

**1.1** Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

**1.2** Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

kolbeinn@frettabladid.is

## Alþingi má grípa inn í en inngripið samt umdeilanlegt

Tillögu Bjarna Benediktssonar um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde var vísað til stjórnkerfis- og eftirlitsnefndar. Nefndin fundaði um málið í gær og komu fjórir sérfræðingar á fundinn; Þórhallur Vilhjálmsson, Róbert Spanó, Ástráður Haraldsson og Ragnhildur Helgadóttir. Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir sérfræðingana hafa verið sammála um að Alþingi megi grípa inn í málið. Eftir standi hvort það eigi að gera það og um það hafi menn ekki verið sammála.

„Það stendur hvergi að Alþingi megi ekki fara inn í málið eins og það gerði. Það er enginn vafi á því að formið leyfir það. Það er rétt, en á hinn bóginn á maður ekki endilega alltaf að gera það sem má. Það er hægt að gera þetta og það má, því það er ekki bannað. Eftir stendur spurningin áttu að gera það, er rétt að gera það?“



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

Valgerður segir að fram til þessa dags hafi menn farið eftir túlkun Ólafs Jóhannessonar um að þegar Alþingi hafi valið sér saksóknara sé málið úr höndum þess. Nú horfi menn hins vegar á sakamálarétt og stjórnarskrána sem segi að ákæruvaldið sé hjá Alþingi.

„Í mínum huga hefur ekkert breyst í þessu. Ég efast ekki um að Alþingi má draga ákæruna til baka eða breyta henni. Ég tel hins vegar að sú tillaga verði að koma frá saksóknaranum.“

Saksóknari Alþingis, Sigríður Friðjónsdóttir, kom fyrir nefndina í síðustu viku og lagði þar áherslu á að málið hlyti skjóta afgreiðslu. Valgerður segir saksóknarann einnig hafa sagt að málið héldi áfram sinn gang fyrir dómi óháð framvindu þingsályktunartillögunnar. Hún sagði málið taka langan tíma, enda væri það sérstakt. Hún treysti sér ekki til að segja til um hvenær það kláraðist. Það næðist þó trauðla í þessari viku.

SHIFT_the way you move

NISSAN

# HINIR ELTA HJÖRÐINA



## NISSAN JUKE

Viltu eiga alveg eins bíl og nágranninn? Finnst þér gaman að villast á bílum á bílastæðinu í Kringlunni? Hélt ekki. Juke fer sínar eigin leiðir, hinir elta hjörðina.

5 dyra
18 cm veghæð
Vél 1,6l
Meðaleyðsla 6,3 l/100 km

Sjálfskipting og stillanlegt vinnslusvið:
Eco • Normal • Sport
8 loftpúðar – 6 öryggisloftpúðar
Hraðastillir (Cruise Control)
Aksturstölva
USB og AUX tengi fyrir hljómtæki
17" álfelgur
Sjálfvirk loftkæling
ABS hemlar og ESP stöðugleikastýring
Bluetooth símabúnaður

**3.990 þús. kr.**
**Sjálfskiptur**

**46.590 kr. á mánuði** miðað við
Bílasamning, 30% innborgun
og eftirstöðvar í 84 mánuði.

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2011

ENNEMM / SÍA / NM49863

**www.nissan.is**

**INGVAR HELGASON OG B&L** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# neytendur
hagur heimilanna

**16.100** **HEIMILI** töldu sig eiga mjög erfitt með að ná endum saman fjárhagslega í fyrra. Á árinu 2007 töldu forráðamenn 6.500 heimila það sama. Fjölgun heimila í þessum flokki var þannig 148 prósent á fjórum árum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### Brunalykt

*Laukur er til margs nýtur*

Hver kannast ekki við að hafa gleymt einhverju í potti, með þeim afleiðingum að steiking hefst á einhverju sem upphaflega átti að sjóða. Í sannleika sagt er steiking ekki rétta orðið yfir það þegar eitthvað brennur við með tilheyrandi ólykt (svo ekki sé talað um líkurnar á að kveikja í húsinu) en við því má bregðast.

Þeim sem í þessu lenda, og þurfa ekki að kaupa nýja eldhúsinnréttingu, hefur verið á það bent á veraldarvefnum að losna megi við ólykt með því einu að skera niður lauk og láta hann standa í nokkra klukkutíma í eldhúsinu. Þetta svínvirkar víst.



# Alvarleg ofnæmisviðbrögð af hárlitunarvörum

**Hárlitunarefni geta valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum. Í Bretlandi lést nýlega táningsstúlka 20 mínútum eftir að hún litaði á sér hárið heima hjá sér, að því er breskir fjölmiðlar hafa greint frá. Talið er að hún hafi látist vegna ofnæmisviðbragða við efnum í litnum. Hér á landi gilda sömu reglur og innan Evrópusambandsins, ESB, um efni í hárlit og á viðvörun að vera á umbúðum eða í leiðbeiningum sem fylgja litnum.**



**HÁRLITUNAREFNI** Sérstök viðvörunarmerking á að vera á tilteknum hárlitunarvörum um að efnin geti valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dönsk rannsókn á 229 efnum í hárlitunarvörum leiddi í ljós að 75 prósent þeirra gátu valdið miklum eða talsverðum ofnæmisviðbrögðum. Þetta kom fram í umfjöllun sænska blaðsins Råd & Rön sem jafnframt greindi frá því að vísindanefnd um snyrtivörur innan ESB hefði komist að því að tíu efni í hárlitunarvörum gætu valdið mjög miklum ofnæmisviðbrögðum, þrettán miklum ofnæmisviðbrögðum og fjögur talsverðum ofnæmisviðbrögðum.

Meðal þeirra efna í hárlit sem valda mestum ofnæmisviðbrögðum er efnið paraphenyldiamin (PPD). Samkvæmt fréttum í sænskum fjölmiðlum var PPD bannað í Svíþjóð, Þýskalandi og Frakklandi en var leyft á ný í Svíþjóð þegar Svíar gengu í Evrópusambandið.

Sigríður Kristjánsdóttir, deildarstjóri á deild hollustuverndar hjá Umhverfisstofnun, segir sömu reglur gilda hér um efni í hárlit og gilda innan ESB. Sérstök viðvörunarmerking á að vera á tilteknum hárlitunarvörum um að hárlitunarefni geti valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum. Einnig að varan sé ekki ætluð fyrir fólk undir 16 ára aldri. Varað er við því að skammtíma „svart henna“ húðflúr geti aukið hættu á ofnæmi.

Margir framleiðendur hárlitunarvara mæla með því að viðskiptavinurinn kanni sjálfur hvort hann hafi ofnæmi fyrir vörunni með því að setja hana á húðina áður en hún er sett í hárið. Bíða eigi í 48 klukkustundir eftir mögulegum viðbrögðum.

Råd & Rön vitnar í ummæli vísindanefndarinnar um að þar sem ekki sé hægt að geyma blönduna verði viðskiptavinirnir að kaupa tvær pakkningar. Líklegt sé að fæstir geri það. Vísindanefndin segir einnig að neikvæð niðurstaða segi ekkert til um hættuna á ofnæmisviðbrögðum við hárlitun. Í besta falli komi í ljós hvort viðkomandi hafi þegar verið með ofnæmi.

Á vef breska blaðsins The Guardian, sem fjallaði um andlát bresku unglingsstúlkunnar Tabatha McCourt eftir hárlitun, segir að PPD sé í yfir 99 prósentum allra fastra hárlitunarvara. Það sé það efni sem best liti grá hár svo vitað sé.

Fréttavefir The Guardian og BBC greina einnig frá alvarlegum veikindum Julie McCabe sem átti í erfiðleikum með að anda eftir að hafa litað á sér hárið með L´Oreal preference hárlit sem hún hafði notað oft áður. Hjarta hennar hætti að slá á leiðinni á sjúkrahús en hún var endurlífguð. Samkvæmt fréttinni töldu læknar ekki miklar líkur á að hún myndi ná sér að fullu.

ibs@frettabladid.is

Fíton/SÍA

## Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

Um er að ræða annars vegar einstaklingskosningu til sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og hins vegar listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar. Til að listi sem borinn er fram gegn lista Uppstillingarnefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Framboðsfrestur er til kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 16. febrúar 2012. Framboðum og framboðslistum skal skila á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

Frambjóðendum er bent á heimasíðu VR, www.vr.is, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegari upplýsingar birtar um framboð bæði til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma 510 1700 eða með tölvupósti til kjorstjorn@vr.is.

2. febrúar 2012
Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

■ **Lyfjakaup**

## Öll apótek geta sótt réttindastöðu við lyfjakaup



Öll apótek á landinu geta nú fengið upplýsingar rafrænt um hvort einstaklingar hafi lyfjaskírteini auk annarra réttinda. Hætt verður útgáfu skírteinanna á pappír 10. febrúar nk. Á vef Sjúkratrygginga Íslands er bent á að einstaklingar geti sjálfir séð upplýsingar um sitt lyfjaskírteini í Réttindagátt (mínar síður á www.sjukra.is). Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta haft samband við lyfjadeild Sjúkratrygginga Íslands eða við sitt apótek. Lyfjaskírteini auka greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í lyfjakostnaði umfram almennar reglur og eru þau gefin út á grundvelli læknisfræðilegs mats.

■ **Ferðalög**

## Reykingar bannaðar á vinsælli sólarströnd



Þeir sem kveikja í sígarettu á ströndinni í Puerto de Mogán á Gran Canaria þurfa nú að greiða 450 evrur í sekt sem samsvarar rétt rúmlega 70 þúsundum íslenskra króna. Greint er frá reykbanninu í blaði staðarins, La Provincia, að því er segir í frétt á vef danska ríkisútvarpsins. Danir hafa fjölmennt til Puerto de Mogán en sölumenn sólarferða þangað óttast ekki að ferðum Dana til bæjarins fækki. Reykbann hefur verið í mörg ár á baðströndum í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

■ **Akstur**

## Aldrei gott að keyra eldsneytistankinn út



Aðstoðarbeiðnum til Félags íslenskra bifreiðaeigenda vegna eldsneytisleysis fjölgaði gríðarlega í vetrarbyrjun, að því er segir á vef félagsins. Bent er á að aldrei sé gott að keyra tankinn út þar sem í hann berist með tímanum margs konar óhreinindi sem safnist upp á botninum. Bæði sé um að ræða óhreinindi sem koma úr eldsneytinu sjálfu og eins utan frá auk alls kyns útfellinga. Um leið og viðvörunarljósið um að fylla þurfi á tankinn kviknar byrjar dælubúnaðurinn að sjúga upp eldsneyti neðar en áður. Þar með eykst hættan á að upp sogist vatn, sandur og annað óæskilegt. Það getur borist inn í eldsneytiskerfið og skemmt. Einnig geta óhreinindin skemmt ýmsa dýra hluti, eins og til dæmis spíssa. Fjölmörg dæmi eru um slíkt, að því er segir á vefnum.

# GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 2.-8. FEBRÚAR
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 6.200 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 2.-8. febrúar.

# ESTĒE LAUDER GJÖF

**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Soft Clean Cleanser** – hreinsi, 30ml
**Soft Clean Hydrating Lotion** – andlitsvatn, 50ml
**Perfectionist CP+** – serum sem lagar línur og hrukkur, 7ml
**TimeZone Creme** – dagkrem sem vinnur á línum og hrukkum, 15ml
**Pure Color Gloss** – varagloss, litur mauve, full stærð
**Pure Lipstick** – varalit, litur Crystal Baby, full stærð
**Sumtuous Mascara** – Svartan maskara
**Fallega snyrtitösku**

**Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 24.900.-**

**Meðan birgðir endast.*




Nýtt




## ÞÚ MUNT ELSKA ÞÆR BREYTINGAR SEM ÞÚ SÉRÐ

**Revitalizing Supreme**
Nú getur þú endurvakið náttúrulega eiginleika húðarinnar til að sýnast yngri með kremi sem uppfyllir allar þarfir húðarinnar.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



MAX Ú
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR
Á LAUGARDAG
Mikill
afsláttur af
kæliskápum
Ofnar
Verð frá
49.989
1400sn
Whirlpool
þvottavél
79.989
ALLT Á LÁGMAX VERÐI – ALLT Á LÁGMAX VERÐI –
Saumavélar
25% afsl.
Heyrnartól
30% afsl.
Pottar, pönnur
og búsáhöld
30% afsl.
Tökuvélar
20% afsl.
Hljómborð
30% afsl.
Sjónaukar
25% afsl.
Fartölvutöskur
35% afsl.
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR
Á LAUGARDAG
Síðustu eintök og útlitsgölluð



ÚTSALA
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR
Á LAUGARDAG
Frábær verð á frystikistum
Verð frá
39.989
TOSHIBA
40" LCD
40" Toshiba sjónvarp
99.989
50" sjónvörp
Verð frá
149.989
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR
Á LAUGARDAG
- ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á ... ÐI
Ryksugur
15% afsl.
Safapressur
20% afsl.
Töfra-sprotar
20% afsl.
Samlokugrill
25% afsl.
Vöfflujárn
25% afsl.
Hárblásarar
30% afsl.
Sléttu- og krullujárn
30% afsl.
Rakvélar
20% afsl.
tæki með miklum afslætti
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX
RAFTÆKI

**222,05** **ER GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** en hún hefur ekki mælst svo há síðan í júlí í fyrra. Því hærri sem gengisvísitalan er, því veikara er gengi krónunnar.

Ellefu stjórnarmenn hættu áður en þeir voru metnir:

# Um þriðjungur stóðst ekki hæfismat FME

Af þeim 86 stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og lífeyrissjóða sem ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins (FME) hefur hæfismetið stóðust 27 ekki matið í fyrstu tilraun. Í ellefu tilvikum hefur það gerst að stjórnarmenn hafa sagt sig úr stjórn áður en þeir áttu að koma í hæfismat hjá eftirlitinu. Þetta kemur fram í upplýsingum frá FME.

Alls hafa 59 þeirra sem komið hafa í hæfismat staðist það, eða tæplega 69%. Af þeim 27 sem stóðust það ekki hafa 17 endurtekið hæfismatið og fimm til viðbótar hafa bókað viðtöl í febrúar. Tveir stóðust ekki hæfismatið í annarri tilraun.

Raðgjafanefndina skipa Jón Sigurðsson, rekstarhagfræðingur sem er formaður, Einar Guðbjartsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Rúnar Guðmundsson frá FME. Hún var stofnuð í byrjun árs 2010 og á að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði um stjórnarmenn eftirlitsskyldra aðila séu uppfyllt. Hlutverk hennar er ekki síður að tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar sé krafist og hvað felist í ábyrgð sem fylgir stjórnarstörfum. - þsj



**RÁÐGJAFANEFND** Jón Sigurðsson, fyrrum seðlabankastjóri og formaður Framsóknarflokksins, er formaður nefndarinnar sem metur hæfi stjórnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STÖÐUG** Ársverðbólga innan evrusvæðisins er lægri en í Bandaríkjunum og Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðbólga á evrusvæðinu stóð í stað mili mánaða:

# Mun minni verðbólga í Evrópu en á Íslandi

Ársverðbólga á evrusvæðinu í janúar var 2,7% og hélst óbreytt frá því í desember. Þetta kemur fram í nýjum verðbólgutölum sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, birti í gær.

Ársverðbólga á Íslandi á sama tíma mælist 6,5% og jókst umtalsvert frá desembermánuði þegar hún var 5,3%. Helstu ástæður verðbólguaukningarinnar voru gjaldskrárhækkanir á opinberri þjónustu og hækkandi verð á eldsneyti, áfengi og tóbaki. Þróun verðbólgu hérlendis er að mestu í samræmi við þá spá sem Seðlabanki Íslands setti fram í nóvemberútgáfu Peningamála.

Verðbólga í Bandaríkjunum var 3% í desember 2011, sem eru nýjustu aðgengilegu tölur. Í Bretlandi, stærsta Evrópusambandslandinu sem stendur utan við evrusamstarfið, var verðbólgan 4% í janúar.

# Enn kvarnast úr Búvallahópnum

**Dótturfélag Arion banka er aftur orðið stærsti einstaki eigandi Haga. SÍA og lífeyrissjóðir farnir út úr Búvallahópnum. Endanlegt markmið að hver aðili innan hans haldi á hlut sínum í eigin nafni. Arion þarf að selja eftir mánuð.**

Sjóður í umsjón Stefnis klauf sig á mánudag út úr Búvallahópnum, sem keypti kjölfestuhlut í smásölurisanum Högum snemma árs 2011. Eftir viðskiptin er hlutur Búvalla, sem um tíma hélt á 44% hlut, orðinn 12,73%. Félagið er því ekki lengur stærsti einstaki eigandi Haga heldur Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, sem á um 20% hlut. Árni Hauksson, stjórnarmaður í Búvöllum og stjórnarformaður Haga, segir hið endanlega markmið vera að hver og einn aðili sem stóð að Búvallahópnum haldi beint á sínum eignarhlut. Sjóðurinn, sem heitir Stefnir íslenski athafnasjóðurinn 1 (SÍA), er undir stjórn Stefnis, sjóðstýringarfyrirtækis í eigu Arion banka.

Búvellir keyptu 34% hlut í Högum í febrúar 2011 og bætti 10% hlut við í nóvember sama ár, skömmu áður en félagið var skráð á markað. Fyrir þann eignarhlut greiddu Búvellir 5,4 milljarða króna. Miðað við gengið á viðskiptunum í fyrradag er virði hans nú rúmlega 8,8 milljarðar króna. Það hefur því aukist um 3,4 milljarða króna á innan við einu ári.

Upphaflega var Búvallahópurinn settur saman af Stefni. Í honum voru þá Hagamelur ehf. (í eigu Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar, Sigurbjörns Þorkelssonar og TM), nokkrir lífeyrissjóðir, SÍA og annar sjóður sem lúta stjórn Stefnis, Miranda ehf. (í eigu Berglindar Jónsdóttur) og Draupnir fjárfestingafélag (í eigu Jóns Diðriks Jónssonar). Lífeyrissjóðirnir klufu sig út úr Búvöllum um miðjan nóvember og leystu beint til sín um helming þess eignarhlutar sem félagið hélt á í Högum. Nú hefur SÍA einnig klofið sig út úr hópnum og mun í kjölfarið halda á um 8,2% hlut í eigin nafni. Innan Búvalla eru eftir Hagamelur, Miranda og Draupnir sem samanlagt eiga 12,7% eignarhlut. Þar af á Hagamelur 10,7% hlutabréfa í Högum.

Samkvæmt samkomulagi sem Eignabjarg og Búvellir gerðu með sér um gagnkvæmar söluhömlur verður Eignabjarg að halda á 19% hlut og Búvellir á 12% hlut út febrúarmánuð. Í skráningarlýsingu Haga kom fram að Fjármála- og Samkeppniseftirlitið hefðu gert Eignabjargi, eða Arion banka, skylt að selja hlutafjáreign sína í Högum í síðasta lagi 1. mars 2012.

Spurður um hvort það komi til greina að þeir þrír aðilar sem eftir eru innan Búvalla taki hver sinn hlut og leysi félagið endanlega upp segir Árni það ekki liggja formlega fyrir. „Hið endanlega markmið er að hver og einn haldi á sínum hlut og að eignaraðildin sé sem allra dreifðust. Markmiðið er að hafa eignarhaldið á Högum sem dreifðast. Þetta á að vera alvöru almenningshlutafélag. Það er hið eina rétta eignarhald á Högum.“

thordur@frettabladid.is



**MATVARA** Hagar eiga meðal annars Bónus, langstærstu matvöruverslunarkeðju landsins. Bónus er ein og sér með 40% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hagar með rúmlega helmingshlutdeild

Hagar skiluðu árshlutauppgjöri sínu fyrir helgi, því fyrsta síðan félagið var sett á markað. Þar kom fram að samstæðan hefði hagnast um 1,9 milljarða króna frá 1. mars til loka nóvember 2011. Eigið fé hennar er 5,7 milljarðar króna. Félagið seldi vörur fyrir 49,9 milljarða króna á tímabilinu og jókst salan um 4,9% á milli ára að teknu tilliti til brotthvarfs á rekstri 10-11 út úr samstæðunni.

Samkvæmt nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins eru Hagar, sem reka m.a. Bónus og Hagkaup, með 53% hlutdeild á dagvörumarkaði. Samstæðan er því sú langstærsta innan hans á Íslandi. Þegar horft er einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins er markaðshlutdeild Haga um 60%. Félagið hefur staðfesta markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga.



Sparaðu með Miele

Með því að velja Miele uppþvottavélar leggur þú grunn að langtímasparnaði.

- Þrjár þvottagrindur
- Þvær 18% meira magn í einu
- Notar minna vatn og rafmagn
- Fer betur með leirtauið
- Verð frá kr. 179.995



Care Collection uppþvottaduft, töflur, gljái og vélahreinsir, sérstaklega framleitt fyrir Miele uppþvottavélar

Farðu alla leið með Miele

vilborga@centrum.is

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Boddýhlutir





Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fullveldisafsal og lýðræðishalli í EES:

## Tómir kofar

Stutt en áhugaverð umræða fór fram um EES-samninginn á Alþingi fyrr í vikunni. Tilefnið var skýrsla norskra stjórnvalda um samninga Noregs við Evrópusambandið. Þar er meðal meginniðurstaðna að EES-samningurinn hafi verið norskum hagsmunum mjög til framdráttar en hins vegar felist í honum verulegt fullveldisafsal, á mun víðtækara sviði en menn sáu fyrir í upphafi, enda taki reglur ESB nánast sjálfkrafa gildi í Noregi án þess að norsk stjórnvöld geti haft á þær áhrif. Í þessu felist sömuleiðis mikill lýðræðisvandi.

Í umræðunum á Alþingi virtust þingmenn almennt taka undir þessa niðurstöðu og að hún ætti líka við um Ísland; þ.e. að í EES-samningnum fælist umtalsvert fullveldisframsal. Það vekur hins vegar athygli að í þessu efni var komið að tómum kofunum hjá yfirlýstum andstæðingum Evrópusambandsaðildar. Þeir höfðu lítið sem ekkert fram að færa um það hvernig mætti bæta úr þeim vanda.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þannig lagði enginn þeirra til að EES-samningnum yrði sagt upp, enda átta sig líklega flestir á því að það væri ekki íslenzkum hagsmunum til framdráttar.

Vigdís Hauksdóttir þingmaður Framsóknarflokksins vildi hins vegar að íslenzk stjórnvöld yrðu duglegri að nota neitunarvaldið, sem þau hafa í orði gagnvart nýrri löggjöf frá Evrópusambandinu. Frá upphafi hafa flestir þó verið sammála um að því valdi yrði ekki beitt, að minnsta kosti ekki sem neinu nemur, vegna þess að þá væri botninn dottinn úr hinu sameiginlega efnahagssvæði með sameiginlegum reglum, sem samningurinn gengur út á.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, rifjaði upp niðurstöðu nefndar sem skilaði af sér 2007 og hvatti til þess að leiðir til áhrifa á Evrópulöggjöfina, sem Ísland hefur samkvæmt EES-samningnum, yrðu nýttar betur, til dæmis með því að taka aukinn þátt í starfi nefnda ESB og mæta á fundi rúmlega 400 nefnda í stað 200.

Þetta myndi reyndar útheimta umtalsverð fjárútlát og mun meiri íslenzkan mannskap í Brussel. Í þessu samhengi má nefna að þótt það hafi kannski verið ofmælt hjá Ásmundi Einari Daðasyni þingmanni Framsóknarflokksins í umræðunum að Noregur sé „gríðarlega stórt og öflugt ríki“ þá eru Norðmenn talsvert fleiri og ríkari en Íslendingar. Þeir hafa margfalt fleiri embættismenn í því að reyna að hafa áhrif á kerfið í Brussel. Það breytir ekki niðurstöðu norsku skýrslunnar um fullveldisafsalið.

Það er rétt hjá málshefjandanum, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, að þeir sem hafa áhyggjur af fullveldisafsali þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu ættu að vera sjálfum sér samkvæmir og gera eitthvað við fullveldisafsalinu sem felst í EES. Ef þeir vilja ekki segja samningnum upp, er rökrétt niðurstaða að stíga skrefið inn í ESB til þess að fá raunveruleg áhrif á þær ákvarðanir, sem við munum þurfa að hlíta hvort sem er. Eins og umræðan á þingi sýndi, er djúpt á lausn sem liggur á milli þessara kosta.

Það er algert lágmark að Alþingi taki einhverja afstöðu til þess vanda að núverandi staða er augljóst brot á stjórnarskránni. Úr því mætti bæta með því að setja í hana ákvæði sem heimilar að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Slík stjórnarskrárbreyting er nauðsynleg, hvort sem Ísland gengur í ESB eða ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Holur hljómur

Vigdís Hauksdóttir hefur betra nef fyrir samsæriskenningum en flestir – einkum og sér í lagi ef þær snerta Evrópusambandið. Að því hefur áður verið vikið á þessum stað. Á þingi í fyrradag fór fram umræða um konurnar sem ganga með iðnaðarsílíkon í brjóstum. Vigdís gat ekki setið á sér og benti á að Evrópusambandinu hefði borið að hafa eftirlit með innihaldi sílíkonpúðanna en það hefði brugðist. Kannski það, en hljómurinn væri ef til vill ekki svona holur ef hann bærist úr annarri átt.



### Fátt eftir

Vígdís hefur þegar ýjað að því að gjaldeyrishöftin og kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar megi rekja til Evrópusambandsins. Það sama er að segja um stóra iðnaðarsaltsmálið og manntal Hagstofu Íslands. Svo velti hún því eitt sinn upp hvort viðbrögð Íslendinga við afmæliskveðju frá Hillary Clinton hefðu litast af því að kveðjan hefði borist á 17. júní, sama dag og formlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið hófust. Það er ekki margt eftir í samfélaginu fyrir Vigdísi að smíða ESB-samsæri utan um.



### Hún á afmæli í dag

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur átti þriggja ára afmæli í gær. Af því tilefni hófu þingmenn daginn á að ræða hvort fagna bæri afmælinu eða flagga í hálfa stöng. Sumir töldu hana hafa staðið sig svo illa að það færi í sögubækurnar. Það voru stjórnarandstæðingar. Aðrir sögðu hana hafa áorkað ótrúlegustu hlutum. Þeir voru í stjórnarliðinu. Öfrjórri verða umræður ekki. Samt eru þær endurteknar nánast vikulega. Gott væri ef þingmenn nýttu tímann í að vinna og bitust svo um hismið í hádegishléinu.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Orkunýting og ferðaþjónusta

Orkunýting náttúrusvæða



Gústaf Adolf Skúlason

aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku

Víða getur ferðaþjónusta og orkuvinnsla farið vel saman.“ Svo segir m.a. í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða – rammaáætlun. Samtökin leggjast hins vegar gegn orkunýtingu á tilteknum svæðum. En hver eru tengsl orkunýtingar og ferðaþjónustu?

### Græna orkan trekkir

Fyrst ber að nefna að í tengslum við landkynningu er gjarnan leitað til íslenskra orkufyrirtækja og þau fengin til að setja þar nýtingu endurnýjanlegrar orku í forgrunn. Þá heimsækir mikill fjöldi gesta íslenskar virkjanir og upplýsingamiðstöðvar orku- og veitufyrirtækja á ári hverju, alls vel á annað hundrað þúsund. Aukinn hlutur endurnýjanlegra orkugjafa hefur enda lengi verið eitt helsta viðfangsefni opinberrar stefnumótunar víða um heim en þar er Ísland í einstakri stöðu. Erlendir gestir vilja því gjarnan kynna sér nýtingu umhverfisvænnar orku hérlendis, þ.e. vatnsafls og ekki síður jarðhita (sem færri þekkja).

Þá hafa sum orku- og veitufyrirtæki lagt verulega fjármuni í gerð göngustíga, uppgræðslu og kortagerð af svæðum í nágrenni sinna virkjana, að ógleymdri aðstöðu sem beinlínis er reist til að taka á móti gestum. Loks taka þessi fyrirtæki á móti fjölda gesta í sínum höfuðstöðvum. Oft er þar ekki um að ræða ferðamenn í hefðbundnum skilningi, heldur erlenda gesti úr heimum vísinda, viðskipta og stjórnmála – „verðmæta“ ferðamenn sem hingað koma ekki síst vegna grænu orkunnar.

Bláa lónið er afsprengi jarðhitavirkjunar. Lónið sækja um 400 þúsund manns á ári. Perlan er byggð á heitavatnstönkum. Um 600 þúsund manns koma í Perluna á ári hverju. Helstu leiðir ferðamanna inn á hálendi Íslands eru eftir vegum sem upphaflega tengjast framkvæmdum við virkjanir og línulagnir. Þannig mætti áfram telja. Eins og öll önnur fyrirtæki nýta loks orku- og veitufyrirtæki þjónustu flugfélaga, gistihúsa, bílaleiga, rútubíla, veitingaaðila o.s.frv., ekki síst á tímum virkjanaframkvæmda. Hagsmunir greinanna fara því vel saman.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vöggugjöf

Í DAG



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Kynjamunur á námsárangri í Reykjavík er fyrst og fremst í íslensku. Munurinn kemur afdráttarlaust fram í lesskimun í 2. bekk grunnskóla og er ekki nýr af nálinni. Kennarar vita þetta vel og misræmið kemur glöggt fram í alþjóðlegum greiningum. Í greiningu starfshóps borgarinnar um stráka og námsárangur kemur fram að einn sterkasti forspárþátturinn fyrir árangri í íslensku hjá bæði hjá stúlkum og drengjum er ánægja af lestri.

### Ánægja af lestri

Ánægja af lestri er því lykilþáttur sem þarf að hafa í huga þegar við ræðum allt of hátt hlutfall ungmenna sem les sér ekki til gagns. Margir hafa nefnt að rafrænar bækur gætu vakið upp meiri ánægju og áhuga og leyst af hendi „drepleiðinlegar“ námsbækur sem oft og tíðum eru úreltar. Aðrir benda réttilega á fjársvelti og að námsbókagerð megi ekki verða fyrir niðurskurði, þvert á móti þurfi að tryggja að áhugasamir og frjóir höfundar semji efni sem dragi fram staðreyndir með fallegum texta og myndum til að vekja áhuga.

Í þessu ljósi þarf að benda á að ánægja af lestri var sterklega tengd árangri í rafrænu lestrarprófi PISA, þ.e. nemendur sem hafa aðgang að fjölbreyttu lesefni stóðu sig betur í rafrænum lestri og að þeir sem lesa mikið af rafrænu efni lesa einnig mikið af hefðbundnu efni. Niðurstöður benda þannig til þess að þeir sem lesa á annað borð styrkja sig með aðkomu aukinnar tækni og fjölbreytileika, en ekki endilega öfugt.

### Lesum - strax við vögguna

Börn, strax frá fæðingu, elska bækur, sögur, vísur og rím. Lestur gefur börnunum kost á nærveru við þá sem lesa, þau heyra hljóð sem heilinn er forritaður til að nema, þau sjá myndir, tölur, stafi og form og kynnast eigin tilfinningum í gegnum lesefnið. Fljótlega, nokkurra mánaða gömul, hlakka þau til að setjast niður t.d. fyrir svefntíma og sýna eftirvæntingu með hljóðum og hreyfingum. Að naga bókina eftir lestur og reyna að snúa henni við og jafnvel rífa er hluti af ánægjunni. Ánægjan fer ekki fram hjá neinum og þetta eru fyrstu skrefin í lestrarkennslu.

Ef lestur og samskipti með orðum eru regluleg er líklegt að barnið, um eins árs gamalt, sé búið að læra öll þau hljóð sem það þarf að kunna til að tala íslensku. Fáir vaxa upp úr því að vilja hlusta á sögur, ljúka góðri bók, hlusta á góða sögu í útvarpi eða heyra lítinn leikþátt. Því eiga engin viðmið að vera um aldurstakmörk, við eigum að lesa upphátt fyrir börn á öllum aldri og sérstaklega þau sem eiga við leserfiðleika að stríða.

### Lesa allir með sínum börnum?

Reiknum ekki með neinu öðru en okkur sjálfum til að laga það sem laga þarf í lestri barnanna okkar. Tölvur eru vissulega komnar til að vera og skólar og opinberir aðilar hafa skýr verkefni til að leysa vandann en það erum fyrst og fremst við sem stöndum börnunum næst, foreldrarnir, sem skipta mestu máli í verkefninu að bæta læsi ungrar kynslóðar. Hvert og eitt okkar þarf að tryggja að börnin okkar, börn vina, barnabörn, frændur og frænkur læri að meta bækur, hafi ánægju af því að lesa og læri að njóta þeirrar gjafar sem það er að lesa sjálfur.

Sumir velta eðlilega fyrir sér, eins uppteknir og þeir eru, hvort það hafi nokkur áhrif að lesa fyrir börn. Kannski eru þetta þeir foreldrar sem lesa lítið sjálfir og eiga erfitt með að lesa upphátt. Aðrir eru ekki af íslensku bergi brotnir og telja sig ekki lesa nógu vel. Sumir telja jafnvel að nýjustu tækin geti verið áhugaverðari og lærdómsríkari fyrir börnin en lestur bókar. Enn aðrir velta fyrir sér hvort lítið barn skilji yfirhöfuð nokkuð af því sem lesið er fyrir það.

### Strax frá fæðingu

Ekki myndum við vilja bíða með að tala við barnið þar til það skilur allt sem sagt er? Og ekki sleppum við því að syngja fyrir börnin þar til þau geta sungið sjálf? Þvert á móti! Okkar verkefni er að minna aðra á að allir geti lesið, sagt vísur eða sögur fyrir börn og að við öll getum lagt okkar af mörkum. Mikilvægt er einnig að gera sér grein fyrir að hlutverki okkar er síður en svo lokið þó barnið byrji í skóla og hefji sitt formlega lestrarnám. Við fullorðna fólkið erum fyrirmyndirnar. Sýnum þeim að við lesum líka, höfum bækur á náttborðinu og allt í kringum okkur.

Barnið upplifir sterk áhrif þess að þú og þeir sem standa því næst sýni því og bókinni áhuga á sömu stundu og fær skýr skilaboð um að lestur sé hæfileiki sem sé þess virði að læra. Þáttaka okkar er mikilvæg og getur skipt sköpum. Notum stundir okkar með börnum til að lesa, segja sögur eða vísur og spjalla. Lesum fyrir öll börn, fjölbreytt efni, hvenær sem er og hvar sem er og gefum börnunum ánægju af lestri í vöggugjöf.

> Það er alveg ljóst að ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnendum háskóla, enda

AF NETINU

### Hvað er þjóðarsekt?

Þjóðarsekt er það þegar þjóð finnur enga sök hjá sér, og beri eitthvað út af í málum hennar sakfellir hún einungis leiðtoga sína. Um leið gleymist henni að lýðræði felst í samábyrgð og skyldum. Þar er enginn undanskilinn, hvorki þjóðin né leiðtogarnir, enda eru þeir lýðræðislega kosnir af henni.

Í einræðisríkjum og í nýlendum er þjóðin aftur á móti saklaus ef eitthvað ber út af í málum hennar, enda ræður hún engu. Öll ábyrgð er í höndum stjórnenda hennar. Þetta er sá megin munur sem er á lýðræði og einræði. Að gera sér ekki grein fyrir þessu er undirrót hins þrúgandi máls sem höfðað hefur verið gegn Geir Haarde fyrrum forsætisráðherra, eins og hann hafi verið einráður hjá saklausri þjóð.

http://blog.eyjan.is/gudbergur/

**Guðbergur Bergsson**

# Æskilegt að velja heilkornavörur

Mataræði



Hólmfríður Þorgeirsdóttir
næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis



Elva Gísladóttir
næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis

Nýlega voru birtar niðurstöður úr landskönnun á mataræði sem fram fór á árunum 2010-2011. Niðurstöðurnar sýna að kolvetnaneysla landsmanna er að meðaltali of lítil miðað við ráðleggingar og mun minni en hjá nágrannaþjóðum okkar. Það skiptir máli hvernig kolvetni verða fyrir valinu og er æskilegt að velja sem oftast grófar kornvörur frekar en fínunnar vörur. Trefjaefnaneysla landsmanna er einnig undir ráðleggingum og helgast það aðallega af of lítilli neyslu á grófum kornvörum, grænmeti og ávöxtum.

Brauðneysla hefur minnkað og samsvarar nú aðeins rúmum tveimur brauðsneiðum á dag að meðaltali. Það er þó jákvætt að neysla á grófum brauðum hefur tvöfaldast frá síðustu landskönnun á mataræði árið 2002. Engu að síður er hún alltof lítil enn í dag, eða sem svarar hálfri brauðsneið að meðaltali. Auka þarf neyslu á grófum brauðum, með að minnsta kosti 5-6 grömmum af trefjum í hverjum 100 grömmum af brauði, og annarri grófri kornvöru.

### Hvað eru heilkornavörur?

Talað er um heilkornavörur þegar allir hlutar kornsins eru notaðir við framleiðsluna, þ.e. hýði, mjölvi og kím. Stundum er heilt og ómalað korn notað sem hráefni í brauð en oftar er þó notað malað heilkorn sem inniheldur enn þá öll næringarefni kornsins. Mest er af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum í hýði og kími en í fínunnum kornvörum er búið að fjarlægja þessa hluta. Ekki er um heilkornavöru að ræða þegar hveitiklíði eða trefjum hefur verið blandað saman við hvítt hveiti.

Í kornvörum, sérstaklega vörum úr heilu korni, er fjöldi næringarefna sem eru mikilvæg fyrir heilsuna, t.d. trefjar, járn, kalíum, magnesíum, fólat, og andoxunarefni eins og E-vítamín. Í heilkornavörum er mikið af trefjum en trefjaríkur matur hefur góð áhrif á meltinguna, auk þess að hjálpa til við að halda þyngdinni innan eðlilegra marka þar sem hann veitir mettunartilfinningu og fyllingu.

### Hvað er gott að velja?

Gott er að huga að fjölbreytni þegar kornvörur eru valdar. Dæmi um heilkornavörur eru vörur gerðar úr heilhveiti, rúgi, byggi, höfrum, maís og hirsi. Framboð á heilkornavörum hefur aukist mikið á undanförnum árum. Má þar nefna ýmsar tegundir af brauði, flatkökum, hrökkbrauði, heilhveitipasta, hýðishrísgrjónum, hafragrjónum og ákveðnum tegundum af múslí og morgunkorni.

Veljum því heilkornavörur sem oftast.


AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

Föstudaginn 17. febrúar 2012, kl. 16:00 í ráðstefnusal félagsins, Borgartúni 37




Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 4.13. gr. í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið fyrir á dagskrá fundarins sem lögð verður fram viku fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 16:00 föstudaginn 10. febrúar 2012. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.nyherji.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta:

a) veitt öðrum skriflegt umboð.
b) greitt atkvæði skriflega.

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur stjórnar eru hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 27. janúar 2012, kl. 16:00.

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 10. febrúar 2012, kl. 16:00.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.nyherji.is.

Reykjavík, 19. janúar 2012.
Stjórn Nýherja hf.

www.nyherji.is

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



1498 kr. kg

**Lambalæri, ókryddað**



1498 kr. kg

**Lambalæri, New York marinerað**

# LAMBALÆRI Á F




699 kr. kg

**Krónu ferskur kjúklingur**




2248 kr. kg

**Krónu kjúklingabringur**




219 kr. pk.

**Þykkvabæjar Tilboðs franskar, 700 g**




249 kr. stk.

**Úrvals sósur, 6 tegundir**




## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# LAMBALÆRI
## – fyrir þig og þína!

DÚNDUR-VERÐ



**1498** kr. kg
Lambalæri með kryddjurtum



**1498** kr. kg
Lambalæri, hvítlauks og rósmarín marinerað

# RÁBÆRU VERÐI!



40% afsláttur

**2298** kr. kg
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta piparsteik



40% afsláttur

**2298** kr. kg
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta mínútusteik



Blue Dragon vörur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sweet & Sour sósa 370 kr | Oyster sósa 378 kr | Heilhveitinúðlur 359 kr | |
| | Satay sósa 377 kr | Eggjanúðlur 218 kr | |
| | Teriyaki sósa 370 kr | Eggjanúðlur 360 kr | |

FRÁBÆRT VERÐ!



**59** kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max og Krónu appelsín, 33 cl

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Áætlun um efnahagslegt öryggi

Fjármál

**Jonas Sjöstedt**
formaður Vänsterpartiet í Svíþjóð



**Kristin Halvorsen**
formaður Sosialistisk Venstreparti í Noregi



**Paavo Arhinmäki**
formaður Vänsterförbundet í Finnlandi



**Steingrímur J. Sigfússon**
formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á Íslandi



**Högni Höydal**
formaður Tjoveldið í Færeyjum



**Kuupik Kleist**
formaður Inuit Ataqatigiit á Grænlandi



Við forsvarsmenn sex vinstriflokka á Norðurlöndunum krefjumst þess að reglur verði settar um fjármálamarkaði til að koma í veg fyrir að skattborgarar borgi reikninginn þegar bjarga á bönkum. Það þarf að gera greinarmun á þeirri bankastarfsemi sem er nauðsynleg í hverju samfélagi annars vegar og spákaupmennsku hins vegar og að auki að tryggja að geta bankanna til að standa við skuldbindingar sínar aukist til muna. Áætlun okkar miðar að því að tryggja efnahagslegt öryggi og felst m.a. í að sett verði alþjóðlegt gjald á fjármagnsflutninga milli landa.

Fjármálakreppan 2007-2009 var stærsta alþjóðlega fjármálakreppa frá kreppunni miklu á fjórða áratugnum. Á örfáum vikum árið 2008 hrikti alvarlega í stoðum kerfis markaðshyggjunnar. Það eina sem bjargaði kerfinu var að ríkisstjórnir og seðlabankar dældu gríðarlega miklu magni af peningum skattgreiðenda inn í banka og aðrar fjármálastofnanir. Kreppan afhjúpaði umtalsverða galla markaðshyggjukerfisins og aðlögun þess að nýfrjálshyggjunni. Kenningin um að markaðurinn virki best án afskipta ríkisins stóðst ekki þegar til kastanna kom.

Þó það standi hvergi skrifað er í öllum löndum treyst á að ríkið bjargi stórum fjármálastofnunum frá gjaldþroti. Þessi ábyrgð jafngildir miklum niðurgreiðslum á lántökukostnaði bankanna. Lánardrottnar stóru bankanna þurfa ekki að ganga úr skugga um fjárhagsstöðu þeirra. Sænski Seðlabankinn metur það svo að á árunum 2002-2010 hafi óbeina bankaábyrgðin verið um það bil 30 milljarðar sænskra króna á ári fyrir stóru bankana, sem svarar til um það bil helmings þess hagnaðar sem bankarnir hlutu, fyrir skatt. Athugun sænska Seðlabankans sýnir svipaða niðurstöðu og kom út úr könnun á stöðu mikilvægra banka í Bandaríkjunum, Noregi og Bretlandi. Það hefur þó ekki alltaf reynt á þessa óbeinu ábyrgð. Til dæmis kom bandaríska ríkisstjórnin ekki í veg fyrir gjaldþrot Lehman Brothers. Það orsakaði fjárhagslegt áfall sem barst fljótt til annarra banka, annarra landa og hafði áhrif á hagkerfið. Fall Lehman sýndi það greinilega hvaða vanda það hefur í för með sér að láta banka verða svo stóra að þeir verði „too big to fail“.

Reglugerðum um stóru bankana er ábótavant. Þeir hafa orðið of stórir og þetta hefur gerst á kostnað samfélagsins. Þegar vel árar er hagnaður þeirra mjög mikill vegna þess að það eru fáir um hituna. Þegar ástandið versnar notar ríkið peninga skattgreiðenda til bjargar bönkunum. Gróðinn er einkavæddur en tapið lendir á almenningi. Hvati fjármálastofnana til að verða of stór til að verða gjaldþrota er með öðrum orðum mjög sterkur og þess vegna taka stóru bankarnir meiri áhættu í þeim tilgangi að auka markaðshlutdeild sína.

Við göngum út frá því að sé banki of stór til að réttlætanlegt sé að láta hann falla, þá sé hann einfaldlega of stór. Þess vegna verður setja nýjar reglur sem hindra það og þess vegna kynnum við eftirfarandi tillögur.

### Betra lagaumhverfi

Í löndum þar sem fjárfestingabankar á einkamarkaði eru stór hluti af fjármálakerfinu ber að innleiða lög þar sem gerður er greinarmunur á hefðbundinni bankastarfsemi og spákaupmennsku í átt við það sem nýleg rannsókn á breska bankakerfinu leggur til. Þegar breska ríkið studdi bankana í fjármálakreppunni kom í ljós að verulega erfitt var að skilja hefðbundna samfélagslega nauðsynlega bankastarfsemi frá fjárfestingastarfssemi. Þetta hafði í för með sér að þeim sem ekki töldust samfélagslega mikilvægir var einnig bjargað sem var mjög kostnaðarsamt. Rannsóknin áætlar að milli fjórir til fimm sjöttu af heildareignum breska bankakerfisins sé upprunninn úr fjárfestingastarfsemi. Það er samsvarandi 40-50 billjónum sænskra króna. [Billjón er milljón milljónir]

Óbeinu bankaábyrgðina, eins og hún lítur út í dag, má ekki eingöngu nýta fyrir suma hluta bankakerfisins. Sé bönkunum skipt upp, getur óbeina ábyrgðin nýst einvörðungu í þann hluta starfsemi stórbankanna sem telst samfélagslega nauðsynlegur. Þó er nauðsynlegt að í slíkum tilfellum séu mjög ákveðnar kröfur gerðar til eigenda og bankastjórna. Þannig er hægt að takmarka niðurgreiðslu ríkisins á spákaupmennsku einkafyrirtækja. Það skiptir miklu máli að fundnar verði góðar aðferðir til að greina milli þess sem telst venjuleg fjármögnun og þess sem líta ber á sem spákaupmennsku og búa til endingargóðar reglur sem nýtast þó að viðskiptahættir bankanna breytist.

### Sérlög fyrir bankageirann í evrópskri samkeppnislöggjöf

Endurbætt samkeppnislöggjöf myndi brjóta upp einokunarstöðu bankanna og opna leið inn í kerfið fyrir minni leikmenn án ófyrirleitinna hagnaðarsjónarmiða.

### Kröfur um eiginfjárhlutfall verði auknar og aðgreindar

Eiginfjárhlutfallið segir til um hve há upphæð verði að vera til svo möguleikar bankans til að standa við skuldbindingar sínar séu tryggðir. Samkvæmt Basel III reglunni, eiga bankarnir að eiga 7-9,5% grunneigiðfé miðað við áhættumetnar eignir. Þessar kröfur eru alltof lágar, það ætti frekar að nota eftirfarandi spurningar:

1) Hver er kerfislæg áhætta bankans?
2) Er hagsveiflan á upp- eða niðurleið?

Hvað fyrri spurninguna varðar, þá á eiginfjárkrafan að hækka í hlutfalli við það hversu mikil áhrif fall bankans myndi hafa á efnahagslífið í heild sinni. Áhrifin ákvarðast meðal annars af stærð bankans og því hve mikla áhættu hann hefur tekið. Svarið við seinni spurningunni á að vinna gegn þeirri tilhneigingu bankanna að ýkja hagsveiflur með því að lána of mikið í góðæri og of lítið þegar illa árar. Með því að styðjast við þetta tvennt, eiga yfirvöld, þegar til lengri tíma er litið, nýtt efnahagspólitískt verkfæri.

### Innleiða þrjá nýja skatta fyrir fjármálageirann

Alþjóðlegt gjald á fjármagnsflutninga gæti unnið gegn þeim viðskiptamynstrum sem færast í aukana á fjármálamörkuðum, til dæmis rafræn hátíðniviðskipti. Skattur á fjármagnsflutninga gæti hvatt fjármálageirann til langtímafjárfestinga sem nýttust sjálfbærri framleiðslu og styrktu vinnumarkaðinn í stað skaðlegrar spákaupmennsku. Þá ætti að innleiða stöðugleikagjald til að standa undir kostnaði við gjaldþrot banka. Jafnframt ætti að stefna að því að færa fjármálakerfið yfir í virðisaukaskattskerfið. Það væri hægt með skattlagningu arðsemi og hagnaðar.

### Færa viðskipti með fjármálagerninga

Stór hluti fjármálaviðskipta fer ekki fram á skipulögðum markaði. Það skapar vandamál þar sem markaðurinn hefur þá ekki upplýsingar um hvaða stofnanir eigi hvaða verðbréf. Þess vegna ættu öll viðskipti með hvers kyns afleiður og samsetta fjármálagerninga að eiga sér stað á löggiltum mörkuðum.

Algera skortstöðu, þar sem sá sem sér um viðskiptin á hvorki né hefur aðgang að söluvörunni, sem og önnur form af skaðlegri spákaupmennsku ætti að banna.

# Landsbyggðin og Landspítalinn

Nýr Landspítali

**Jakob Ólafsson**
flugstjóri



Í skýrslu nefndar um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) við Hringbraut frá apríl 2004 er í 10. kafla fjallað um samgöngur við LSH og þar segir m.a.: „Mikilvæg forsenda fyrir staðarvali við Hringbraut var að sýnt þótti, að þar væri hægt að tryggja gott aðgengi ökutækja og sjúkraflugs“ og síðan segir: „Hlutverk LSH er m.a. að vera þungamiðja í íslensku heilbrigðiskerfi, en þangað verður leitað ef fjölmenn slys verða jafnframt því sem einstaklingar með smærri vandamál fá þar þjónustu.“ Þá er í skýrslunni fjallað um samgöngumiðstöð sem þjóni flugi, langferðabílum og strætisvögnum og þar með hagsmunum Landspítalans til að uppfylla skyldur sínar við landsbyggðina.

Síðan verða blikur á lofti, ný stjórnvöld taka við og skipt er út nefnd um Landspítalaverkefnið. Áherslur þessara nýju stjórnarherra eru að að losa sig við Reykjavíkurflugvöll með öllum ráðum og láta sem öryggi og hagsmunir landsbyggðarinnar séu þeim óviðkomandi.

Nú eru áherslurnar á gangandi og hjólandi fólk að væntanlegum stofna sér og öðrum í hættu með slíkum forgangsakstri.

Ekki hefur farið hátt um álit sem beðið var um og skilað af þyrluflugstjórum Landhelgisgæslunnar um öryggismál og ónæði af þyrlupalli á þaki tilvonandi Landspítala við Hringbraut eins og stefnt er að í nýju deiliskipulagi svæðisins.

Þyrlupallar á þaki sjúkrahúsbygginga, eins og núverandi nefnd um sjúkrahúsbygginguna leggur til, eru neyðarbrauð þar sem vanalega er um eldri sjúkrahúsbyggingar í þéttbyggðum svæðum að ræða sem taka eiga að sér nýtt hlutverk þar sem ekki er pláss fyrir þyrlupall á öruggu svæði í námunda við spítalann.

Ef þyrlupallar eru settir á nýjar spítalabyggingar er gert ráð fyrir rúmum öryggissvæðum til nauðlendinga við aðflug og brottflug þyrlna að pallinum því ef bilun verður í gírkössum eða stélskrúfu þyrlu við aðflug eða brottflug að þyrlupallinum hefur þyrluáhöfnin afar lítið svigrúm til að beina þyrlunni að heppilegum lendingarstað, aðeins það rými sem er nánast beint fyrir neðan þyrluna er í boði til nauðlendingar og því gæti skapast almannahætta við brotlendingu þyrlu á sjúkrahússvæðinu, í nálægri byggð eða á umferðargötu. Miðað við framtíðarskipulag Landspítalasvæðisins er gert ráð fyrir þéttri byggð og umferðaræðum í nágrenni spítalans og því slík öryggissvæði ekki í boði.

> Ekki hefur farið hátt um álit sem beðið var um og skilað af þyrluflugstjórum Landhelgisgæslunnar um öryggismál og ónæði af þyrlupalli á þaki tilvonandi Landspítala við Hringbraut eins og stefnt er að í nýju deiliskipulagi svæðisins.

Landspítala og mismuna þannig þeim sem lengra þurfa að sækja þjónustu á spítalann, eða með sömu rökum og beitt var við staðsetningu og byggingu Háskólans í Reykjavík, en nú í vetrarfærðinni er skólastarfið stendur sem hæst, má telja á fingrum annarrar handar fólk sem gengur eða hjólar í skólann og umferðarþungi bíla á svæðinu hefur hundruðfaldast frá því sem áður var.

Á málþingi um flugmál sem haldinn var 19. janúar sl. kristallaðist þetta landsbyggðarfálæti í orðum nokkurra ræðumanna, m.a. skipulagsfræðings og Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa/læknis, þar sem m.a. kom fram í orðum borgarfulltrúans/læknisins að engu skipti um staðsetningu og vegalengd flugvallarins frá Landspítalanum því þegar fagfólk væri komið á slysstað úti á örkinni þá skipti engu máli tími eða flutningsvegalengd sjúklings af slysstað á spítala. Þetta voru ný sannindi fyrir okkur sem störfum að björgun og sjúkraflutningum, þar sem fyrsti klukkutíminn er talinn skipta sköpum um lífslíkur alvarlega veikra eða slasaðra sjúklinga (svo kallaður „Golden Hour“) og með hverri mínútu þar eftir minnka lífslíkurnar verulega þar sem sjúklingar, m.a. ofkældir, í hjartaáfalli, með heilablóðfall, eða með innvortis blæðingar, sem ekki er möguleiki að greina í þröngu umhverfi sjúkraflugvéla/þyrlna, þurfa að komast með hraði á sjúkrahús til meðhöndlunar ef ekki á illa að fara.

Ef þetta er skoðun borgarfulltrúans/læknisins þá væntanlega kemur hann þessum boðum til sjúkraflutningamanna á höfuðborgarsvæðinu um að ekki sé þörf á forgangsakstri sjúkrabíla af slysstað á spítala á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki liggi neitt á, þeir geti allt eins beðið við stöðvunarskyldumerki og á umferðarljósum eins og aðrir og séu ekki að

Þá hafa engar mælingar verið gerðar á áhrifum bygginga á vind með tilliti til ókyrrðar og vindsveipa á þyrlupalli sjúkrahússins eða hávaðamælingar á nálæga byggð svo sem í Þingholtum, Skólavörðuholti, Norðurmýri og víðar en sjúkra- og björgunarflug á þyrlum fer fram hvort sem er að nóttu sem degi og því má búast við umtalsverðri röskun á hljóðvist á þessu svæði til framtíðar ef af þessum áformum verður.

Því var það niðurstaða álits þyrluflugstjóranna að útbúið yrði sameiginlegt athafnasvæði þyrlna og sjúkraflugvéla innan flugvallarsvæðisins sem næst sjúkrahúsinu þar sem öryggi sjón- og blindaðflugs að flugbrautum Reykjavíkurflugvallar nyti við. Þá er rétt að hnykkja á því vegna þráhyggju hörðustu flugvallarandstæðinga að þyrlur geta ekki leyst sjúkraflugvélar af hólmi þar sem þær flugvélar sem notaðar eru í sjúkraflugi hér á landi fljúga meira en helmingi hraðar og allt að þrisvar sinnum hærra en þyrlurnar og því fyrsti kostur þegar kemur að sjúkra- og björgunarflugi hér á landi, fyrir utan að vera miklu ódýrari í rekstri en þyrlurnar. Kostir þyrlnanna eru að þær gagnast best til sjúkra- og björgunarflugs í óbyggðum og hinum dreifðari byggðum landsins og í þjónustu við sæfarendur í kringum landið.

Ef ekki er hægt að tryggja gott aðgengi landsbyggðarfólks með sjúkraflugi að tilvonandi Landspítala, eins og ein af mikilvægum forsendum staðarvals spítalans við Hringbraut var í upphafi, er nauðsynlegt að hugsa dæmið upp á nýtt og finna honum og flugvellinum nýjan stað svo hann standi undir nafni sem Landspítali – spítali allra landsmanna og þungamiðja í íslensku heilbrigðiskerfi. Reykjavíkurborg gæti þannig fengið aftur Borgarspítalann í Fossvogi og rekið á eigin reikning.

LYFJA
– Lifið heil
Solaray
Laxalýsi
Smyr liðamót og vöðva, unnið úr fiskinum sjálfum.




www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 58217 01/12

# SJÁÐU VOLVO XC

**Opið í dag 9-17**
**Bíldshöfða 6**

Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og klið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegun eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.






## Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. $CO_2$ 219 g/km.
Verð frá kr. 10.990 þús.




## Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 9.090 þús.



## Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. $CO_2$ 179 g/km.
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6.**
**Opið í dag 9-17.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndum í auglýsingu.

# Erum við undirbúin fyrir hamfarir?

Almannavarnir



Hörður Már Harðarson
formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparsviðs Rauða kross Íslands, skrifaði grein í Fréttablaðið þriðjudaginn 17. janúar sem bar yfirskriftina „Hvað ef hið óhugsandi gerist?“ Í grein sinni veltir Þórir upp þeirri spurningu hvort við séum nægjanlega vel undirbúin fyrir stærstu hamfarir og hvort fyrir liggi skipulag eða þekking til að takast á við slíka atburði.

Eins og Þórir réttilega bendir á er til staðar afar gott skipulag til að takast á við ýmiss konar vá. Sjálfboðaliðasamtök eins og Rauði kross Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg leggja opinberum viðbragðsaðilum lið þegar takast þarf á við hið óvænta. Á undanförnum árum höfum við Íslendingar tekist á við hamfarir sem hafa verið miklar en, eins og Þórir nefnir, takmarkaðar í tíma og rúmi.

En hefur „hið óvænta“ gerst? Hafa komið upp hamfarir sem staðið hafa í langan tíma, lagt stór landsvæði í eyði eða hafa hamfarir dunið yfir það svæði sem megin-þorri þjóðarinnar býr á í dag? Það þarf ekki að fletta mörgum sögubókum til að finna svar við þessari spurningu og svarið er já. Að þessu gefnu er ekki annað hægt en að taka undir það sem kemur fram í grein Þóris og hvetja til þess að við nýtum þá þekkingu og reynslu sem til staðar er til að undirbúa okkur.

Eins og Rauði kross Íslands þá er Slysavarnafélagið Landsbjörg í erlendu samstarfi. Megintilgangur samstarfs Slysavarnafélagsins Landsbjargar erlendis hefur verið að flytja þekkingu til landsins sem ekki hefur verið til staðar og um leið að kynnast erlendu hjálparliði og vinnubrögðum þess ef til samstarfs kæmi hér á landi.

Eitt af því sem við þurfum t.d. að vita er hvernig við tökum á móti hjálparliði frá erlendum ríkjum án þess að brjóta þurfi lög eða fara á svig við reglugerðir. Það er skelfilegt til þess að hugsa að hjálp gæti borist of seint til þeirra sem eru í neyð vegna þess að lagaumhverfið stæði í veginum. Meðal þess sem við þurfum að skoða gaumgæfilega eru ný lög um almannavarnir. Þegar þau voru samþykkt frá Alþingi 2008 (lög 82/2008) varð til óvissa um verkaskiptingu milli almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og ríkisins. Sú óvissa endurspeglast svo í nýútgefinni starfsáætlun þar sem ekki er ljóst hvort það sé hlutverk nefndarinnar að skipuleggja og samræma hjálparstarf, þjálfun hjálparliðs og búnað.

Þessari óvissu þarf að eyða strax og þolir enga bið. Ör stækkun höfuðborgarsvæðisins kallar á skýrar línur í skipulagi sem ætlunin er að vinna eftir þegar/ef til hamfara kemur enda vitum við aldrei hvenær við þurfum að virkja það með litlum sem engum fyrirvara.

> Það er skelfilegt til þess að hugsa að hjálp gæti borist of seint til þeirra sem eru í neyð vegna þess að lagaumhverfið stæði í veginum. Meðal þess sem við þurfum að skoða gaumgæfilega eru ný lög um almannavarnir.

„Það kemur aldrei neitt fyrir mig“ er hugsunarháttur sem er því miður algengur en má ekki vera inni í myndinni þegar fjallað er um öryggismál og almannavarnir á Íslandi.

Við sem þjóð höfum margsinnis sýnt af okkur áræðni og dugnað, við höfum barist við óblíð náttúruöflin í gegnum tíðina, oft með miklum fórnum sem ekki eru ásættanlegar í dag. Með þá þekkingu og reynslu sem við búum yfir eigum við að búa þannig um hnútana að hér sé ávallt til staðar reglulega uppfært skipulag og þekking til að takast á við hamfarir af hverju tagi.




# Ég ætla að lesa

Menning



Daníel Andri Halldórsson
nemandi í 10. bekk í Giljaskóla á Akureyri

Það er mér mikils virði að fá að vera þátttakandi í vinnunni sem fram undan er við að glæða áhuga minnar eigin kynslóðar á lestri. Framlag sem er einn áfangi í langri vegferð. Vegferð þar sem reynt verður að snúa við óæskilegri þróun þegar kemur að lestri og lesskilningi okkar unglinganna. Sjálfur hafði ég ekki áttað mig á alvarleika málsins fyrr en ég heyrði af niðurstöðum starfshóps menntaráðs Reykjavíkurborgar síðastliðið haust um lesskilning jafnaldra minna og kynbræðra í reykvískum skólum. Samkvæmt niðurstöðunum getur nærri fjórðungur þeirra ekki lesið sér til gagns. Þetta þótti mér mjög athyglisvert. Í ljósi þessara niðurstaðna fékk ég áhuga á að kynna mér nánar hvað felst í hugtakinu læsi.

Ég ritaði grein fyrir Akureyrivikublað í lok nóvember sem bar yfirskriftina Læsi er skilningur. Í greininni velti ég fyrir mér hugtakinu læsi og hvernig lesskilningur tengist læsi órjúfanlegum böndum. Nú á tímum getur stór hluti jarðarbúa lesið og skrifað þó víða sé pottur brotinn í þeim efnum. Ekki er þó nóg að geta sett saman stafi og myndað orð og sett saman orð og myndað setningar til að teljast læs. Það þarf meira til. Hins vegar líta margir svo á að í læsi felist eingöngu sú færni að geta lesið texta.

Þar sem skilningur á hugtakinu er jafn misjafn og raun ber vitni er ekki óeðlilegt að upp komi misskilningur í umræðunni um læsi. Á Lesvefnum, sem unninn er á vegum Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf (SRR), kemur fram að læsi byggir að mestu leyti á þremur þáttum. Það er að geta lesið, skrifað og skilið innihald texta.

En er læsi nauðsynlegt í lífinu? Mér finnst það. Ég bý svo vel að búa í landi þar sem manni er kennt í 1. og 2. bekk að raða saman stöfum og orðum til að mynda setningar. Þar með myndu einhverjir telja að sigur væri unninn. Þegar lengra er komið, þ.e. á efsta stig í grunnskóla og í framhaldsskóla, ertu varla talin(n) læs nema þú kunnir að lesa, hafir góðan lesskilning og getir skrifað góðan texta.

Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) skilgreinir læsi með eftirfarandi hætti: „Læsi er hæfileikinn til að bera kennsl á, skilja, túlka, skapa og tjá sig með því að nota prentað eða ritað efni um mismunandi samhengi. Læsi tengist áframhaldandi lærdómi til að leyfa einstaklingi að uppfylla markmið sín, að þroska og leggja stund við þekkingu og hæfni sína og að taka betur þátt í samfélaginu í heild sinni“ [tilvitnun lýkur]. Það er ljóst að lesskilningur skiptir miklu máli þegar kemur að túlkun á hugtakinu læsi. Það er ekki nóg að kunna að lesa ef þú skilur ekki neitt um hvað textinn fjallar. Læsi er því skilningur!

Fólk er farið að horfa á sjónvarp og nota tölvur meira en áður. Vissulega lesa margir texta þegar þeir horfa á bíómyndir og aðrir sem lesa fréttir á netinu. Ég ímynda mér að fólk fari sjaldnar á bókasöfn og taki sér bækur til skemmtunar ef miðað er við fyrir daga tölvunnar. Verst er þó hvað við unglingar lesum bækur miklu minna en fullorðnir og minna en við gerðum áður fyrr. Við kjósum að eyða tíma okkar frekar á fésbókinni (Facebook), í tölvuleikjum eða með því að horfa á sjónvarpið. Einhvers staðar las ég að meira en helmingur unglinga á aldrinum 15-24 ára lesi ekki bækur sér til skemmtunar. Þá rakst ég á niðurstöðu rannsóknar frá 2007 sem sýna að unglingar lesa í að meðaltali 7 mínútur á dag. Ef rétt reynist finnst mér það mjög slæmt.

Ég vil taka það fram að ég sjálfur hef lengst af á minni skólagöngu verið latur við að lesa bækur mér til skemmtunar. Ég nota netið mikið, les reyndar texta á netinu, en hef hingað til kosið að eyða tíma mínum í eitthvað annað en bókalestur. Ég fer til dæmis eingöngu á bókasöfn til að læra, finna heimildir fyrir ritunarverkefni og ritgerðir og eitthvað álíka. Ég er nokkuð viss um að ég er ekki einn um að lesa sjaldan eða aldrei. Þessu vil ég breyta og er þetta meðal annars eitt áramótaheitið mitt, þ.e. að vera duglegri að lesa bækur. Ef krakkar á mínum aldri lesa ekki bækur, í það minnsta nokkrum sinnum á viku, ættu þeir að byrja á því núna. Það er mikið heimanám sem bíður í framhaldsskólunum og þá er gott að vera byrjaður að venja sig við. Betra er seint en aldrei!

Mikil hugarþjálfun felst í því að lesa bók, hugsa um söguþráðinn, sögusviðið, persónurnar og annað sem tengist bókinni. Ég held að maður eigi auðveldara með að einbeita sér ef maður er duglegur að lesa. Þá má ekki gleyma mikilvægi lestrar þegar kemur að stafsetningu. Eftir því sem meira er lesið því fleiri orð festast í minninu. Samræmdu prófin byggjast að mjög miklu leyti á lesskilningi og þá er auðvitað betra að vera orðin(n) læs.

Til að teljast vera orðinn læs er ekki nóg fyrir þig að geta raðað saman stöfum til að mynda orð. Þú þarft líka að geta skrifað texta og síðast en ekki síst skilið texta. Við unglingarnir gerum okkur kannski ekki grein fyrir því hvað við búum vel á Íslandi þar sem allir læra að lesa og skrifa. En það er ekki nóg. Þó við kunnum aðferðina þurfum við að halda áfram að lesa til að þjálfa lesskilninginn. Við þurfum að hvíla okkur á tölvunni og sjónvarpinu og fara að gefa bókinni aftur tækifæri. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að viðurkenna hvað ég og mínir jafnaldrar og kynbræður förum sjaldan á bókasöfn. Ég vona að við unglingar förum að átta okkur á hvaða afleiðingar það getur haft ef við höldum áfram á sömu braut áður en það verður of seint. Ég veit að ég mun ekki sjá eftir því að gera breytingar og eyða meiri tíma í lestur á kostnað tölvunnar.

> Mér finnst leiðinlegt að þurfa að viðurkenna hvað ég og mínir jafnaldrar og kynbræður förum sjaldan á bókasöfn.

Ég vil nota þetta tækifæri og hvetja jafnaldra mína og kynbræður sem og alla aðra landsmenn til að taka sér bók í hönd. Það ætla ég að gera.

# Ég óska þeim öllum til hamingju

Dýravernd



Klara Helgadóttir
félagsfræðingur

Ég vil óska þeim öllum til hamingju sem láta sig velferð dýra varða. Frá og með fyrsta degi þessa árs hefur nautaat verið bannað í Katalóníu á Spáni. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt bann tekur gildi á meginlandi Spánar en fyrir rúmum tveimur áratugum var nautaat bannað á Kanaríeyjum. Þarna hefur verið stigið stórt skref í dýravelferðarmálum, þó svo margir hafi gert lítið úr þeim þætti og sagt bannið einungis vera lið í sjálfstæðisbaráttu Katalóníumanna. Dýraverndarsinnar á Spáni hafa hins vegar hafnað þeim fullyrðingum.

Í ljósi þess hve Vesturlandabúar telja sig upplýsta og búa yfir miklum siðferðisþroska, vekur það hreinlega furðu að þessi hrottafengna iðja skuli enn þrífast á opinberum vettvangi og jafnvel njóta blessunar Evrópusambandsins. Eðlilegast væri að nautaatið tilheyrði hinum horfnu myrku öldum sem Vesturlandabúar horfa í dag til með hryggð og hryllingi. Tímanna þegar þrælum var att saman í Colosseum til að berjast til dauða, eða þegar fólk var brennt lifandi á báli fyrir meinta galdra. Því þótt hefðin hafi ríkt lengi, á hún ekki að duga ein og sér til að réttlæta eitthvað sem er í eðli sínu rangt. Svona á aflífun á dýri einfaldlega ekki að fara fram.

Í nautaati stígur þrautþjálfaður maður inn í hring, vopnaður hugviti sínu og eggvopnum, vel meðvitaður um það sem stendur til. Á móti honum stígur grunlaus grasæta inn í hringinn og felst gamanið í því að hún er hædd og spottuð af manninum sem murkar úr henni lífið. Dýrið er hrætt og pyndað hægt og rólega til dauða undir ærslum og lófataki blóðþyrstra áhorfenda. Það er sorglegt að allur sá urmull af ofbeldi sem fyrirfinnst í kvikmyndum og tölvuleikjum skuli ekki duga til að svala þessum fýsnum.

Eitt er víst og það er að leikurinn er aldrei tvísýnn né leikslokin spennandi. Í einstaka tilviki slasast nautabani í hringnum, en það er svo sjaldgæft að það kemst iðulega í heimsfréttirnar. Örlög nautsins eru hins vegar ávallt ráðin í upphafi. Það hverfur mér seint úr minni atriði úr erlenda fréttaannál ársins 2006, þegar naut sem leitt var inn í hring sturlaðist af hræðslu og flýði upp í áhorfendapallana. Miðað við líkamsbygginguna nautsins á þetta ekki að vera mögulegt, en slík var örvænting dýrsins.

Fyrir nokkru ræddi ég þessi mál við unga konu frá Spáni, og tekið skal fram að hún var ekki frá Katalóníu. Hún deildi sömu viðhorfum og ég í garð nautaatsins og sagði það þó hugguna að áhuginn færi dalandi hjá ungu kynslóðinni á Spáni. Nú til dags væru það helst afarnir í fjölskyldunum sem enn fylgdust með atinu, þótt auðvitað væru til nautaatsaðdáendur af báðum kynjum og í öllum aldurshópum.

Þrátt fyrir þverrandi áhuga heimamanna gengur miðasalan þó alltaf jafn vel. Ferðamennirnir kaupa það sem að þeim er rétt og stór hluti þeirra sem ferðast til Spánar telja það næstum skyldu sína að sýna þjóðaríþróttinni áhuga. Flestir sem fara á nautaat fyllast þó óhugnaði og kaupa sig aldrei inn á það aftur. Miðasalan gengur því að miklu leyti á svokölluðum forvitniskaupum. Það dugar til að halda iðnaðinum gangandi og vel það.

Nú er verið að taka dýraverndarlögin á Íslandi til endurskoðunar, og er það mikið fagnaðarefni. Sú lagabreyting felur í sér endurskoðun á siðgæðisvitund okkar og gildismati. Því er vonandi að Íslendingar sem ferðast til Spánar hugsi sig vandlega um áður en þeir kaupa sig inn á skemmtanir sem fela í sér pyndingar á dýrum, eða festa kaup á myndum og minjagripum sem nautaatinu tengjast. Spánn er fallegt land sem hefur upp á gríðarlega margt að bjóða. Þar má una sér við margt á ferðalagi, annað en að fylgjast með misþyrmingum á dýrum.

# Fögnum fjölbreytileikanum - einnig meðal lögmanna

Dómsmál

Auður Björg Jónsdóttir
héraðsdómslögmaður



Jón Egilsson hæstaréttarlögmaður hefur verið dæmdur til greiðslu sektar til ríkissjóðs á grundvelli e. og f. liðar 1. mgr. 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómari taldi að hann hefði hermt eftir meintum brotaþola í málflutningsræðu sinni, í máli sem meintur brotaþoli hafði m.a. höfðað á hendur umbjóðanda Jóns. Ég tel, eins og síðar kemur fram, að mat hins virðulega dóms hafi ekki verið rétt og ekki hafi verið tilefni til að gera lögmanninum réttarfarssekt.

Hlutverk lögmanna við aðalmeðferð dómsmála er að benda dómara á og draga fram þau sönnunargögn og sjónarmið, sem eru máli umbjóðanda hans til stuðnings, og reyna að sannfæra dóminn um að fallast eigi á rök umbjóðanda síns í málinu. Starfandi lögmenn skipta hundruðum og mikilvægt er að leyfa hverjum og einum að þróa sinn stíl og halda honum.

Sumir lögmenn telja rök sín best framsett með yfirveguðu og rólegu tali, jafnvel í einni og sömu tóntegundinni. Aðrir lögmenn tala í ýktum ræðukeppnisstíl, svokölluðum Morfís-stíl. Margir lögmenn lesa ræðu sína beint upp af blaði. Þannig er fjölbreytileikinn í fyrirrúmi og mikilvægt er að ekki sé reynt að steypa öllum í sama mótið.

Jón Egilsson er góður lögmaður, hann er sáttafús en fylginn sér, hann er afar sannfærandi og hefur skemmtilegan frásagnarstíl. Málflutningsræður hans eru oftar en ekki líflegar og nálgun hans á dómsmálum er oft á tíðum mjög áhugaverð.

Þess vegna sætir það furðu minni þegar hann er úrskurðaður til sektar fyrir að „herma eftir stefnanda [meintum brotaþola]…, er hann lék stefnanda [meintan brotaþola] kjökrandi að hringja í lögmann sinn vegna málsins.“ Málið sem meintur brotaþoli höfðaði m.a. á hendur umbjóðanda Jóns fjallaði um hvort umbjóðandi Jóns og málsaðili annar skyldu bera skaðabótaábyrgð á andlegri vanheilsu meints brotaþola, sem hann átti að hafa hlotið við líkamsárás sem átti sér stað árið 2006.

Við lestur viðkomandi dóms vekur það athygli að meintur brotaþoli hafði aldrei kvartað undan andlegri vanlíðan eða borið sig illa við aðila sem að málinu kom, þ.e. ekki kvartað eða tjáð vanlíðan við lögreglu, lækna eða hjúkrunarfólk heldur þvert á móti borið sig ágætlega. Því var þannig alls ekki haldið fram af hálfu meints brotaþola að hann hafi hringt kjökrandi í lögmann sinn. Þannig getur það ekki staðist að lögmaðurinn hafi verið að herma eftir meintum brotaþola enda hefur brotaþolinn aldrei kvartað með þessum hætti. Ekki verður séð hvernig er unnt að herma eftir einhverju sem ekki hefur gerst. Lögmaðurinn var einmitt að benda á að hann hefði ekki kjökrað eða kvartað, líkt og einstaklingur sem orðið hefði fyrir áfallaröskun.

Að hæstaréttarlögmaðurinn skuli í málflutningsræðu sinni lýsa því, með leikrænum tilburðum, hvernig ætla mætti að skelkaður eða sleginn maður myndi hegða sér gagnvart lögreglumönnum og heilbrigðisstarfsfólki sem meðhöndlaði hann eftir líkamsárás, ætti ekki að virða sem vanvirðingu í garð meints brotaþola eða réttarins, heldur var þetta, í þessu tilviki, mikilvægur hluti af málatilbúnaði umbjóðanda lögmannsins.

Málatilbúnaður umbjóðanda Jóns í málinu byggði m.a. á því að hin geðrænu einkenni meints brotaþola, sem hann taldi umbjóðanda Jóns m.a. bera ábyrgð á, væri ekki að rekja til líkamsárásarinnar, sem átti sér stað árið 2006. Lögmaðurinn benti á að frá þeim tíma og þar til meintur brotaþoli var metinn af matsmönnum til örorku vegna geðrænna einkenna hafði hann misst föður sinn, skilið við eiginkonu og upplifað hótanir af hálfu aðila sem viðriðnir voru mansalsmál.

Í framhaldi af því bendir lögmaðurinn á að enginn þeirra sérfræðinga sem meðhöndluðu meintan brotaþola eftir líkamsárás urðu varir við að hann hafi orðið fyrir áfallastreituröskun en lögmaðurinn lýsti í ræðu sinni, með leikrænum tilburðum, hvernig einkenni áfallastreituröskunar koma fram og ættu ekki að dyljast sérfræðingum sem að málinu koma, líkt og lögreglu eða heilbrigðisstarfsfólki. Ekki verður séð að slíkt hafi ekki tengst málinu eða ekki viðkomið málsstað umbjóðanda Jóns, sem var sýknaður.

> Sumir lögmenn telja rök sín best framsett með yfirveguðu og rólegu tali, jafnvel í einni og sömu tóntegundinni. Aðrir lögmenn tala í ýktum ræðukeppnisstíl, svokölluðum Morfís-stíl. Margir lögmenn lesa ræðu sína beint upp af blaði. Þannig er fjölbreytileikinn í fyrirrúmi og mikilvægt er að ekki sé reynt að steypa öllum í sama mótið.

Ætla verður lögmönnum svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sannfæra dómarann um málstað umbjóðanda síns. Við lifum í þjóðfélagi þar sem reynt er, á hinum ýmsu sviðum, að steypa alla í sama mótið. Því verðum við að berjast gegn og fagna fjölbreytileikanum.



ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook
www.kia.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JAMES JOYCE** skáld (1882-1941) fæddist þennan dag.

*„Þjóð er fólk sem býr á sama stað.“*



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, stuðning og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Svavars F. Kjærnested**

Kleppsvegi 134, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar E-13 Landspítalanum Hringbraut, starfsfólki Líknardeildarinnar í Kópavogi, sem og Heimahjúkrun.

**Svanlaug Jónsdóttir**
**Borgþór S. Kjærnested**
**Ragnheiður Kjærnested** **Ásmundur Jónsson**
**Erna S. Kjærnested** **Gunnar Benediktsson**
**Kolbrún Svavarsdóttir** **Heiðar Bjarndal Jónsson**
**Erling S. Kjærnested** **Anna Sigurrós Össurardóttir**
**Þórhildur S. Kjærnested** **Kristinn Friðjónsson**
**Sigrún Alda S. Kjærnested** **Kristófer Kristófersson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Guðmundsdóttir**

hús< stjórnarkennari frá Harðbak,

lést sunnudaginn 29. janúar sl. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 15.00.

**Guðmundur Þorgeirsson** **Bryndís Sigurjónsdóttir**
**Gestur Þorgeirsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Eiríkur Ingvar Þorgeirsson** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Jónsdóttir Thorlacius**

frá Moldhaugum,

lést þann 23. janúar sl. á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnþór Jón Þorsteinsson** **Guðlaug H. Jónsdóttir**
**Ester Þorsteinsdóttir**
**Þröstur Þorsteinsson** **Saard Wijannarong**
**Rósa Þuríður Þorsteinsdóttir** **Bjarni Rafn Ingvason**
**Eygló Helga Þorsteinsdóttir** **Baldur Jón Helgason**
**Margrét Harpa Þorsteinsdóttir** **Oddur Helgi Halldórsson**
**Ása Björk Þorsteinsdóttir** **Kristþór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Bjarkeyjar Sigurðardóttur**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 16. janúar sl.

**Páll Sveinsson**
**Unnur Pálsdóttir**
**Gylfi Pálsson** **Delia Neri**
**Guðlaug M. Pálsdóttir** **Gunnar Stefánsson**
**og barnabörn**

GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR: RANNSAKAÐI BÓKMENNINGU KVENNA

# HEIMURINN Í EINU HANDRITI

Guðrún Ingólfsdóttir rannsakaði meðal annars handritamenningu kvenna í doktorsritgerð sinni sem gefin hefur verið út í bókinni „Í hverri bók er mannsandi.“ Handritasyrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld.

Hún segir frá niðurstöðum sínum í fyrirlestrinum Bóklausar og blindar? Handrit í höndum kvenna sem fram fer á vegum Rannsóknastofu í kvennaog kynjafræðum í stofu 132 í Öskju í dag klukkan tólf.

„Í rannsókn minni gerði ég skrá yfir handrit í eigu kvenna og komst meðal að því að bókaeign þeirra var fjölbreyttari en mig óraði fyrir. Það er töluvert af mýtum í gangi um þátt kvenna í bókmenningu og mikið hefur verið gert úr því að konur hafi einkum lesið og átt trúarleg rit. Ég komst að því að svo er ekki,“ segir Guðrún sem fór skipulega yfir handrit frá 17., 18. og 19. öld til þess að rannsaka bókaeign kvenna.

Doktorsritgerð hennar einskorðast þó við 18. öldina. „Ég hef mikinn áhuga á 18. öldinni, hún er svo dýnamísk, upplýsingin var helsta hugmyndastefnan á þeirri öld og margir fræðimenn álíta að þá höfum við staðið á þröskuldi nútímans. Sérhæfnin var að verða meiri á þessum tíma með auknum rannsóknum, þannig að örðugra var að hafa yfirsýn yfir allan heiminn. En einmitt þess vegna er spennandi að skoða handrit frá tímabilinu og athuga hvernig menn reyndu að höndla heiminn í einu handriti.“

Handritin sem Guðrún rannsakaði eru svokallaðar handritasyrpur en það eru handrit með fjölbreytilegu efni, skrifuð af einum skrifara. „Það má segja að skrifararnir séu höfundar bókanna þó að þeir séu ekki höfundar efnisins. Þeir sönkuðu efninu að sér og skipuðu því niður,“ segir Guðrún sem leitaði logandi ljósi að handritasyrpu frá 18. öld sem væri skrifuð af konu. „Mér tókst ekki að finna slíka en ég fann handrit sem var skrifað fyrir konu, Þóreyju Björnsdóttur, húsmóður á menningarheimili við upphaf aldarinnar, sem ég rannsakaði sérstaklega.“

Ýmsar ályktanir um heimsmynd manna og lífssýn má draga af handritasyrpunum að sögn Guðrúnar. „Ég hef ástæðu til að ætla að Þórey hafi haft hönd í bagga með að velja efnið í handriti hennar og það segir því ýmislegt um stöðu hennar sem húsmóður og uppalanda. Uppistaðan í handriti hennar er kveðskapur og þar er einnig ýmiss konar fræðsluefni, til dæmis stærðfræði og tímatalsfræði, en ýmsar fyrri alda konur voru sleipar í tímatalsútreikningi. Í aftasta hluta handritsins er svo kveðskapur til að skemmta Þóreyju sjálfri, þar eru til dæmis lausavísur eftir Pál Vídalín sem var hálfgerður poppari þess tíma.“

Guðrún segir meira til af handritum úr eigu íslenskra kvenna frá 19. öld og þau sýni að konur hafi haft áhuga á veraldlegum kveðskap og fjölbreyttum fróðleik. „Konurnar vildu ekki bara sitja með sálmabók í skauti.“

sigridur@frettabladid.is



**GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR** Bókaeign kvenna á fyrri tíð var fjölbreyttari en gert hefur verið ráð fyrir til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Móðir okkar,*

**Svava Sigurðardóttir,**

áður til heimilis að Skúlagötu 20,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rúdolf Ingólfsson**
**Unnur Ingólfsdóttir**
**Jean Jensen**



*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Helgasonar**

Mýrarvegi 111, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar, starfsfólks Lerkiog Asparhlíðar og alls þess góða fólks, sem annaðist hann í erfiðum veikindum.

**Snjólaug F. Þorsteinsdóttir**
**Ólína E. Jónsdóttir** **Halldór M. Rafnsson**
**Þorsteinn St. Jónsson** **Hildur Edda Ingvarsdóttir**
**Helgi Rúnar Jónsson** **Olga Hanna Möller**
**Margrét Elfa Jónsdóttir** **Arnór Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Guðlaug Sigurðardóttir**

Skipalóni 27, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

**Sigurður S. Szarvas** **Elisabeth Haugen**
**Sindri Ó. Szarvas**
**Andri A. Szarvas**
**Sveinn Sigurðsson** **Kolbrún Oddbersdóttir**
**Pétur Sigurðsson**
**Agnes Sigurðardóttir** **Björn Birgir Björgvinsson**
**Gunnar Sigurðsson** **Hafdís Jensdóttir**



**Kristinn Helgi Gíslason**

fyrrverandi bæjarverkstjóri, Hornbrekkuvegi 5, Ólafsfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 29. janúar sl. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 4. febrúar klukkan 14.00.

**Sigríður Vilhjálms**
**Gísli Kristinsson** **Ragnhildur Vestmann**
**Sigurður Kristinsson** **Þorgerður Jósepsdóttir**
**Íris Hrönn Kristinsdóttir** **Ingvar Karl Þorsteinsson**
**afabörn, langafabörn og systkini hins látna.**


4BLS BÆKLINGUR
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 325kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
NÝTT
SJÓÐHEITT VAR AÐ LENDA
FLAKKARI
KORTALESARI
MINNISLYKILL
1TB FLAKKARI
1TB Hitachi LifeStudio Desk Plus flakkari með 4GB minnislykli og er jafnframt minniskortalesari
14.900
STÓRSNIÐUG NÝJUNG !
LACIE
USB 3.0
VIRKAR EINNIG Á ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
2TB FLAKKARI
LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi
24.900
10X MEIRI HRAÐI MEÐ USB3
1TB
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari, innb. USB snúra, kemur í bláu eða rauðu
19.900
500GB
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari, innb. USB snúra, silfur, blár eða rauður
14.900
LACIE
2TB NETWORK SPACE2
Tengist beint við heimanetið svo allar tölvur á heimilinu geti tengst og deilt gögnum
29.900
LACIE NETWORK SPACE 2
NÝR VEFUR
GLÆSILEG NÝ VEFVERSLUN MEÐ FRAMÚRSKARANDI VIÐMÓT OG MÖGULEIKA Á WWW.TOLVUTEK.IS
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
2. FEBRÚAR 2012 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

acer

# VERITON

## 23" ALL IN ONE BORÐTÖLVA

- Intel Core i5-2400s 3.3GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 23" LED FULL HD 1920x1080 skjár
- 512MB Core i HD Graphics skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2.0MP HD vefmyndavél innbyggð
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

ALL IN ONE 23" BORÐTÖLVA

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

NÝ OG ÖFLUGRI

ASUS

# EEEBOX

## BORÐTÖLVA Á TILBOÐI

- Fusion Dual Core X2 E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- Hægt er að festa aftan á skjá
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 2xUSB3.0, 4xUSB2, HDMI, VGA o.fl.
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**69.900**

ÖRSMÁ OG ÖFLUG HEIMILISTÖLVA

EB1021

NÝ KYNSLÓÐ SEM SPILAR NÚ HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira

AÐEINS 360g

ANDROID

POINT OF VIEW mobii

mali 3D GRAPHICS

A6 VISION AMD

QUAD CORE AND AMD RADEON™ GRAPHICS

INNBYGGÐ HARÐDISK DOKKA

USB3 AÐ FRAMAN

# GIGABYTE

## DELUXE TÖLVUTILBOÐ 1

Ný kynslóð öflugra leikjaturna með öflugri örgjörva, öflugasta grafíska kjarna í heimi og nýjustu SATA3 og USB3 tækni.

- Thermaltake V3 BlacX Deluxe turn
- AMD A6-3670K Quad Core 2.7GHz 4MB
- GIGABYTE A75M-S2V móðurborð
- 8GB DUAL DDR3 1600MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB Radeon HD6530D DX11 skjákjarni
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**129.900**

DELUXE VÉL Í LEIKI OG VINNSLU

MEST SELDI SSD DISKURINN OKKAR

Chronos

# 120GB

## SATA3 SSD DISKUR

- 120GB Mushkin Chronos SSD diskur
- Háhraða SATA3 SSD stýrikerfisdiskur
- Höggvarinn að 1500G álagi
- Read 550MB/sec, Write 515MB/sec
- SandForce SF2281 háhraða stýring
- TRIM fyrir meiri stýrikerfishraða
- 90000 IOPS einn hraðasti SSD í dag

**29.900**

ÚRVAL SSD DISKA FRÁ 9.990

# LEIKJA HEYRNARTÓL

- 5.1 DTS Surround heyrnartól
- Dynamic 40mm SpeakerDriver
- Enhanced Bass performance
- Tvær tegundir af eyrna púðum
- Innbyggður stafrænn MIC
- Gullhúðað USB tengi

**16.900**

SHOCK ONE FRÁ Thermaltake

# M6900 LEIKJAMÚS

- Ein flottasta leikjamúsin í dag
- High-Precision 3200dpi tækni
- On-the-fly 3ja þrepa DPI stillingar
- Gaming Grade 30G hröðun
- 5 forritanlegir hnappar
- Gaming Grade gúmmí grip

**4.990**

M6900 GAMING GRADE MOUSE

MINNI Á BETRA VERÐI

# 4GB MUSHKIN MINNI

Hágæða Mushkin 1333MHz DDR3 Stiletto vinnsluminni með kæliplötum og lífstíðarábyrgð

**3.490**

8GB DUAL DDR3 6.990

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

# ÞRÁÐLAUST SETT

Hágæða þráðlaust Media lyklaborð og mús frá Gigabyte með ábrenndu íslensku letri

**3.990**

GIGABYTE KM7580 LYKLABORÐ&MÚS

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

# LEIKJALYKLABORÐ

LED upplýst leikjalyklaborð með ábrenndu íslensku letri, Macro hnöppum, USB hub, ofl. ofl.

**9.990**

GIGABYTE AIVIA K8100

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Afturhvarf til fortíðar** Áhrifa frá þriðja og sjöunda áratugnum mun gæta í tískunni í ár. Á sjöunda áratugnum voru kringlótt gleraugu og bjartir litir áberandi en einkennandi fyrir þann þriðja eru hnésíð pils og kjólar.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




DÝRÐLEGUR AÐHALDSKJÓLL

Misty - fyrir allar konur

Teg SLIMDRESS
- stærðir
B, C, D skálar
á kr. 12.850

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
Verslaðu á vefnum Frí sending að 20 kg 1 árs skilaréttur
Rýmingarsala 40%
afsláttur af völdum HOMEDICS vörum
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

FULL VERSLUN AF GLÆSILEGRI VORVÖRU!



Vertu vinur okkar á Facebook
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


**Lúka Art & Design er í hópi hönnuða sem valdir voru á sýninguna CPH Vision á tískuvikunni í Köben.**

## *Frábært að komast að*



Okkur var boðið að taka þátt í CPH Vision en það er tískusýning innan tískuvikunnar í Kaupmannahöfn. Hönnuðir eru sérstaklega valdir inn á þá sýningu og frábært að vera í hópi þeirra sem boðið er að taka þátt,“ sagði Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður þegar Fréttablaðið náði af henni tali í vikunni.

Brynhildur rekur fyrirtækið Lúka Art & Design ásamt manni sínum Rúnari Leifssyni en hún stofnaði það fyrir nokkrum árum ásamt systur sinni, Gunnhildi, utan um hönnun þeirra á munstruðum prjónafatnaði. Eftir að Gunnhildur sneri sér að öðru á síðasta ári hefur Brynhildur alfarið séð um hönnunina.

„Áherslur hafa breyst. Í línunni eru ekki lengur bara peysur og yfirhafnir heldur hef ég bætt við pilsum og kjólum, buxum og fleiru.

;FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**Bleikrauðan kinnalit** er gott að hafa í snyrtibuddunni yfir vetrarmánuðina þegar sólin heldur sig fjarri og húðin er skjannahvít. Með sólarpúðri og kinnalit er auðveldlega hægt að virðast útitekinn.



Fatahönnunarfyrirtæki Brynhildar Þórðardóttur og Rúnars Leifssonar var valið til þátttöku á tískusýningunni CPH Vision í Kaupmannahöfn á Copenhagen Fashion Week sem nú stendur yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Prjónaflíkur Lúka eru framleiddar á Íslandi en aðrar flíkur hjá umhverfisvottuðum framleiðanda á Indlandi.

Brynhildur leggur áherslu á abstraktmunstur í haust- og vetrarlínu Lúka 2012.

Framhald af forsíðu

Prjónavörurnar eru framleiddar hér á Íslandi en við erum komin í samband við framleiðsluaðila á Indlandi með umhverfisvottun sem framleiðir annan fatnað fyrir okkur. Við verðum einnig með lítinn bás á tískuvikunni í Kaupmannahöfn og kynnum haust- og vetrarlínuna okkar 2012,“ segir Brynhildur en þetta er í annað sinn sem Lúka Art & Design tekur þátt á tískuvikunni.

„Okkur var boðið að taka þátt í sýningunni í ágúst í fyrra og fengum svo frábær viðbrögð að sýningarhaldararnir vildu að við kæmum aftur. Við slógum auðvitað til. Það er mikilvægt að fylgja vörunni eftir, sérstaklega fyrir hönnuði frá litlu landi,“ segir Brynhildur en tískuvikan í Kaupmannahöfn er talin meðal helstu tískuhátíða heims. Hana sækja kaupendur alls staðar að úr heiminum og fjölmiðlar um allan heim fjalla um það sem fyrir augu ber.

„Þetta getur verið stökkpallur. Við fengum mikið út úr sýningunni í fyrra, bæði erlenda kaupendur og umfjöllun erlendra fjölmiðla. Fötin okkar komust meðal annars í framhaldinu í sölu í Danmörku og vonandi getum við fylgt því enn frekar eftir núna.“


Síðustu dagar útsölunnar
40-70% afsláttur.
www.rolo.is
RÓLÓ

MATUR



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

NÝ SENDING
SVARTAR DRAGTIR
OG SÍÐ PILS



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Útsala - Útsala
allt að 50% afsláttur
Stórar stærðir



TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

TÍSKA



Útsölu-lok
30 - 50% afsláttur af útsöluvöru
25% aukaafsláttur af útsöluvörum reiknast við kassa
Vertu vinur á Facebook



Flott föt fyrir flottar konur,
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Ferming í FLASH
Kjólar, ermar, leggings, skart.



Fleiri myndir á Facebook
Vertu vinur
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# Forynja hættir - Sara María til Sjávarleðurs

**Verslunin Forynja hættir um helgina, Hönnuðurinn Sara María Júlíudóttir er flutt á Sauðárkrók og byrjuð að selja fiskileður á alþjóðamarkaði fyrir Sjávarleður. Hún fékk tilboð sem hún gat ekki hafnað.**

„Þetta er alveg frábært og ótrúlega spennandi,“ segir Sara María Júlíudóttir, fatahönnuður sem flestir kenna við Nakta apann eða Forynju, sem flutt er norður á Sauðárkrók og farin að sinna sölustörfum fyrir Sjávarleður. „Ég bara gat ekki hafnað þessu tilboði. Starfið felst fyrst og fremst í því að selja fiskileður; karfa-, lax-, hlýra- og þorskleður, í Evrópu og Ameríku en ég mun fara á ýmsar sölusýningar til dæmis í Le Cuir í París og Lineapelle í Bologna á Ítalíu sem eru sérhæfðar sýningar fyrir hönnuði sem eru í leit að góðu leðri. Auk þess fer ég í söluferðir til New York og Evrópu og reikna með að vera mikið á ferðinni að hitta ýmsa hönnuði og fulltrúa stórfyrirtækja á borð við Givenchy, Alexander Wang, Nine West, Sonia Rykiel og Sergio Rossi svo að ég er alveg svakalega spennt að fá að spreyta mig í þessu nýja starfi,“ segir Sara María.

Hvað verður um þína eigin línu og Forynju? „Forynja hættir núna um helgina svo að það eru síðustu forvöð að næla sér í góða flík á góðu verði.“ Hvað getur fólk gert ef því langar að eignast föt eftir þig en kemst ekki í Forynju um helgina? „Það verður bara að bíða,“ segir Sara María og hlær. „Ég vil ekki vera að plana of mikið núna því ég er nýbyrjuð í mjög spennandi starfi sem segja má að sé eins konar framhald á því sem ég hef verið að gera. Vinna með efni og vera í kringum skapandi fólk svo ég er bara mjög spennt yfir að fá tækifæri til þess að vinna með fyrirtæki sem er á fullri siglingu á alþjóðamarkaði. Ég verð samt áfram með Facebook-síðu Forynju og fólk getur fylgst með í gegnum hana.“

Sara María á ekki orð til að lýsa viðtökunum á Sauðárkróki. „Þetta er bara í einu orði sagt æðislegt. Ég átti alveg von á því að ég yrði með heimþrá til að byrja með en ég finn ekki fyrir neinu slíku. Það er yndislegt fólk í verksmiðjunni og góður mórall og allir tilbúnir til að aðstoða mann með hvað sem er. Sama er að segja um bæjarbúa. Það eru allir ótrúlega hjálplegir hérna og hafa tekið vel á móti mér. Ég sé ekki eftir neinu.“ *fridrikab@frettabladid.is*



Sara María er alsæl á Sauðárkróki og segist hlakka mikið til að takast á við starfið hjá Sjávarleðri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





NÝ SENDING AF SKÓM

Allir á 10.800 – 12.800 kr.



GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005

# FERÐATÖSKUDAGAR



20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM Á 2 HJÓLUM

í 3 daga
frá fimmtudegi
til laugardags

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is



Kynning – í dag frá kl. 16–18




Amma mús
-handavinnuhús

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15



Splunkunýjar vörur

Útsölulok í dag
2. febrúar

Opið frá kl. 11-21.00



Allt að 70% afsláttur.
FATNAÐUR, SKÓR, SKART OG TÖSKUR
Fyrir skvísur á öllum aldri.

Komdu og gerðu
frábær kaup.

Sjáumst í Grímsbæ

ARNA

Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15

Vertu vinur á facebook ;)




Blaðamanni Elle þótti magnað að baða sig í heitum jarðsjó þó úti væri norðurheimsskautskuldi.

# Bláa lónið í Elle

**Nýleg umfjöllun um Bláa lónið í tískutímaritinu Elle er jákvæð fyrir vetrarferðamennsku á Íslandi.**

Blaðamaður breska tískutímaritsins Elle fór lofsamlegum orðum um Bláa lónið í nýlegri umfjöllun. Í greininni segir blaðamaðurinn Suzanne Scott, sem sótti Lónið heim, það hafa verið mikla upplifun að baða sig utandyra í heitum jarðsjó þó úti hafi verið íslensk stórhríð og norðurheimsskautskuldi. Hún segir hitastig lónsins gera það að verkum að gestir geti notið eiginleika þess allan ársins hring og meðal annars sefað þurra og viðkvæma húð.

Magnea Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Bláa lónsins, segir umfjöllunina jákvæða fyrir vetrarferðamennsku á Íslandi. „Scott fjallar á jákvæðan hátt um íslensk jarðvarmaböð en þau eru lykilþáttur í íslenskri heilsuferðaþjónustu.“

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice



# Sjálfsdáleiddir karlar og konur með jarðsamband

Ef tískuhönnun karla og kvenna er skoðuð kemur í ljós að þar er talsverður munur á. Við getum verið sammála um að karlar hafa ákveðna líkamlega ágalla til að skilja konur, til dæmis hvernig flík á að falla niður af öxlum, umlykja brjóstin eða mittið. Kannski er það þess vegna sem karlar eru oft að reyna við hið ómögulega eða ótrúlega því kvenmyndin sem þeir skapa er draumur hönnuðarins um konuna eða hvað konan á að vera.

Þegar litið er á kvenhönnuði í Frakklandi sem sumar hverjar eru lítið þekktar utan landsteinanna þá eiga þær margar það sameiginlegt að hanna það sem þær vilja sjálfar nota og hafa oft byrjað feril sinn þannig. Með tímanum hafa þær svo reynt að víkka út sjóndeildarhringinn fyrir fleiri og stækka viðskiptavinahópinn. Þetta eru hönnuðir eins og Isabelle Maront, Veronique Leroy, Anne-Valérie Hash og Vanessa Bruno í yngri hópnum en af þeim eldri má nefna Agnès B. eða Nathalie Rykiel sem nýlega tók við stjórn tískuhúss Soniu Rykiel af móður sinni. Þessir kvenhönnuðir njóta nú sífellt meiri vinsælda í Bandaríkjunum og má spyrja hvort þessi þægilegi fatnaður höfði nú sterkar til kvenna en áður. Hvort sem það er Marant, Bruno eða Leroy þá eiga þær allar sameiginlegt að hafa fundið upp kjóla sem passa öllum, peysur sem seljast eins og heitar lummur eða boli sem allar konur vilja eiga. Skór eru með eða án hæla en alltaf þægilegir. Töskur eru til þess að nota en ekki bara til skrauts og svona mætti áfram telja. Hugsunin að baki er að þær vilja geta notað allt sem þær hanna og þess vegna höfðar hönnunin svo sterkt til nútímakvenna.

Munurinn á tískusýningum kven- og karlhönnuða er oft sláandi þar sem hjá körlum er mikið gert úr sýningunni sjálfri, enda kvenveran sem sýnd er ekki til. Þess vegna er alltaf hægt að ganga lengra í öfgunum. Kvenhönnuðirnir leggja mun meiri áherslu á fötin sjálf en sýninguna sem oft er þá einfaldari.

Á tískuvikum eru mun færri kvenhönnuðir sem sýna en þeim fer fjölgandi. Hjá Chloé, Celine og McQueen eru konur til dæmis nú við stjórn. Væri ekki gaman að sjá hvað kvenhönnuður myndi gera hjá Dior ef hún kæmi í stað Gallianos? Væri hægt að breyta glamúr Dior-konunni í konuna í næstu blokk eða þá í húsinu á horninu sem er „working nine to five“ eins og Dolly Parton söng um árið í „Working girl“ þar sem konurnar voru á íþróttaskóm og með hælaskóna í töskunni.


Kynning - auglýsing

# Stjörnurnar nota NIP + FAB kremin

**Breska húðvörulínan NIP+FAB frá Rodial er náttúruleg og án allra parabena. Varan þykir bæði vönduð og ódýr. NIP+FAB hentar öllum húðgerðum.**

NIP+FAB hefur algjörlega slegið í gegn og er sem dæmi notað af öllum helstu stjörnum Hollywood um þessar mundir, meðal annars leikkonunum Kristen Stewart, Kelly Brook og Charlize Theron og fleirum,“ segir Sesselja Sveinbjörnsdóttir, þjálfari hjá fyrirtækinu Forval, um bresku húðvörulínuna NIP+FAB sem hefur farið sigurför um heiminn.

Breska fyrirtækið Rodial stendur að baki NIP+FAB-línunni en það var stofnað af Mariu Hatzistefanis árið 1999. Hún kynnti merkið til sögunnar tveimur árum síðar eftir að hafa gert markaðsrannsóknir sem leiddu í ljós að brýn þörf var á vandaðri og ódýrri húðvörulínu.

„Niðurstaðan varð náttúruleg grunnlína án parabena bæði fyrir andlit og líkama sem gefur frábæran árangur,“ upplýsir Sesselja.

Allir geta notað NIP+FAB línuna segir hún og tekur dæmi. „Eitt kremið er „primer“ fyrir andlitið. Yfirleitt er „primer“ notaður yfir dagkrem og undir farða til að halda honum fullkomnum allan daginn. Sérstaða NIP+FAB „primers“ er að það má nota hann einan og sér því hann gefur góðan raka og ljær húðinni fallegan og ferskan blæ. Silkimjúka áferð sem meira að segja karlmenn geta ööðlast eftir rakstur.“

Annað krem í línunni hefur ekki síður vakið athygli, svokallað „Bust Fix Gel“ sem Sesselja segir gætt þeim eiginleika að móta og stinna brjóstin, styrkja brjóstasvæðið upp að hálsi og viðhalda fallegri brjóstaskoru, eitthvað sem allar konur dreymir um.

Þá segir Sesselja NIP+FAB klæðskerasniðið fyrir íslenskar aðstæður. „Línan er full af andoxunarefnum og styrkir náttúrulegar varnir húðarinnar. Hún veitir hins vegar ekki vörn gegn útfjólubláum geislum sólarinnar enda þurfum við á þeim að halda á sumrin.“

**NIP+FAB** líkamslínan er mjög virk og sýnilegur árangur kemur fljótt í ljós.
- Tummy Fix: sléttur og flottur magi
- Bust Fix: stinnari brjóst, flottari brjóstaskora
- Cellulite Fix: slétt, stinn og fallegri húð

**Útsölustaðir NIP+FAB**

**Reykjavík:** Hagkaup; Kringla, Holtagarðar, Skeifan, Spöngin. Snyrtivöruverslun Hygea Kringla. Verslanir Lyfju. Reykjavíkur Apótek.
**Kópavogur:** Hagkaup Smáralind, Snyrtivöruverslun Hygea Smáralind. Lyfja Smáratorg.
**Garðabær:** Hagkaup Garðabæ, Lyfja Garðatorgi.
**Reykjanesbær:** Hagkaup Njarðvík.
**Akureyri:** Hagkaup Akureyri, Betri Líðan.





# POPP

TÓNLISTARBLAÐ • 2. FEBRÚAR 2012

# SYKUR

„HVERJIR EINUSTU TÓNLEIKAR SEM VIÐ SPILUM ERU FLUGELDASÝNING ÚT Í EITT“

*„ÉG HEF ÓTAKMARKAÐAN AÐGANG AÐ SJÓSKÍÐUM Á FÁSKRÚÐSFIRÐI OG Í REYKJAVÍK“*

*SÍÐA 6*

## TÓNLEIKAR

**Í kvöld:** Hljómsveitin Lights on the Highway er að fara í hlé um ókomna tíð. Af því tilefni heldur hljómsveitin kveðjutónleika á Gauknum þar sem hléið er afsakað og tímabilið frá 2003 til 2012 gert upp. Húsið verður opnað klukkan 21 og tónleikarnir hefjast klukkan 22. Miðaverð er 1.000 krónur.
**Á morgun:** Úlfur úlfur og Emmsjé Gauti koma fram á Cafe Amour á Akureyri. Húsið verður opnað klukkan tíu og það er frítt inn.
**Ekki á morgun heldur hinn:** Trums spilar á English Pub í Hafnarfirði. Húsið opnar klukkan 21.30. Hljómsveitina skipa Richard Scobie, Guðmundur Jónsson, Davíð Þór Hlínarson, Pétur Kolbeinsson og Guðmundur Guðlaugsson.

**POPP** er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.
**Umsjón:** Atli Fannar Bjarkason
**Forsíðumynd:** Anton
**Auglýsingar:** Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs365.is
*Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500*

# CHICANE HEILLAÐIST AF VIGRA Í FRAKKLANDI

*HLJÓMSVEITIN VIGRI HEFUR NÝLOKIÐ SAMSTARFI VIÐ BRESKA DANSTÓNLISTARMANNINN CHICANE. HANN HEFUR UNNIÐ MEÐ TOM JONES, CHER OG BRYAN ADAMS Á FERLI SÍNUM.*



Hljómsveitin Vigri í góðu stuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breski danstónlistarmaðurinn Chicane eyddi fimm dögum á Íslandi fyrir skömmu við upptökur með hljómsveitinni Vigra.
Chicane, sem er stórlax í danstónlistarsenunni, hefur gefið út fimm hljóðversplötur og er einna þekktastur fyrir Ibiza-smellinn Offshore. Hann hefur unnið með Tom Jones, Cher og Bryan Adams en valdi í þetta sinn að starfa með Vigra en hljómsveitin blandar saman poppi, þjóðlagatónlist og klassík á draumkenndan hátt.
„Hann var að tala um að að hann hefði heyrt í okkur í útvarpi í Frakklandi og fann síðan plötuna okkar á netinu,“ segir Bjarki Pjetursson í Vigra og á þar við Pink Boats sem kom út í fyrra.

Chicane samdi og tók upp tvö lög með Vigra hér á landi og áætlað er að þau verði á næstu plötu hans sem kemur út í mars. „Danstónlistin er kannski ekki alveg okkar kaffibolli en það var mjög gaman að vinna svona öðruvísi verkefni,“ segir Bjarki, sem hafði ekki hugmynd um hver Chicane var þegar hann fékk póst frá honum. „Ég fór bara á Youtube og tékkaði strax á honum og hann er eitthvað svaka nafn.“

Samstarfið gekk eins og í sögu og lokuðu þeir sig af í hljóðveri þar sem lögin tvö voru unnin. „Við vorum að vinna allan tímann og hann náði ekki að sjá neitt. Hann var bara inni í stúdíói og það var lítið sofið,“ segir Bjarki. „Það kom dálítið á óvart hversu svakalegur fagmaður hann var. Hann vissi hvað hann var að gera og er algjör toppmaður. Við gerðum nákvæmlega okkar hljóm. Við vorum ekkert að dansvæna okkur neitt upp. Svo blandar hann þessu saman og býr til dansútgáfu af laginu.“

Inntur eftir því hvort þetta samstarf eigi ekki eftir að veita þeim frægð og peninga í vasann segist Bjarki vona það.

Á meðan á dvöl Chicane á Íslandi stóð lýsti hann yfir áhuga á að halda tónleika hér á landi og sýndu Vigra-piltarnir honum helstu tónleikastaðina í Reykjavík.

Vigri er ekki með útgáfusamning erlendis en þeir félagar vonast til að dreifingarsamningur verði undirritaður í nánni framtíð. Tónleikaferð um Evrópu er einnig í bígerð á þessu ári. **- fb**







## PLATAN



# POPPAÐ EN KRAFTMIKIÐ

**VICKY**
*CAST A LIGHT* ★★★



Cast a Light er önnur plata hafnfirsku rokkhljómsveitarinnar Vicky, en hún er skipuð þremur stelpum og einum strák. Eygló syngur, Ástrós spilar á bassa, Karlotta á gítar og Orri á trommur. Vicky er mjög öflugt og skemmtilegt tónleikaband og hefur meðal annars vakið mikla athygli á Iceland Airwaves undanfarin ár. Tónlistin sem þau spila er kraftmikið gítarrokk með poppuðu ívafi. Lagasmíðarnar á Cast a Light eru fínar, ryþmaparið er þétt og gítarleikarinn er að gera mjög góða hluti. Eygló er líka hörku rokksöngkona og verður bara betri. Það eru tíu lög á plötunni og þau standa öll fyrir sínu, þó að ég haldi einna mest upp á Feel Good, Lullaby, Cast a Light og lokalagið Gold, sem sker sig nokkuð úr: Rólegt og órafmagnað popplag með víóluleik. Cast a Light kom út í haust, en flaug frekar lágt. Vicky hefur vakið athygli erlendis og m.a. spilað bæði í Bandaríkjunum og Kína, auk þess sem sjálfur David Fricke hjá Rolling Stone mælti sérstaklega með Cast a Light nýlega. Tónlistin sem Vicky spilar er ekki það ferskasta í dag, en Cast a Light er samt sem áður mjög vel unnin og heilsteypt rokkplata.

**Sem sagt:** Heilsteypt og vel unnin rokkplata **- TJ**


SAMSUNG
Skemmtu þér með félögunum.
Samsung
GALAXY Tab
Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða.
Söluaðilar um land

# ELEKTRÓTÓNLIST MEÐ VÉLMENNINU

*Elektró poppsveitin Sykur er ein heitasta hljómsveit landsins um þessar mundir. Lagið Reykjavík hefur slegið í gegn og fetar það í fótspor Viltu Dick? sem einnig naut mikilla vinsælda.*

**Orð:** Freyr Bjarnason
**Myndir:** Anton Brink

Elektró poppsveitin Sykur hefur komið gríðarsterk inn í nýja árið með laginu Reykjavík sem er tekið af annarri plötu hennar, Mesópótamía, sem kom út fyrir síðustu jól við góðar undirtektir.

Í laginu rappar ný söngkona sveitarinnar, Agnes Björt Andradóttir, af miklum krafti og fádæma öryggi. Ekki vita þó allir að það var þessi frammistaða sem tryggði henni söngvarastöðuna í hljómsveitinni og að Reykjavík var frumflutt hér á landi fyrir einu og hálfu ári.

„Það var frumflutt á Menningarnótt 2010 fyrir fullu Bankastræti. Svo tók við mikið stúdíótímabil hjá okkur þar sem við vorum að klára nýjustu plötuna okkar. Þá datt lagið aðeins niður og núna er það fyrst að komast í gang," segir Halldór Eldjárn úr Sykri. Auk hans og Agnesar Bjartar eru í sveitinni frændi hans Kristján Eldjárn og Stefán Finnbjörnsson.

Aðspurður segist Halldór vera mjög ánægður með framlag Agnesar Bjartar til hljómsveitarinnar. Hún gekk til liðs við hana eftir að hafa verið beðin um að semja textann við Reykjavík. „Svo kom hún nokkrum mánuðum seinna með fullunninn texta og rappaði sig í gegnum þetta. Ég leyfði strákunum að heyra og þá sögðum við: „Við verðum að fá þessa inn í hljómsveitina"," segir hann.

Lagið Viltu Dick? var langvinsælasta lag fyrstu plötu Sykurs, Frábært eða frábært, sem kom út 2009. Þar rappaði Blazroca eins og hann ætti lífið að leysa. Kom aldrei til greina að fá hann til að syngja Reykjavík? „Erpur er allt öðruvísi rappari og þetta er kannski mýkra lag en Viltu Dick?. Þetta samstarf átti mjög góðan hápunkt í Viltu Dick?. Það er svo auðvelt að fara að endurtaka sig ef maður notar sömu formúluna aftur, þannig að við prófuðum að gera eitthvað allt annað."

Vinsældir lagsins hafa valdið því að salan á Mesópótamíu hefur tekið mikinn kipp upp á síðkastið. „Við vorum líka dálítið eftir á að gefa hana út. Hún átti að koma út fyrir Airwaves en er búin að taka fínan kipp núna og við erum virkilega þakklát fyrir það. Við erum búin að spila dálítið upp á síðkastið og erum að fara að spila meira. Það hefur mikil áhrif líka."

Talandi um spilamennsku þá steig Sykur tvisvar á svið erlendis í fyrra, eða í Eistlandi og London. Um miðjan febrúar er svo ferðinni heitið til Óslóar á bransahátíðina by:Larm. Þar spila einnig GusGus, Helgi Hrafn Jónsson, Mugison, Prinspóló, Sóley og Snorri Helgason. „Við erum



Sykur er ein heitasta hljómsveit landsins um þessar mundir.

ótrúlega spennt og höldum að Norðmenn eigi eftir að taka vel í þetta. Ég held að þessi hátíð hafi haft mjög mikið að segja fyrir margar hljómsveitir í gegnum tíðina og það láta allir mjög vel af henni. Það er góður kjarni af Íslendingum að fara út með okkur og það er rosalega gaman að vera með íslenskum hljómsveitum í útlöndum," segir Halldór.

Flokka má Sykur í sama tónlistargeira og sveitir á borð við Bloodgroup og FM Belfast. Eruð þið öll góðir vinir eða ríkir samkeppni á milli ykkar? „Við erum öll alveg ótrúlega góðir vinir og þetta er mjög skemmtilegur hópur. Maður talar ekkert um samkeppni í tónlist. Þessar hljómsveitir eru allar mjög mismunandi. Þær hafa sína hópa sem skarast en svo er þetta líka bara skemmtileg tónlist. Bloodgroup var til dæmis mín fyrirmynd þegar ég var að byrja að gera rapptónlist. Þá voru þau líka frekar nýlega byrjuð. Svo kynntumst við þeim og þau tóku okkur eiginlega að sér. Það hefur alltaf verið mjög gott samstarf þar á milli og líka við FM Belfast," segir hann. Árni Vilhjálmsson úr FM Belfast syngur einmitt í laginu Shed Those Tears sem er á Mesópótamíu, auk þess sem Lilja Kristín Jónsdóttir, fyrrverandi söngkona Bloodgroup, söng kvenkynspartinn í Viltu Dick?.

Er samstarf við einhverja fleiri í bígerð á næstunni? „Við vonumst til að geta fengið einhvern tímann að búa til elektrótónlist með sprengjuleitarvélmenni Ríkislögreglustjóra. Burtséð frá tilgangi sprengjuvélmennisins þá hljómar það alveg rosalega skemmtilega – krúttsprengjuvélmenni eitthvað." Þannig að þið leggið hér með fram beiðni um það? „Já, en samt án þess að það hljómi eins og einhver sprengjuhótun."

*„VIÐ VONUMST TIL AÐ GETA FENGIÐ EINHVERN TÍMANN AÐ BÚA TIL ELEKTRÓTÓNLIST MEÐ SPRENGJULEITARVÉLMENNI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA."*

Fram undan hjá Sykri er spilamennska á böllum á Akranesi, Akureyri og hjá Kvennaskólanum. Spurður út í sviðsframkomuna segir Halldór hana eitt af aðalsmerkjum Sykurs. „Hverjir einustu tónleikar sem við spilum eru flugeldasýning út í eitt. Við leggjum gríðarlega mikinn metnað í að enginn fari út þurr á enninu og öðrum líkamspörtum. Þetta er bara partí fjör og snilld í bolla."

Hljómsveitin er á mála hjá Record Records hér heima. Hún er einnig með erlendan umboðsmann sem hefur unnið í því að koma henni að úti í heimi. „Hann er að vinna með okkur í að plana og plotta."

Þannig að það er metnaður í ykkur að ná langt? „Já, já og líka fyrst og fremst að hafa gaman og skemmta öðrum."

**POPPSKÚRINN**
Horfðu á Sykur flytja þrjá dúndursmelli í Poppskúrnum á Vísi.is.





Umm ... beikonbragð!

**Kartöflugratín með beikoni** *er fljótlegt og auðvelt í matreiðslu. Þú rífur einfaldlega plastfilmuna af bakkanum, stráir osti yfir og það tekur aðeins 20 mínútur að hita kartöflugratínið í ofni. Auðveldara getur það ekki verið!*

**Kartöflugratín - alltaf ljúffengt**

Þykkvabæjar

*– íslensk gæði eftir þínum smekk!*






# 100%
# NÁTTÚRULEG
## - engin aukaefni!

**Dolmio pastasósan er 100% náttúruleg. Hver krukka inniheldur 10 safaríka tómata og ítölsk krydd. Í Dolmio pastasósum eru engin aukaefni.**




**Hvenær er þinn DOLMIO dagur?**

DOLMIO

PIPAR\TBWA • SÍA • 112877



## NÝ PLATA Á ÞESSU ÁRI

Hljómsveitin The Vaccines með Íslendinginn Árna Hjörvar á bassanum ætlar í hljóðver í Belgíu í mars til að taka upp sína aðra plötu og er hún væntanleg síðar á árinu.

Upptökustjóri verður Ethan Johns sem hefur unnið með Kings of Leon, Ryan Adams og Ray LaMontagne. „Ástæðan fyrir því að við vildum vinna með Ethan er ekki af því að hann framleiðir vinsæl lög á færibandi heldur leggur hann mikið upp úr vönduðum lagasmíðum," sagði söngvarinn Justin Young við NME.

# ROKKPRÓFIÐ



9 STIG

***01.*** *HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI?* ***02.*** *HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ?* ***03.*** *HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKIN/N?* ***04.*** *ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI?* ***05.*** *ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG?* ***06.*** *ALLIR EIGA LEÐURJAKKA EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR?* ***07.*** *ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM?* ***08.*** *MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATÓ GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU?* ***09.*** *Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ?* ***10.*** *BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?*



8 STIG

### JÓNSI Í SVÖRTUM FÖTUM *SÖNGVARI*

1. Nei, ég held að það sé bara fyrir aumingja. **1**
2. Ég myndi hringja í Nikka á Eskifirði. Hann hefur reddað okkur þegar við höfum fest hljómsveitarrútuna í Öræfum. **1**
3. Ég var seinast áminntur af lögreglunni fyrir að brjóta flösku fyrir utan Sjallann á Akureyri þegar ég var 19 ára. **1**
4. Nei, en ég hef ótakmarkaðan aðgang að sjóskíðum bæði á Fáskrúðsfirði og í Reykjavík. **0**
5. Nei, en ég er með kvennafar á handleggnum. Þetta er klórör eftir æstan dansleik á Akureyri þar sem kynning á gervinöglum var nýyfirstaðin. **1**
6. Ég átti einu sinni leðurbuxur sem ég losaði mig við þegar þær voru tilbúnar til að segja eigið nafn, þær voru orðnar svo ógeðslegar. **1**
7. Já, hann heitir Óli Týr þar. Þeir sem þekkja bransann þekkja þetta. Helgi Björns kallar sig Holy B og einhver svaraði á móti: „Hver er þessi Óli Týr?". **1**
8. Nei, ég er svo lélegur í ensku. **1**
9. Kevin Smith, hann er með miklu betri húmor heldur en ég. Hann getur sannað fyrir fólki að ég hafi einhvern tímann verið fyndinn. **1**
10. Gin og tónik. **1**

### ÓLÖF JARA SKAGFJÖRÐ *SÖNGKONA*

1. Nei, aldrei. Og mun aldrei gera. **1**
2. Fer út í vegkant til að húkka far. The show must go on. **1**
3. Hef aldrei verið handtekin. **0**
4. Nei, en ég á nokkur í útlöndum. Telur það? **1**
5. Nei, ekki enn þá. **0**
6. Já, þrennar meira að segja. **1**
7. Nei, en ég er með númerið hjá Magna. Æ, þarna gæjanum úr Rockstar... **1**
8. Nei, ekki séns. **1**
9. David Fincher. Svona kvenkyns Fight Club-mynd. **1**
10. Viskí eða koníak. **1**









# VANTAR ÞIG SYKUR?




Hljómsveitin Sykur gaf út plötuna Mesópótamía í fyrra. Platan er ansi hressandi og það kæmi okkur á ritstjórn Poppsins ekki á óvart ef þú, lesandi góður, þráðir að eignast hana.

Mögulega ertu enn þá blankur/blönk eftir jólin og sérð ekki fram á að geta keypt hana, þrátt fyrir að þig langi svo að eignast hana. En hvað er til bragðs að taka? Við erum að sjálfsögðu með lausn. Allavega mögulega lausn.

Nú skalt þú fara inn á Facebook, leita að Poppi og smella á „like". Ef þú hefur þegar gert það, geturðu sleppt því. Allir vinir Popps eiga möguleika á að vinna þessa frábæru plötu með Sykri og þeir þurfa ekki að gera neitt. Ekki deila neinu og ekki áreita neinn. Bara vera búin/n að smella á „like".

Þetta verður ekki mikið einfaldara. Við drögum í næstu viku. Vertu viðbúin/n.




Aurora
Atli Rafn Sigurðarson
Helgi Björnsson
AXLAR-BJÖRN
Nýtt verk úr smiðju Vesturports
Leikstjórn: Björn Hlynur Haraldsson
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FIMM VERSTU

*HANDBOLTA ROKK LÖGIN*



***FROSTI LOGASON***

*ÚTVARPSMAÐUR Á X-INU 977*



**WITH ARMS WIDE OPEN**

**1** With Arms Wide Open með Creed er tvímælalaust handboltarokklag númer 1. Reyndar gæti allt með þessari sveit verið á þessum lista en það má að mörgu leyti segja að Creed séu hinir raunverulegu feður handboltarokksins. Fyrsti aðdáandi sveitarinnar á Íslandi, Hans Steinar Bjarnason, var starfsmaður á X-inu 977 á þessum tíma og kynnti þennan hrylling fyrir landanum. Það skal engan undra að Hansi er orðinn einn helsti íþróttafréttamaður þjóðarinnar í dag.

**HANGING BY A MOMENT**

**2** Þó svo að handboltarokkið sé ef til vill best skilgreint sem einhvers konar „ég tel mig vera miklu meiri maður en ég í raun og veru er" mikilmennsku-syndróm, þá á það sér líka væmnari hliðar. Þar kemur hljómsveitin Lifehouse gríðarlega sterk inn og ofursmellurinn Hanging by a Moment var klárlega óumdeilt flaggskip þeirra.

**KRYPTONITE**

**3** Kryptonite var fyrsti „singull" Mississippi-sveitarinnar 3 Doors Down og má segja að með tilkomu hans hafi handboltinn á Íslandi fengið adrenalínsprautu í rassgatið. Textinn fjallar enda um sjálfan Superman og ekki laust við að margur handboltakappinn hafi fengið sér sérstaklega feita slummu í vörina daginn sem þetta lag kom út.

**THIS IS HOW YOU REMIND ME**

**4** Eins og sjálfsmorðssprengjuárásir tilheyra nánast undantekningarlaust trúarofstækismönnum þá á handboltahreyfingin þessa hljómsveit skuldlaust. This Is How You Remind Me með Nickelback kom út um það leyti sem Hansi Bjarna var að byrja í íþróttafréttunum. Lagið er líka eitt það viðbjóðslegasta úr þessari kategoríu, þó alltaf sé erfitt að gera upp á milli kúks og skíts.

**HERO OF THE DAY**

**5** Þú getur fundið lélega tónlistarmenn sem gera góða tónlist hvar og hvenær sem er, en til þess að góðir tónlistarmenn geri virkilega lélega tónlist þá þarftu að kafa djúpt ofan í eitt sísta tímabil Metallica. Hero Of The Day er kannski ekki svo hræðilegt lag þegar litið er til baka en það bakaði sveitinni óæskilegan aðdáendahóp úr innsta hring handboltans. Aðdáendahópur sem sveitin hefur enn ekki náð að hrista af sér og margir vilja meina að muni hanga yfir sveitinni eins og grátt ský allt til endaloka.

# *GABRÍEL MEÐ STJÖRNUHRÖP*

Lagið Stjörnuhröp er komið út. Það er hugarfóstur dularfulls tónlistarmanns sem vill ekki gefa upp sitt rétta nafn. Hann hefur komið víða við í íslensku tónlistarlífi um árin en fetar nú nýjar slóðir undir listamannsnafninu Gabríel. Með laginu er kynnt til sögunnar nýtt afl í íslensku hipphoppi. Gabríel fékk til liðs við sig söngvarann Valdimar Guðmundsson og rapparann Opee sem saman setja svip á lagið. Opee er meðlimur O.N.E. og hefur auk þess unnið með mörgum af helstu hipphoppsveitum landsins, til að mynda Quarashi og Original Melody. Valdimar Guðmundsson er forsprakki hljómsveitarinnar Valdimar og hefur á undanförnum mánuðum fest sig í sessi sem einn vinsælasti söngvari þjóðarinnar. Hægt er að hlusta á lagið og hala því niður frítt í takmarkaðan tíma á síðunni Gabrielicеland.bandcamp.com. Fleiri upplýsingar má finna á Facebook.com/gabrieliceland.



NÝTT LAG Gabríel, Opee og Valdimar hafa sent frá sér lagið Stjörnuhröp.





Loðhúfa í rússneskum stíl frá Viktori og Rolf.


Hermannlegur klæðnaður frá tískuhúsi John Galliano.


Drungalegur hattklæddur maður á sýningu Comme Des Garcons Plus.


Röndótt dress frá Lanvin.


Frakkaklæddur með húfu á sýningu Raf Simons.


Gráklæddur með hatt á tískusýningu Christian Dior.

# Heill sé þér hattur

Höfuðföt af ýmsu tagi voru vinsælir fylgihlutir á tískuvikunni í París nýlega þar sem kynntar voru tískulínur karlmanna fyrir haustið 2012.

Í kuldanum þarf að næra húðina með kremi áður en farði er borinn á. Serum hentar stundum betur undir farða en andlitskrem en á þessu tvennu er munur. Serum inniheldur nærandi olíur. Það mýkir húðina og gefur henni stinna áferð. Það gengur hratt inn í húðina og má bera á hana farða innan fárra mínútna. Serum er ekki jafn rakagefandi og dagkrem. Ef húðin er þurr þarf hugsanlega að nota andlitskrem samhliða.





KJÓLL 12.900 KR.
BELTI 4.990 KR.
LEGGINGS 2.990 KR.


KJÓLL 14.900 KR.
BLÚNDUERMAR 5.900 KR.
LEGGINGS 2.990 KR.


KJÓLL 14.900 KR.
BLÚNDUERMAR 5.900 KR.
KROSS 5.990 KR.


KJÓLL 14.900 KR.
BLÚNDUERMAR 4.990 KR.
LEGGINGS 2.990 KR.

**Ferming 2012**
**aldrei meira úrval**

COSMO
Kringlunni

Lagersalan hjá Hafnhildi
í fullum gangi

Nú 20% viðbótar afsláttur
af öllum stökum jökkum.

Jakkar - Skór - Pils - Kjólar

Mikið úrval, 60-90% afsláttur

Verðdæmi: Jakki upphaflegt verð 39.900
- nú 4.990 og með 20% auka 3.990

hjá Hafnhildi á 2. hæð
Engjateigur 5 • 2. hæð • www.hjahrafnhildi.is

Sími 581 2141 Opið virka daga frá kl. 12-18 laugardaga frá kl. 10-16



ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Ullarfóðruð gúmmístígvél
Há og lág
Margir litir






Garðatorgi - Garðabæ

# Umdeild sýning

**Jean Paul Gaultier notaði söngkonuna sálugu Amy Winehouse sem innblástur á tískusýningu sinni í París á dögunum. Fjölskylda Winehouse var ekki sátt við útfærslu Gaultier.**

Heysátuhárgreiðslan, fegurðarbletturinn og áberandi augnmálningin sem Amy Winehouse var sem frægust fyrir var gegnumgangandi þema í sýningu Gaultiers. Fötin voru öll í anda söngkonunnar, glannaleg og í stíl sjötta áratugarins. Þó hátíska sé ekki orðið sem kemur fyrst upp í hugann þegar litið er í gegnum fataskáp Winehouse, tókst Gaultier að töfra fram sérstæð klæði í háum gæðum eins og hans er von og vísa. Þó eru ekki allir sáttir við hönnuðinn en eins og fram hefur komið þótti fjölskyldu söngkonunnar sýningin heldur ósmekklega framsett.



Fyrirsæturnar voru sumar hverjar með sígarettu í munnvikinu.

Eiturgrænn hátískukjóll sem ber keim af stíl Winehouse.

Blátt dress í stíl við blátt hár.

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan



NISSAN PATROL 4-2006 35" EK 87 Þ. SVART LEÐUR V-4190 ATH SKIPTI RAÐNÚMER.192426.



NISSAN NAVARA 35" 7-2009 SJÁLFSSK EK.17 Þ. MJÖG FLOTTUR BÍLL V-5690 ATH SKIPTI RAÐNÚMER.192686.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4 DISEL 2-2006 EK 232Þ ÞJÓNUSTUBÓK ALLT LANGKEYRSLA NÝ UPPT GÍKASSI FRÁ HEKLU V-1490

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Klettshálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



TOYOTA Rav4 4wd. Árgerð 2004, ekinn 195 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Ný yfirfarin Verð 1.350.000. Rnr.100059. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Avensis w/g sol. Árgerð 2010, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.180563. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



TOYOTA Yaris sol diesel. Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.140969. Uppl. í símar 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**DIESEL !**
BMW X5 Diesel 05/2006 ek. 114 þ.km Leður, lúga ofl. gott eintak, góð þjónusta skipti möguleg verð 4980 þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



KIA Sportage CRDi 4x4 Árgerð 06/2011, ekinn 26þ.km, bsk. Bíll eins og nýr! Er til sýnis í salnum hjá okkur. Verð 4.990.000 kr. Raðnúmer 132019. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgerð 2008, ekinn 63 Þ.KM, sjálfskiptur, topplúga, bakkmyndavél. Frábært verð 9.700.000. Rnr.204854.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



M.BENZ Ml320 cdi. Árgerð 2006, ekinn 131 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Umboðsbíll! Rnr.154654.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!! Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

HEIMSBÍLAR



M.BENZ E 200 kompressor komp (041) avantgarde. Árgerð 11/2006, ekinn 80 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,leður.17" álfelgur, EINN SÁ FLOTTASTI, Verð 3.790.000. Rnr.332234.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



Opel Astra árg.'99 ekinn 150þ.Ný framdekk,nýir bremsuklossar. Næsta skoðun jan'13.Verð 350þ.s.8622989



Til sölu Toyota Avensis Wagon , 9/2007, ek. 66 þ.km. Einn eig., þjónb., sjálfssk., álfelg., 6 CD, reyklaus o.fl. Verð kr. 2.450.000. Áhv. ca 1,7 (um 47 þ.kr.) Vel með farin og í mjög góðu standi. Sumar og vetrardekk, Uppl. síma 820-0380



Skoda Octavia Ambiente 4x4. Bensín, ek. 123þ. árg. '06, Ný tímareim + vatnsdæla. Esp Skrikvörn, 15" álfelg+ 4 vetrad. á felgum. Ásett 1.690þús, stgr. 1.490. Engin skipti. Uppl. 899 9533.

Til sölu Subaru impressa '98. Ek 160þús. Með tjón á hægri hlið. V. 200þús. Uppl í s. 848 5280

## 0-250 þús.

Isuzu Trooper '99árg, ekinn 236þús, Disel, 33" dekk, nýskoðaður, 650þús S:6917405 & 8571580

Renault Kangoo 4x4. árg 2007, ekinn 59 þús, ný kúpling, tímareim og afturdemparar, betri en nýr. Verð 1.450.000 s. 692-3132

## 500-999 þús.

Corolla árg. 03 e. 154 þ. Glæný dekk. Verð 960 þ. Uppl. í s. 8209022 e. kl. 17.

WW Golf Highline 1600cc sjálfskiptur árg 2004 ekinn 78.000 km., bensín gullmoli með topplúgu. Verð kr. 990 þús. Sími 860 4295, Kristján.

## 1-2 milljónir

Steingrár Suzuki Swift '05 ek 58þús á nöglum sumardekk fylgja. Spoiler & felgur. 1150þús S. 8695878

## Bílar óskast

Musso dísel óskast. Lítið eða ekkert breyttur. Er með V40 Volvo mikið upptekinn og stgr. milli. Uppl. í s. 899 2276 eftir kl 16.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Vinnuvélar






**Terex 3713 sx til sölu**
Til sölu Terex skotbómulyftari - 3700kg - 12m - lítið notaður og í topp standi! Árgerð 2007. Lyfta.is - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

## Bátar

BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

ÞRIF & þvottur
Reykjavíkurvegi 48 - S. 893 0611

Alhliða hreingerningarþjónusta. Teppahreinsun / Bónþjónusta / flutningsþrif. Þrif og þvottur, Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla. Óli smiður, sími 698 9608.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tölvur

omnis
tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Nudd

Slökunarnudd rvk 101. Tel. 857 0740.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Símaspá ræð drauma, ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727 Stella.

Spásíminn 903 3090 Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarotlestur Draumaráðningar. Trúnaður.

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Styrkir

### Auglýsing frá Menningarsjóði Íslands og Finnlands

Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Finnlands og Íslands. Í því skyni veitir sjóðurinn árlega ferðastyrki og annan fjárstuðning. Styrkir verða öðru fremur veittir einstaklingum en stuðningur við samtök og stofnanir kemur einnig til greina. Styrkir til að sækja norrænar eða alþjóðlegar ráðstefnur koma að jafnaði ekki til greina.

**Athygli er vakin á að nú er einungis hægt að sækja um rafrænt á veffanginu: www.hanaholmen.fi.**

Umsóknarfrestur um styrki úr sjóðnum fyrir tímabilið 1. júní 2012 - 31. maí 2013 rennur út þann 29. febrúar 2012. Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum verður tekin fyrir lok maí nk. Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku eða norsku. Fyrirspurnir má senda á: fonderna@hanaholmen.fi.
Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands, 31. janúar 2012

## Atvinna

**Starfsfólk óskast**

Europris óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- Vaktstjóri
- Afgreiðslufólk í fullt starf
- Afgreiðslufólk í hlutastarf

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu *Europris* í síma 533 3366 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið *matti@europris.is*.

Europris

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Er hálka?**

**Við eyðum hálku**
**Íslenska Gámafélagið býður upppá hálkueyðingu, söndun og söltun á öllum stærðum og gerðum plana.**
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**
**S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Fatabreytingar
Allar fatabreytingar og viðgerðir
SKRADDARINN Á HORNINU
Skúlagata 26 • Reykjavík
552 5540

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Ódýrt blek og tóner
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
Sími 553 4000

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is**
**í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**TILBOÐ**
Flottir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir í gráu, svörtu og rauðu. TILBOÐSVERÐ: 3.500.- Meðan birgðir endast. Misty skór Laugavegi 178 s: 5512070 Opið: 10 - 18 virka daga, lau 10-14.






NÝJAR VÖRUR!! Einnig helling á 50% afslætti.Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni. s: 588-9925 emilia.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar undan verðlaunahundum með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

Þrír fallegir kettlingar,2fressar og 1læða óska eftir góðum heimilum.S-8691961

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Snyrtileg ca 60 ferm íbúð laus í Mosf. bæ. Skilyrði - reykleysi og reglusemi. 3 mán. fyrirfram, leiga 90 þús, per mán. uppl. anitap@vis.is eða 6998832

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir að taka á leigu stúdíó-íbúð eða litla 2. herb. íbúð í hfj eða kóp. Helst til lengri tíma. Má þarfnast lagfæringar. Reglusemi og reyklaus einstaklingur. Meðmæli ef óskað er eftir því. Uppl. 618-5459.

## Atvinnuhúsnæði

**Dalvegur, Kópavogi**
Til leigu 75fm jarðhæð á góðum stað við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í s. 696 8054

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði




Vertu þinn eigin herra í lífinu. LR health & beauty System Stærsta MLM fyrirtæki evrópu. S. 568 8977 eða 773 6099

**Handflakari óskast.**
Vanur handflakari óskast til starfa sem fyrst. 2 vanar konur óskast til starfa vanar beinhreinsun og til almennra fiskbúðarstarfa. Vinnutími c.a. 7.30-15.30. Umsóknir skal senda á kristjan@fiskikongurinn.is eða Kristjan 896 0602 Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.



# PLAYTAB2PRO

## 7" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg og öflug multimedia spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 2.3 stýrikerfi

- 7" Resistive snertiskjár 800x480 (16:9)
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust WiFi n net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 5 tímar
- HDMI 1.4a mini, 2xUSB2 og MicroSD
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Android 2.3 Gingerbread og fjöldi forrita

**19.900**

SPJALDTÖLVA Á ÓTRÚLEGU VERÐI




# PROTAB2

## 10" MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

- 10" 5-punkta fjölsnertiskjár 1024x600
- 1080p HDMI mini til að tengja í sjónvarp
- 4GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- Spilar kvikmyndir beint af USB flakkara
- 300Mbps þráðlaust WiFi n net
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Android 2.3 Gingerbread og fjöldi forrita

**36.900**

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




# HD6850

## 1GB LEIKJASKJÁKORT

- 1GB GDDR5 4.2GHz 256-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 960 Stream P.U. & 48T.U. fyrir leikina
- Með Eyefinity spilar þú leiki í 3 skjám
- HDMI 1.4a, DisplayPort og 2xDVI
- Mjög hljóðlát Windforce 2X tækni
- Eitt vinsælasta leikjaskjákortið okkar

**26.900**

1GB HD6950 Á TILBOÐI 39.900




# 2TB

## FULL HD MEDIA PLAYER

- Ný kynslóð 1080p FULL HD spilara
- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080p HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, USB, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.

**39.900**

1.5TB AÐEINS 36.900




GL2450

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

Glæsilegur LED skjár frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman ásamt Sensey3 tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080p 16:9
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**29.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Á 24" LED




# HV339T

## FULL HD SPILARI

- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Hægt að bæta við 3,5" SATA harðdisk
- Dual Digital DVB-T tuner með upptöku

**21.900**

SPILAR OG TEKUR UPP




# 720p

## HD VEFMYNDAVÉL

- 720p TRUE HD video myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- 16:9 WideScreen format
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir videospjall
- TrueColor tryggir myndgæðin

**4.990**

MICROSOFT LIFECAM HD3000




G2750

# 27"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

- 27" LCD FULL HD 1080P 16:9
- 50.000:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun

**44.900**

GLÆSILEGUR 27" LCD SKJÁR

# VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




# 7"LCD

## MYNDARAMMI

- 7" Stafrænn myndarammi frá Coby
- Glæsilegur dökkbrúnn viðarrammi
- 200 cd/m2 birtustig og 300:1 skerpa
- Birtir JPG, JPEG og BMP myndir
- Dagatal og klukka innbyggð
- Les minniskort og minnislykla
- Borðstandur og veggfesting fylgir

**9.990**

8" MYNDARAMMAR FRÁ 14.900




# HD 720p

## 3D SKJÁVARPI

- 720p HD upplausn 1280x720 16:9
- 3D DLP og nVIDIA 3D Vision Ready
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2200 lumens, 10000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl

**149.900**

BenQ W700 3D GAMERS&MOVIE

4BLS BÆKLINGUR



SB004

# TS11

## NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva og nýjasta og einn öflugasta skjákjarna í heimi

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 6 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA



NÝ SENDING KOMIN AFTUR Í HVÍTU

packard bell

**119.900**

FÆST Í 3 LITUM



HR501

2GB DX11 SKJÁKORT

# LS11

- Intel Core i5-2430M 3.0GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 2GB ATI HD6650M DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

ÖFLUG 17" LEIKJAFARTÖLVA!



S3

4.0 Bluetooth

ÖRÞUNN 12,9mm FISLÉTT 1360g

acer

# ULTRABOOK

- Intel Core i5-2467M 2.3GHz Turbo HT
- 320GB diskur og 4GB DDR3 minni
- 2 sekúndur úr dvala með 20GB SSD
- Rafhlaða endist 50 daga í svefnham
- 13.3" HD LED CineCrystal 1366x768
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Fislétt aðeins 1.4KG og örþunn
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

ÞETTA ER SKÓLATÖLVAN 2012



30% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 9 TÍMAR 3X LENGRI LÍFTÍMI RAFHLÖÐU

AÐEINS 2.5kg

10X USB 2 USB 3 · DOLBY HOME THEATER v4 · 4.0 Bluetooth

packard bell

HR661 V2

# X series

## MÖGNUÐ FARTÖLVA

X series er úrvalsdeild Packard Bell með þynnri og léttari fartölvur úr Arctic áli með öflugu leikjaskjákorti og 9 tíma rafhlöðu

- Intel Core i5-2430M 3.0GHz Turbo
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**179.900**

ÖRÞUNN OG ÖFLUG LEIKJAVÉL



1011PX

# EEEPC

- Intel Dual Core N570 1.66GHz 4xHT
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 3 cellu rafhlaða allt að 4,5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

ASUS

**54.900**

FÆST Í 2 LITUM



1D3

# C660

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED TruBrite 1366x768
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi og BlueTooth 3.0
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 6

TOSHIBA

**79.900**

TOSHIBA Á FRÁBÆRU TILBOÐI



LJ518

# 4530S

- Intel Core i3-2330M 2.2GHz 3MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD LightScribe DL skrifari
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 512MB Core i HD Graphics skjást.
- 300Mbps WiFi og Bluetooth 3.0
- 2.0MP HD 720p vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

HP Á BETRA VERÐI!

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## Fasteignir

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Langalína 18 -**
**Opið hús í dag á milli 17 og 17:30**




Glæsilegar 3ja herb. íbúðir með innbyggðum bílskúrum, 94,5 fm. til 116,4 fm. að stærð. Íbúðirnar eru á jarðhæð, 2. hæð og 3. hæð í nýju fjölbýlishúsi að Löngulínu 18 í Garðabæ. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik frá Brúnás.
**Óskar og Guðjón sýna íbúðirnar í dag, fimmtudag, á milli 17 og 17:30. Uppl. í síma 822-8750.**

## Styrkir

### Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði Öldrunarfræðafélags Íslands

Vísindasjóði Öldrunarfræðafélags Íslands er ætlað að styrkja vísinda-og rannsóknarverkefni tengdum málefnum aldraðra.
Í umsókn þarf að tilgreina lýsingu, markmið og stöðu rannsóknar, ásamt fjárhagsáætlum og hvaða hluta rannsóknar sótt er um styrk fyrir.
Umsóknir skulu berast til formanns vísindanefndar ÖFFÍ, Önnu Birnu Jensdóttur, Sóltúni 2, 105 Reykjavík og þurfa að berast fyrir 1. mars 2012.

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Tillögur að deiliskipulagi „íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, endurgert deiliskipulag“, og „íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, breytt mörk deiliskipulags“.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 24. janúar 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu "íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, endurgert deiliskipulag" og íbúðahverfi í Norðurbæ, skipulag Hafnarfjarðar, breytt mörk deiliskipulags" í samræmi við ákvæði 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin fellst í að núgildandi skipulag frá 1982 verði uppfært og endurskoðað í samræmi við kröfur sem gerðar eru til deiliskipulags skv. núgildandi lögum. Mörkum deiliskipulags verði breytt í samræmi við breytingar á deiliskipulaginu sem þegar hefur verið gerðar og fallegar hraunmyndanir verði hverfisverndaðar.
Sér uppdráttur sýnir ný mörk núgildandi skipulags.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6 og hjá skipulags- og byggingarsviði á Norðurhellu 2, frá 2. febrúar-15. mars 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 15. mars 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

**LEIGUHÚS.IS**
LEIGUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF
**Sími 517 3500**
**Gunnar Jón Yngvason**,Löggiltur leigumiðlari, Barónstíg 5, 101 Reykjavík,

**TIL LEIGU BÍLSHÖFÐI 160 fm gott innkeyrslubil.**



Gott húsnæði með góða staðsetningu, lofthæðin er 3m
LEIGUVERÐ
140 þús .
Laust strax.

**HÚSNÆÐI FYRIR ÞÍNA HUGMYND !**

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**Vantar atvinnuhúsnæði til kaups eða leigu**

Öflugt bílaumboð óskar eftir sölusýningarsal miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, til kaups eða leigu. Æskileg stærð er 250-400 fm.

Lofthæð 3,50 m. eða hærra. Húsnæðið þarf að vera með stórum sýningargluggum og helst á fjölförnum, áberandi stað við umferðaræðar.

Möguleiki þarf að vera á innkeyrslu fyrir bíla. Afhending húsnæðisins getur verið strax eða seinna eftir atvikum.

Ef þú ert með eign af þessu tagi, hafðu þá samband við Magnús Kristinsson löggiltan fasteignasala s. 861-0511

534 1020
www.atvinnueignir.is

**MIKLABORG** leitar að ...

**... 3ja til 4ra herbergja íbúð**

Okkur á fasteignasölunni Mikluborg hefur verið falið að finna 3ja til 4ra herbergja íbúð fyrir aðila sem er að kaupa sína fyrstu eign. Um er að ræða sterkar greiðslur og afhending getur verið fram til 1.júni 2012.



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
Sölufulltrúi

**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**MIKLABORG** leitar að ...

**... einbýlishúsi á Seltjarnarnesi**

Okkur á fasteignasölunni Mikluborg hefur verið falið að finna einbýlishús á Seltjarnarnesi að lágmarki 300 m² fyrir mjög fjársterkan aðila.
Um er að ræða rúman afhendingatíma ef þess er óskað.



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
Sölufulltrúi

**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Til sölu

**LS LEGAL**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA SÍÐAN 1960

### TIL SÖLU ÚR ÞROTABÚI VÍKURBERGS EHF., GRINDAVÍK

Neðangreind eign þrotabús Víkurbergs ehf., Grindavík, er til sölu: **Báturinn Árni í Teigi (GK-1, Sk.nr. 2500) ásamt aflahlutdeild.**

Nánari upplýsingar veitir undirritaður skiptastjóri þrotabúsins í síma 420 4040. Netfang: USB@LSLEGAL.IS.
Veffang: LSLEGAL@LSLEGAL.IS
Tilboðum skal skila til undirritaðs að Hafnargötu 51-55, 230 Reykjanesbæ, **eigi síðar en 9. febrúar n.k.**

REYKJANESBÆ, 2. FEBRÚAR 2012,
UNNAR STEINN BJARNDAL HDL.

## Námskeið

MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS




### NÁMSKEIÐ Í GERÐ COMENIUS SAMSTARFSUMSÓKNA
### 7. FEBRÚAR N.K Í ÁRNAGARÐI

**FYRIR HVERJA:** leik-, grunn-, framhaldsskóla
**STAÐUR:** Fjarfundastofa í Árnagarði - stofa 310
**STUND:** 7. febrúar kl 14-16
**SKRÁNING:** fyrir 3. febrúar hjá laula@hi.is

Evrópsk samstarfsverkefni byggja á samstarfi minnst 3 stofnana frá a.m.k. 3 Evrópulöndum. Verkefnin eru til 2 ára og styrkir eru veittir til gagnkvæmra heimsókna kennara, starfsmanna og nemenda þegar það á við.

STYRKIR ERU ALLT AÐ 24.000€

**UMSÓKNARFRESTUR ER 21. FEBRÚAR NK.**

Á fundinum verða umsóknareyðublöðin skoðuð og umsækjendur leiddir í gegnum umsóknar- og matsferlið. Leiðbeinandi: Þorgerður Björnsdóttir

**Hægt er að óska eftir aðgengi að námskeiðinu í gegnum fjarfundabúnað símenntunarstöðva á landsbyggðinni.**

**Nánari upplýsingar** um áætlunina og forgangsatriði næsta umsóknarfrests er að finna á **www.comenius.is** og heimasíðu Menntaáætlunar ESB **www.lme.is**

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB
Comenius
Háskólatorgi, Sæmundargötu | 101 Reykjavík | 525 4311
www.lme.is
Stjórnardeild mennta- og menningarmála
Menntaáætlun Evrópusambandsins

## Uppboð

### Sýslumaðurinn á Húsavík
# UPPBOÐ

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Ásgata 1, fnr. 216-7077, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Einar Örn Reynisson og Norðurþing, gerðarbeiðendur Sjóvá-Almennar tryggingar hf og Sýslumaðurinn á Blönduósi, miðvikudaginn 8. febrúar 2012 kl. 13:00.

Garðarsbraut 7, fnr. 223-0540, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Norðurþing, þriðjudaginn 7. febrúar 2012 kl. 11:00.

Garðarsbraut 75, fnr. 215-2695, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Norðurþing, þriðjudaginn 7. febrúar 2012 kl. 11:50.

Sólbrekka 5, fnr. 215-3252, 640 Húsavík, Norðurþing, þingl. eig. Þórarinn Ólafsson, gerðarbeiðandi Norðurþing, þriðjudaginn 7. febrúar 2012 kl. 11:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík
1. febrúar 2012

# nettó
Kræsingar & kostakjör

# HAFÐU ÞAÐ HOLLT
## HEILSUDAGAR Í NETTÓ
## LÍFRÆNAR VÖRUR Á 25% AFSLÆTTI Í 2 VIKUR

LÍFRÆNT 25% afsláttur









**BIONA**
Niðusuðuvörur

**HRÁFÆÐI FREISTING**
Léttur, hollur og bragðgóður eftirréttur. Veldu súperfæði í eftirrétt. Ekkert hveiti, sykur, ger eða mjólkurvörur.





**HVEITIKÍM**
Hveitikím inniheldur fjölmörg vítamín og steinefni og er mjög prótein ríkt. Hægt er að nota hveitikím í heilsuhristinginn eða gera trefjaríkt brauð úr því á 5 mínútum.

LÍFRÆNT 25% afsláttur

**RAPUNZEL HAFRAFLÖGUR**
Rapunzel framleiðir lífrænt ræktaðar matvörur af ástríðu og bragðgæðin eru einstök. Hafraflögurnar eru tilvaldar í hollan morgunverð.



**ENGIFERÖL:**
Nú í stærri umbúðum - 330 ML
Engiferöl inniheldur engan hvítan sykur né aukefni. Veldu hollari valmöguleiki fyrir alla fjölskylduna.

**Hollur og mettandi hafragrautur**

1 dl grófir og fínir hafrar frá Rapunzel
4 dl vatn
sjávarsalt
Rísmjólk frá ISOLA (sem er unnin úr brúnum hrísgrjónum!)
Rapunzel rúsínur, apríkósur, fíkjur og/eða hörfræ eftir smekk

**Heilsuboozt**

hveitikím,
jarðaber,
Isola rísmjólk,
klakar,
banani
epli

Hveitikímið ávallt sett úti síðast og hrært rólega.

Í staðin fyrir banana er hægt að setja döðlur sem hafa verið lagðar í bleyti.. og svo framvegis... svo er bara að nota ímyndunaraflið

**HRÍS-MJÓLK**




**NÁTTÚRU-SAFAR**




**AMISA**
Glúteinlausar vörur

**HÖRFRÆOLÍA:**
Hörfræolía er auðug af omega 3 sem er ein af lífsnauðsynlegu fitusýrunum.

**THE BERRY COMPANY**
Ávaxtasafar

LÍFRÆNT 25% afsláttur









Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 26. janúar - 9. febrúar**
eða meðan birgðir endast

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** stell, **6.** drykkur, **8.** langur, **9.** bókstafur, **11.** nudd, **12.** skopleikrit, **14.** græða, **16.** samtök, **17.** skörp brún, **18.** fálm, **20.** til, **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vísupartur, **3.** eftir hádegi, **4.** unglinga, **5.** hyggja, **7.** ótvíræður, **10.** frjó, **13.** atvikast, **15.** sóða, **16.** ái, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sett, **6.** te, **8.** hár, **9.** eff, **11.** nú, **12.** farsi, **14.** lækna, **16.** aa, **17.** egg, **18.** fum, **20.** að, **21.** ismi.
**LÓÐRÉTT: 1.** stef, **3.** eh, **4.** táninga, **5.** trú, **7.** efalaus, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** agða, **16.** afi, **19.** mm.




„ÉG ER EIN AF ÞESSUM OFVIRKU KONUM SEM ÞARF ALLTAF AÐ VERA AÐ,“

segir útivinnandi mamman, amman og hestakonan Unnur Steinsson.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Moskumótmælin

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Kirkjuhúsalandslag Íslands er að breytast. Verða moskur, hindúamusteri, sýnagógur og aðrar byggingar trúfélaga við hliðina á „kirkjunum okkar“ í framtíðinni? Nokkrir Íslendingar mótmæla kröftuglega byggingu mosku. Ýmis rök eru færð og hvíslað er um að slíkar byggingar geti orðið gróðrarstíur samfélagslegrar mengunar. Tortryggnisraddir heyrast í samfélaginu. Gagnrýni er góð en rógur ólíðandi.

**HVAÐ SEGIR** kirkjan um trúarbyggingar aðrar en kirkjur? Ætti kirkjan að stugga við fólki, sem er ekki kristið og jafnvel koma því úr landi? Nei, hlutverk kirkjunnar er að vera farvegur fyrir umhyggju Guðs. Sú ást varðar alla, hverrar trúar eða banntrúar sem þau eru. Jesús Kristur var afar umhyggjusamur gagnvart fólki. Og kirkjan og kristnir menn reyna að fylgja fordæmi meistara síns. Í hans anda heldur kristið fólk fram mannréttindum og ver þau. Frelsi er dýrmæti, sem við eigum að verja og rækta. Að iðka trú er þáttur þess frelsis.

**ÉG ER** prestur í þjóðkirkjunni og elska starf hennar og líf. Ég veit hversu gjöfult, hressandi og blessandi trúarlíf og trúariðkun í kirkju getur verið. Því skil ég vel, að fólk af annarri trú en minni, hafi svipaðar samfélagslegar þarfir við trúariðkun. Það á rétt á að njóta sömu réttinda og sömu möguleika og mín trúsystkin. Fólk á ekki bara að njóta frelsis til að trúa á sinn hátt, heldur líka að mega byggja guðshús, sem hæfa átrúnaði þeirra. Og þessum rétti fylgja líka skyldur að fara ekki út fyrir réttinn og þann siðaramma sem hér ríkir.

**KRISTNIN Á** sameiginlegt með helstu trúarbrögðum heims að verja manngildið. Íslendingar eiga að láta kristin og mikilvæg vestræn gildi stýra för. Yfirborðslegt frjálslyndi er ekki affarasælt í samskiptum fólks með ólíkan bakgrunn. Við eigum að gera kröfur til sjálfra okkar og gera ámóta kröfur til innflytjenda. Við eigum að hafna algerlega kúgun kvenna, sem meðal annars hefur birst í sinni verstu mynd í heiðursmorðum. Við eigum að hafna tuddastælum – hvers eðlis sem þeir eru. Og verum samkvæm, réttsýn og umhyggjusöm.

**ÓTTI OG** tortryggni eru afar slæmt byggingarefni samfélags. Traust, virðing og réttlæti eru mun hentugri og friðvænlegri. Viðurkennum guðshúsaþarfir múslíma og annarrar trúar fólks. En höfnum vitleysum, okkar eigin og annarra. Iðkum kærleika með skynsemi. Þjóðkirkjan á að gæta réttar innflytjenda, líka í trúarefnum. Leggjum okkar lóð á vogarskálar og gerum það í góðri trú, með umhyggju og góðu viti.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SKRIFARAR • HARÐIR DISKAR • TURNKASSAR
FARTÖLVUTÖSKUR • MÝS • SKJÁKORT • SÝNINGAREINTÖK
MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • PRENTARAR • NETBÚNAÐUR
PAPPÍR • APPLE • HÁTALARAR • MP3 SPILARAR • VIFTUR
GEISLADISKAR • VINNSLUMINNI • SJÓNVARPSFLAKKARAR
LYKLABORÐ • MINNISKORT • AFLGJAFAR • HEYRNARTÓL
STÝRIPINNAR • UMBÚÐALAUST • TÖLVULEIKIR • KÆLINGAR
TÖLVUSKJÁIR • SKANNAR • HÝSINGAR • MÚSAMOTTUR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • HLJÓÐNEMAR • BORÐTÖLVUR
MINNISLYKLAR • KAPLAR • HLJÓÐKORT • VEFMYNDAVÉLAR
SPJALDTÖLVUR • LEIKJAMÝS • ÚTLITSGALLAÐ

AÐEINS NOKKRIR DAGAR!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

ÓTRÚLEG VERÐ!

tl.is

TÖLVU LISTINN




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |




**298**
KR. 1 LTR.

**RICE DREAM SOYJAMJÓLK**
MEÐ KALKI I LTR.




**2798**
KR. 600 GR

**2798**
KR. 700 GR

**PROFIT** 100% MYSUPRÓTEIN 600G
**PROFIT** 100% PRÓTEIN 700G
SÚKKUKAÐI OG VANILLA




**398**
KR. 500 GR

**BÓNUS KAFFI**




**98**
KR. STK

**NÚÐLUSKÁL** 110GR
ÞARF AÐEINS **SJÓÐANDI** VATN Í SKÁLINA:
***NÚÐLURÉTTURINN ER TILBÚINN !***




**198**
KR. 600 GR

**BÓNUS KJARNABRAUÐ**
600GR




**98**
KR. 500ML

**195**
KR. 2 LTR

# OS BRAUÐOSTUR 26%




**300 KR. VERÐLÆKKUN**
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG
**TILBOÐ Í FEBRÚAR**
**998 KR.KG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | | | | | 8 | | 3 |
| | | | 9 | | 7 | | 6 | |
| | | | 5 | 8 | | | | |
| | 2 | | 3 | 9 | 4 | 1 | | |
| 7 | | | | 2 | | | | 6 |
| | | 1 | 7 | 6 | 5 | | 2 | |
| | | | | 7 | 3 | | | |
| | 4 | | 8 | | 2 | | | |
| 5 | | 2 | | | | | 8 | 4 |

32

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 32 ER Á BONUS.IS

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ALI FERSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

## GOTT VERÐ Í BÓNUS


698 KR. KG
FERSKUR **GRÍSABÓGUR**



1198 KR. KG
**GRÍSAKÓTILETTUR**



1298 KR. KG
**GRÍSAHNAKKASN.** ÚRB.


1498 KR. KG
**GRÍSALUNDIR**



1998 KR. KG
FERSKT **UNGNAUTAGÚLLAS**



1998 KR. KG
FERSKT **UNGNAUTASNITSEL**



898 KR. KG
FERSKT **BLANDAÐ HAKK**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



1995 KR. KG
KJÖRFUGL
FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**


1398 KR. KG
NF FROSIN **ÍSLENSK BLEIKJA**
BEINLAUS MEÐ ROÐI

KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI



1395 KR. KG
TILBÚIÐ Í OFNINN
**FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS


KS FROSIÐ LAMBA KJÖT
298 KR. KG
KS FROSIN **LAMBAHJÖRTU**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS


698 KR. KG
1. FLOKKUR
KS FROSIÐ **LAMBASÚPUKJÖT**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS


KS FROSIÐ LAMBA KJÖT
259 KR. KG
KS FROSIN **LAMBALIFUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS


998 KR. KG
KS FROSINN **LAMBABÓGUR**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is




**GAMLINGINN HELDUR VINSÆLDUM SÍNUM** Skáldsaga Svíans, Gamlinginn sem skreið út um gluggann, heldur vinsældum sínum en hún var söluhæsta skáldsaga janúar samkvæmt metsölulista bókaverslana. Einvígi Arnaldar og Brak Yrsu fylgja svo í kjölfarið.

Bækur ★★★★★

**Öreigarnir í Lódz**

Steve Sem-Sandberg, Ísak Harðarson þýddi

**Uppheimar**

## Eins og hungraðar rottur í búri

Hverjum hefði dottið í hug að enn væri eitthvað ósagt um heimsstyrjöldina síðari og hörmungar hennar? Erum við ekki öll margbúin að lesa og sjá bækur og bíómyndir um allar hugsanlegar sögur úr henni? Greinilega ekki. Steve Sem-Sandberg hefur stúderað 3.000 blaðsíðna króníku sem skrifuð var á stríðsárunum í gyðingagettóinu í Lódz í Póllandi og samið upp úr henni skáldsögu sem skekur lesandann til grunna. Eiginlega ætti að vera miði á bókarkápunni sem varaði viðkvæma við innihaldinu svo nístandi eru lýsingarnar á örlögum fólksins í gettóinu. Liggur við að maður freistist til að nota ofnotuðu klisjuna um að enginn verði samur eftir lestur þessarar bókar.




Sagan spannar meirihluta stríðstímans, árin 1940-1945, árin frá því að gettóinu er lokað og gyðingum meinað að yfirgefa það og þar til búið er að flytja alla íbúana í burtu og útrýma þeim flestum. Fjölmargar persónur úr öllum kimum samfélagsins koma við sögu en í forgrunni er Formaðurinn, Mordechai Chaim Rumkowski, leiðtogi gyðinganna í gettóinu, flókin og sannferðug persóna sem á sér raunverulega fyrirmynd. Þegar upp er staðið er Rumkowski ein allra ógeðfelldasta persóna sem bókmenntirnar hafa alið en eins og svo oft í lífinu utan bókanna tekur það lesandann töluverðan tíma að átta sig á því. Aðrar persónur eiga sér ýmist raunverulegar fyrirmyndir eða ekki, eru misjafnlega geðþekkar en allar trúverðugar og feikivel skapaðar frá höfundarins hendi. Hér eru engar svart/hvítar persónulýsingar, hvorki englar né djöflar, allir eiga sér málsbætur en eru um leið óhugnanlegir. Baráttan um brauðið, í bókstaflegri merkingu, innilokunin í gettóinu, óttinn við dauðann og sjálfsbjargarviðleitnin gera dagfarsprúðasta fólk að óargadýrum sem glöð myndu selja frumburði sína ef þeim tækist að bjarga eigin skinni.

Textinn stekkur á milli beinharðra staðreynda og upptalningar, birtingar bréfa frá þessum tíma og lýsingum á ömurlegum aðstæðum fólks yfir í draumkennda fegurð og ljóðræna kafla þar sem veruleiki og draumur – eða öllu heldur hungurórá – renna saman og lesandinn á fullt í fangi með að átta sig á því hvort er hvort. Stílfimi Sem-Sandbergs er með ólíkindum og kemst vel til skila í vandaðri þýðingu Ísaks Harðarsonar sem er mikið þrekvirki, þaulhugsuð og vel unnin.

Öreigarnir í Lódz er ekki auðveld bók aflestrar, veldur ógleði bæði í bókstaflegri og bókmenntalegri merkingu, en engum blöðum er um það að fletta að hér er á ferð eitt mesta stórvirki í norrænum bókmenntum síðari ára.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Stórvel unnin og áhrifamikil skáldsaga sem nístir lesanda inn að hjartarótum.



**ÓSKAR GUÐNASON** „Það er tóm ævintýramennska að standa í svona útgáfu," segir Óskar sem heillaðist af ljóðum Kristínar á Hlíð, samdi lög við þau og gaf út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lífið saltfiskur og ukulele

**Í einangrun taílensks sveitalífs urðu til lög við ástarljóð Kristínar á Hlíð í Lóni. Þegar Óskar Guðnason tónlistarmaður fór þangað í heimsókn greip hann með sér ljóðabók hennar, Bréf til næturinnar, og hljóðfærið ukulele.**

„Það var áskorun fyrir mig að semja lög við þessi fallegu ljóð því yfirleitt hef ég gert lögin fyrst og svo fengið góða hagyrðinga eins og Guðbjart Össurarson eða Ingólf Steinsson til að yrkja texta við þau," segir Óskar Guðnason tónlistarmaður sem fyrir jól gaf út diskinn Til næturinnar með eigin lögum við ljóð Kristínar Jónsdóttur á Hlíð í Lóni. Hann lýsir tildrögunum:

„Bók Kristínar, Bréf til næturinnar, kom fyrst út í árslok 2009. Ég sá viðtal við skáldkonuna í Lesbók Morgunblaðsins og sýnishorn af kveðskapnum. Ég tel mig hafa svolítið vit á skáldskap og heillaðist strax af ljóðunum, einlægni þeirra og tungutaki. Þar sem ég ólst upp austur á Hornafirði og er búinn að vera mikið í Lóninu upptendraðist ég og samdi strax lag við eitt þeirra sem heitir Haustkvöld. Ég ákvað að hringja í Kristínu og fá leyfi til að gera lög við fleiri ljóð og gefa út. Hún tók því vel, ég bjó til fáein í viðbót en var að guggna á útgáfuhugmyndinni.

Í nóvember 2010 fór ég svo með konunni minni í tveggja mánaða heimsókn til fólksins hennar í Taílandi og tók með mér bókina Bréf til næturinnar og litla strengjahljóðfærið ukulele. Fjölskylda konunnar býr úti í sveit. Þar var bara taílenskt sjónvarp, ekkert útvarp og engin blöð. Ég gat auk þess lítið talað við fólkið – svona eins og maður talar við fólk – en þegar ég var búinn að vera í sveitinni í nokkrar vikur var ég búinn að semja fimm lög í viðbót, meðal annars Dagrenningu, sem hægt er að hlusta á á Youtube."




> Ég tel mig hafa svolítið vit á skáldskap og heillaðist strax af ljóðunum, einlægni þeirra og tungutaki.

Þegar Óskar kom heim kvaðst hann hafa farið að hjálpa vini sínum að dytta að húsinu hans. Sá er tónlistarmaður og líka með stúdíó. Þar þróaðist útgáfuhugmyndin og þeir fóru að taka upp grunna að lögum. „Þá fór ég að svipast um eftir söngkonu og fann hana Unni Birnu Björnsdóttur," segir Óskar. „Hún hafði sungið með South River Band og mér fannst röddin hennar eiga vel við mín lög, enda small hún inn í dæmið. Einnig fékk ég ungan mann, Arnar Jónsson, til að syngja þrjú lög. Hann var í strákakvartettinum Luxor sem Einar Bárðarson stofnaði og ég kynntist honum líka hjá þessum vini mínum. Í einni kaffipásunni fór ég að ræða við hann um mína drauma þannig að í næstu pásu var hann látinn prófa að syngja og er ljómandi góður líka."

Engir aukvisar eru heldur við hljóðfærin, Þórir Úlfarsson, Hafþór Smári Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson, Óskar Guðjónsson og Þorsteinn Magnússon. Sjálfur er Óskar Guðnason á öllum póstum, semur lögin, spilar undir, hannar umslag og stjórnar upptökum með öðrum auk þess að sjá um sölu disksins, meðal annars gegnum netfangið oskargold@hotmail.com „Það er auðvitað eintóm ævintýramennska að standa í svona útgáfu enda kemur hún niður á heimilisbókhaldinu," segir hann. „Diskurinn kom út í nóvember en mér hefur gengið illa að komast í spilun á útvarpsstöðvunum. Þannig að lífið er bara saltfiskur áfram."

**gun@frettabladid.is**

# Kertaljós og ljúfir tónar

„Mig langar svo að lokka fólk í sveitina," segir Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari glaðlega. Hún ætlar að halda tónleika við kertaljós í Hlöðunni sinni að Kvoslæk í Fljótshlíð næstkomandi sunnudag, 5. febrúar, ásamt Richard Simm píanóleikara. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og á efnisskránni verða hugljúf verk eftir Schumann, Gluck, Wieniawski, Fauré og Brahms.

Boðið verður upp á kaffi í hléinu. Miðasala verður við innganginn en frítt er fyrir börn í fylgd fullorðinna.



**RICHARD SIMM OG RUT** Stödd á stóru sviði úti í heimi.


## Ungt fólk og sorg

Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur fjallar um efnið á fræðslukvöldi hjá Nýrri dögun, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð, n.k. fimmtudagskvöld 2. febrúar.

Fyrirlesturinn er í safnaðarheimili Háteigskirkju og hefst kl. 20:30. Hann er öllum opinn.

Á undan eða kl. 19:00 verður opið hús í safnaðarheimilinu. Þangað getur fólk komið, spjallað og fengið sér kaffi.

Allir velkomnir

**Dagskrá á Vormisseri 2012**

**1. mars Barnsmissir – missir við fæðingu**

**12. apríl Áfall – hvað byggir upp aftur**

NÝ DÖGUN

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is


# Uppnám í Þjóðleikhúsinu

Sýningum á Uppnámi, uppistandssýningu sem sýnd hefur verið við góðan orðstír í Þjóðleikhúskjallaranum lýkur með pompi og prakt á stóra sviði Þjóðleikhússins næstkomandi laugardag. „Við ætluðum okkur upphaflega að sýna fimm sýningar en þær eru orðnar þrettán. Sýningin á laugardag er sú allra síðasta og þá verðum við á stóra sviðinu sem er frábær endir og óvæntur," segir Arna Ýr Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar.

Uppnámið hefst á framlagi Pörupilta, þeirra Dóra Maack, Nonna Bö og Hermanns Gunnarssonar. Þeir eru harðir í horn að taka en engu að síður óhræddir við að takast á við stórar spurningar um ástir og örlög og tilgang lífsins. Viggó og Víóletta taka við eftir hlé og beina söngleikjasjónum sínum að útlendingahatri, kynþáttafordómum og hómófóbíu og fleiru krúttlegu sem best er að sópa undir teppið. Svo syngja þau og brosa út í eitt. Það eru þau Bjarni Snæbjörnsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir sem leika Viggó og Víólettu, en hlutverk Pörupilta er í höndum Sólveigar Guðmundsdóttur, Alexíu Bjargar Jóhannesdóttur og Maríu Pálsdóttur.



**PÖRUPILTAR** Þeir eru leiknir af Sólveigu Guðmundsdóttur, Alexíu Björgu Jóhannesdóttur og Maríu Pálsdóttur.

# Vetrarseðill
# Hann & Hún

Matreiðslumenn Gallery Restaurant hafa sett saman matseðla sem höfða til mismunandi bragðlauka kynjanna. Það er gaman að finna hvað kitlar bragðlaukana hjá hvoru kyni – svo kemur mismunandi smekkur til sögunnar. **Hvor hentar þínum bragðlaukum?**



## Hún

Lystauki - Saffrankrydduð kræklingasúpa og appelsínur

Túnfiskur á tvo vegu ásamt mangó og agúrkusalati, þeyttri kókosmjólk og lime

Kjúklingabringa undir kóríanderhjúp ásamt steiktum humarhala, snjóbaunum og asíukryddaðri appelsínusósu

Valrhona „Gianduja" með ástaraldinkaramellu, sítruskremi í sætu röri og gleymdi ísinn

5.900.-



## Hann

Lystauki - Humarsúpa Gallery Restaurants með marineruðum humri

Saltfiskur og parmaskinka ásamt sultuðum tómötum og nýrakaðri fenniku

Rib-eye steik - 12 daga „Premier Cru" með stökkum Belgískum kartöflum og Béarnaise- eða rauðvínssósu

Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberja ískrap og frosið vanillukrem

5.900.-

# Helgar „Roast"

## Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.30

*Helgarsteik mánaðarins:*

Úrval forrétta þar sem hver velur fyrir sig

Heilsteikt nauta rib-eye með innbökuðum gratineruðum kartöflum í smjördeigi ásamt Pipar- og Béarnaisesósu

Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberja ískrap og frosið vanillikrem

3.500.-



Nýr Helgar „Roast"
mánaðarlega

Gallery Restaurant - Hótel Holti · Bergstaðastræti 37 · 101 Reykjavík · 552 5700 · gallery@holt.is · www.holt.is

viku.







LANCÔME DAGAR
Í DEBENHAMS 2. – 8. FEBRÚAR

30% kynningarafsláttur af Rénergie Volumetry kremunum
30 ml krukka kr. 4.808.-

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur eða fleiri
~ Lancôme taska
~ Teint Miracle farði 5 ml
~ Génifique verðlaunadroparnir 7 ml
~ Hydra Zen augnkrem 5 ml
~ Hypnôse Drama maskari
~ Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml
~ Khol augnblýantur svartur
~ Absolue varalitur



Verðmæti kaupaukans 14.000 krónur
Einnig aðrar gerðir kaupauka

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Bocage eða blýöntum. Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 02. febrúar 2012**

### Fyrirlestrar

**12.00** Guðrún Ingólfsdóttir, doktor í íslenskum bókmenntum, heldur fyrirlestur sem ber heitið Bóklausar og blindar? Handrit í höndum kvenna. Fyrirlesturinn fer fram í Öskju, stofu 132.



**12.00** Irma Ertman, sendiherra Finnlands á Íslandi, fjallar um finnsku forsetakosningarnar á opnum fundi Félags stjórnmálafræðinga og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í stofu 101 í Lögbergi.

**17.30** Michèle Hayeur Smith heldur fyrirlestur í stofu 301 í Gimli. Fyrirlesturinn nefnist Spin me a Yarn, Weave Me a Tale: Textiles, Women and Cloth in Iceland, AD 874-1800.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Smábæjarlíf í Odda, stofu 101. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Kynningar



**16.45** Upplýsingarfundur verður haldinn fyrir áhugasama sjálfboðaliða um heimanámsaðstoðina Heilahristing. Um er að ræða heimanámsaðstoð á vegum Reykjavíkurdeildar Rauða Krossins og Borgarbókasafns sem er í boði á nokkrum bókasöfnum borgarinnar. Fundurinn verður í aðalsafni Tryggvagötu 15.

### Tónlist

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur sjöttu sinfóníu Mahlers undir stjórn Osmo Vänskä.

**21.00** Breakbeat.is heldur skemmtikvöld á skemmtistaðnum Prikinu. Frítt inn.



**22.00** Afsakið hlé með Lights on the Highway en í framhaldinu leggur hljómsveitin niður störf um ókomna tíð. Síðustu tónleikar á Gauki á Stöng. Kalli Tenderfoot sér um upphitun.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


Laaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaaangbestar?



# Gaf Árnastofnun bók frá 15. öld

Dr. Margaret Cormack færði Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum dýrmæta gjöf þann 26. janúar, bókina Super librum Sapientiae sem eru útleggingar á Speki Salómons eftir Robert Holkot (d. 1349). Bókin var prentuð árið 1489 í Basel af prentaranum Johanni Amerbach og Johanni Petri de Langendorff.

Um mikið fágæti er að ræða að því er fram kemur í frétt stofnunarinnar. Johann Amerbach var þekktur prentari og úr prentsmiðju hans eru varðveittar um 75 bækur, sem eru í metum fyrir vandaðan texta sakir náinnar samvinnu Amerbachs við ýmsa lærdómsmenn eins og Ólafur Pálmason segir frá í grein um vögguprent í Landsbókasafni í Árbók safnsins árið 1987.

Margaret hefur um árabil dvalið við fræðistörf á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma og hefur tengst stofnuninni og landinu sterkum böndum. Veturinn 2011-12 dvelur hún einmitt við rannsóknir á stofnuninni.



**KORTLAGNING HVERFULLEIKANS** Anna Líndal sýnir í Listasafni ASÍ.

# Listamannaspjall Önnu

Síðasta sýningarhelgi á sýningu Önnu Líndal, Kortlagning hverfulleikans, í Listasafni ASÍ fer nú í hönd. Anna verður með listamannaspjall sunnudaginn 5. febrúar klukkan þrjú.

Um sýninguna segir Anna meðal annars: „Rannsókn á lítilli einingu – dregur fram fjölbreytni innan stærri heildar. Þannig er hægt að komast sem næst því að kanna hvað hafi legið að baki ákvörðunum sem teknar voru fyrir fjölmörgum árum, jafnvel öldum, og munu hafa áhrif á hvað gerist á morgun eða eftir mörg hundruð ár. Tengsl mannsins við fortíðina á meira skylt við myndlíkingar en staðreyndir.“

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17 og aðgangur er ókeypis.










## > Í SPILARANUM

**Mark Lanegan Band** - Blues Funeral
Prinzhorn Dance School - Clay Class
**Lana del Rey** - Born to Die
Wiley - Evolve or Be Extinct

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Kveikti í hótelherberginu

Söngkonan Florence Welch úr hljómsveitinni Florence and the Machine sagði frá því í viðtali við tímaritið Q að hún hefði kveikt í í hótelherberginu sínu eftir mikið fyllerí með rapparanum Kanye West og sænsku söngkonunni Lykke Li.

„Ég var örugglega búin að drekka sautján Dirty Martini-drykki. Ég týndi símanum og reif kjólinn minn illa. Svo kveikti ég óvart í The Bowery-hótelinu vegna þess að ég gleymdi að slökkva á teljósinu,“ sagði Welch í viðtalinu. Einnig áttaði hún sig ekki á því fyrr en daginn eftir að hún hafði brotið eina tönn.

Hún svaf á meðan eldurinn kviknaði í herberginu og þegar hún vaknaði tók hún eftir því að bókin hennar á náttborðinu hafði brunnið og einn veggur hótelherbergisins. Sjálf slapp hún ómeidd frá þessu óheppilega atviki.



**KVEIKTI Í** Söngkonan Florence Welch kveikti í hótelherberginu sínu.



## > PLATA VIKUNNAR

Stereo Hypnosis & Pulse
★★★
„Stemningsfull raftónlist frá feðgunum í Stereo Hypnosis“. - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Stórsöngkona kveður*

Blús- og sálarsöngkonan Etta James lést úr hvítblæði 20. janúar síðastliðinn, tæplega 73 ára að aldri. Hún átti að baki langan og farsælan feril og var ein af áhrifamestu og dáðustu söngkonum síðustu áratuga. Etta var fædd í Los Angeles árið 1938. Hún fékk sitt fyrsta tækifæri 14 ára þegar tónlistarmaðurinn Johnny Otis uppgötvaði hana og útvegaði henni samning við plötufyrirtækið Modern. Eftir nokkra minni háttar smelli hjá Modern gerði hún samning við Chess-útgáfuna í Chicago árið 1960. Þar var hún í 18 ár og þar gerði hún sín bestu lög, m.a. All I Could Do Was Cry, I Just Want to Make Love to You, At Last, Tell Mama og I'd Rather Go Blind.



**DÁÐ OG DÝRKUÐ** Etta James féll frá 20. janúar

Á áttunda áratugnum fór Etta út í fönkaðri tónlist, en færði sig svo að miklu leyti yfir í blúsinn á síðari hluta ferilsins. Hennar síðasta plata The Dreamer kom út í fyrra og fékk ágæta dóma.

Etta James var dáð af mörgum yngri tónlistarmönnum. Í ævisögu hennar Rage to Survive sem kom út árið 1995 kom m.a. fram að Janis Joplin lærði mikið af henni. Þar kom líka fram að Etta barðist um langt árabil við heróínfíkn. Hún hvarf samt aldrei af sviðinu og hélt áfram að hljóðrita og spila á tónleikum við góðar undirtektir. Etta fékk mikla viðurkenningu þegar Beyoncé lék hana í kvikmyndinni Cadillac Records árið 2008. Eins og áður segir hafði Etta James mikil áhrif á síðari tíma söngkonur. Amy Winehouse mat hana t.d. mikils og Adele dáði hana umfram aðrar söngkonur.

Að lokum má geta þess að í fyrra kom út glæsilegt fjögurra diska safn, Heart & Soul, sem er gott yfirlit yfir feril þessarar frábæru söngkonu.


## Auglýsing um framlagningu kjörskrár og framboðsfrest vegna kosningar biskups Íslands 2012

Kjörstjórn við biskupskosningu hefur, í samræmi við starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011, samið kjörskrá vegna kjörs biskups Íslands.
Á kjörskrá eru 492

Kjörskráin, sem miðast við 1. febrúar 2012, liggur frammi til sýnis á Biskupsstofu, Laugavegi 31, Reykjavík, og hjá prófóstum til fimmtudagsins 9. febrúar 2012.
Hún er enn fremur birt á vef Þjóðkirkjunnar (kirkjan.is).

Kærur til breytinga á kjörskránni þurfa að hafa borist kjörstjórn á Biskupsstofu fyrir kl. 16.00, fimmtudaginn 9. febrúar nk., eða hafa verið póstlagðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn úrskurðar kærur og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar munu liggja frammi á Biskupsstofu og geta kærendur kynnt sér þær þar.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem biskup Íslands skal tilkynna það kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að kjörskrá er lögð fram. Tilkynning skal hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi skilafrests, þ.e. 29. febrúar 2012 eða hafa verið póstlögð í síðasta lagi þann dag.

Reykjavík, 1. febrúar 2012
Kjörstjórn


# David Lee Roth snýr aftur

**Rokkararnir í Van Halen eru ekki dauðir úr öllum æðum því tólfta hljóðversplata þeirra er væntanleg. Upphaflegi söngvarinn David Lee Roth er með í för.**

Rokksveitin gamalgróna Van Halen er ekki dauð úr öllum æðum því hún er að gefa út sína tólftu hljóðversplötu. Það sérstaka við þessa plötu er að hún er sú fyrsta í 28 ár sem kemur út með söngvarann David Lee Roth innanborðs. Síðast söng hann inn á hina vinsælu plötu 1984 með lagið Jump fremst í flokki.

Van Halen var stofnuð í Kaliforníu árið 1974 af hollensku bræðrunum Eddie Van Halen og Alex Van Halen. Hljómsveitin hét fyrst Mammoth og síðar Genesis en varð að breyta nafninu í Van Halen þegar kom í ljós að önnur sveit frá Englandi bar sama nafn.

Eftir að hafa gert útgáfusamning við Warner Bros kom fyrsta platan, sem nefndist einfaldlega Van Halen, út árið 1978 við miklar vinsældir, enda voru þar slagarar á borð við Runnin' with the Devil, You Really Got Me og Ain't Talkin' 'bout Love. Síðan þá hefur sveitin gefið út fjölda platna, með góðum hléum á milli, en frægðarsól hennar hefur lækkað mikið síðan hún var upp á sitt besta á níunda áratugnum.

Því má samt ekki gleyma að Van Halen hefur á ferli sínum selt rúmlega 75 milljón plötur og var vígð inn í Frægðarhöll rokksins árið 2007.

Nýja platan nefnist A Different Kind of Truth og er hún sú fyrsta sem er eingöngu með nýju efni síðan Van Halen III kom út árið 1998. Platan kemur í kjölfar tónleikaferðar um heiminn sem hljómsveitin fór í fyrir fimm árum við fádæma góðar undirtektir. Sú ferð markaði einmitt endurkomu Davids Lee Roth í sveitina.

Mörg lög á plötunni eru byggð á prufuupptökum og textum Van Halen frá áttunda áratugnum, þar á meðal She's the Woman.

Hljómsveitin ætlar að fylgja A Different Kind of Truth eftir með annarri tónleikaferð þar sem öll vinsælustu lögin verða spiluð, þar á meðal Eruption, Running with the Devil, Jamie's Cryin, You Really Got Me, You're No Good, Ain't Talkin' 'bout Love, Why Can't This Be Love og að sjálfsögðu Jump.

freyr@frettabladid.is



**VAN HALEN Í DAG** Frá vinstri: Alex Van Halen, David Lee Roth, Eddie Van Halen og sonur hans Wolfgang Van Halen. NORDICPHOTOS/GETTY

## ÞRÍR MISMUNANDI SÖNGVARAR VAN HALEN

**David Lee Roth:** 1974-1985, 1996, 2007-?
**Sammy Hagar:** 1985-1996
**Gary Cherone (úr Extreme):** 1996-1999



## LAGALISTINN

Vikuna 26. janúar - 1. febrúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ✱ | 1 | Of Monsters And Men | *Lakehouse* |
| ▲ | 2 | Gotye / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▼ | 3 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▼ | 4 | Lana Del Ray | *Born to Die* |
| ▼ | 5 | Amy Winehouse | *Our Day Will Come* |
| ▼ | 6 | Dikta | *What Are You Waiting For?* |
| ▲ | 7 | Foster The People | *Call It What You Want* |
| ▲ | 8 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▼ | 9 | Florence & The Machine | *Shake It Out* |
| ▲ | 10 | David Guetta | *Titanum* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 26. janúar- 1. febrúar 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 2 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▶ | 3 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▼ | 4 | Adele | *21* |
| ▶ | 5 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |
| ▲ | 6 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▲ | 7 | Friðrik Karlsson & María Ellingsen | *Jóga* |
| ▲ | 8 | Sólstafir | *Svartir sandar* |
| ▲ | 9 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▼ | 10 | Hjálmar | *Órar* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# *Afmælistilboð*

Í tilefni af afmæli Jóns og Óskars bjóðum við afslátt í verslunum okkar frá fimmtudegi til sunnudags.

Verið velkomin.



PIPAR\TBWA • SÍA



Trúlofunar- og giftingarhringar **10% afsl.**
Skartgripir úr gulli **15% afsl.**
Skartgripir úr silfri **20% afsl.**
Öll úr **20% afsl.**
Valdar vörur **40–50% afsl.**

Opnunartímar

| | Fim | Fös | Lau | Sun |
|---|---|---|---|---|
| Kringla | 10-21 | 10-19 | 10-18 | 13-18 |
| Smáralind | 11-21 | 11-19 | 11-18 | 13-18 |
| Laugavegur | 10-18 | 10-18 | 11-17 | Lokað |

JÓN & ÓSKAR

Laugavegi 61, Kringlunni og Smáralind / Sími 552 4910 / www.jonogoskar.is

**> TEKUR VIÐ AF JOLIE**

Leikkonan Jennifer Lawrence hefur tekið að sér að leika á móti Bradley Cooper í myndinni Serena. Þar með tekur hún við hlutverkinu af Angelinu Jolie sem hætti við á síðustu stundu en myndin fer í tökur á næstu vikum. Myndin er leikstýrð af danska leikstjóranum Susanne Bier en sagan er byggð á bók eftir Ron Rash og fjallar um par sem á í erfiðleikum með að eignast barn.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hausaveiðari og ofurhetjur

Gamanmyndin One for the Money með Katherine Heigl, Jason O'Mara og John Leguizamo í aðalhlutverkum verður frumsýnd annað kvöld. Leikstjóri myndarinnar er Julie Anne Robinson, en hún leikstýrði einnig The Last Song með Miley Cyrus í aðalhlutverki.

Myndin segir frá Stephanie Plum sem stendur á tímamótum, hún er nýskilin og hefur misst vinnuna. Þegar henni býðst ný en svolítið hættuleg vinna við að hafa uppi á fólki og koma því í fangelsi ákveður hún að taka starfinu. Fyrsta verkefnið er að elta uppi fyrrverandi kærasta sinn sem var áður lögreglumaður.

Ein önnur mynd er frumsýnd á föstudag og það er kvikmyndin Chronicle sem er jafnframt frumraun hins unga leikstjóra Josh Trank. Myndin er vísindaskáldsaga í anda District 9 og skartar mögnuðum tæknibrellum. Hún fjallar um þrjá skólastráka sem gera merkilega uppgötvun sem verður til þess að þeir öðlast ofurnáttúrulega krafta. Þegar piltarnir eru í þann mund að ná stjórn á hæfileikum sínum og nýta sér þá fara myrkari hliðar þeirra að ná yfirhöndinni. Með aðalhlutverk fara Michael B. Jordan, Michael Kelly og Alex Russell.



**Á VEIÐUM** Katherine Heigl fer með hlutverk hausaveiðarans Stephanie Plum í myndinni One for the Money sem frumsýnd er annað kvöld.



**VESALINGARNIR** Anne Hathaway er ein af leikurunum sem núna búa sig undir tökur á kvikmyndinni Les Miserables.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Stjörnur í Vesalingunum

**Það er óhætt að segja að kvikmynd Toms Hooper, sem byggð er á Les Miserables, verði stjörnum prýdd. Búið er að ráða leikara í helstu hlutverk myndarinnar og má þar sjá nöfn á borð við Anne Hathaway, Amanda Seyfried, Hugh Jackman, Russell Crowe, Helena Bonham Carter og Sacha Baron Cohen. Myndin fer í tökur á næstu dögum.**

**Hooper er hvað þekktastur fyrir kvikmyndina King´s Speech sem skilaði honum Óskarsverðlaunum í fyrra. Samkvæmt kvikmyndavefnum IMDB er áætluð frumsýning í byrjun desember á þessu ári.**

# KEPPIR Á MÓTI LARS VON TRIER

**Jóhannes Sverrisson brellugerðarmaður er tilnefndur til dönsku kvikmyndaverðlaunanna ásamt Dananum Søren Hvam fyrir brellugerð fyrir myndina ID:A. Verðlaunahátíðin fer fram á sunnudaginn næsta og er um eins konar Óskarsverðlaun danska kvikmyndaiðnaðarins að ræða.**

Jóhannes hefur unnið við brellugerð í tólf ár og segir tilviljun hafa ráðið því að hann datt í þetta tiltekna starf. Hann rekur fyrirtækin Lightning ehf. á Íslandi og Nordica6 í Danmörku ásamt Hauki Karlssyni og hafa þeir unnið að brellugerð fyrir kvikmyndir á borð við The Last Airbender, Brim, Svartur á leik og við stórmyndina Prometheus.

„Ég vann við gerð A Little Trip to Heaven þar sem ég sá um bílana og þaðan leiddist ég inn í brellugerð. Ég er sjálflærður í faginu, enda er enginn skóli sem vill kenna fólki að leika sér með sprengiefni og blóðslettur," útskýrir Jóhannes. Hann segir starfið þó ekki hættulegt sé öryggið ávallt í fyrirrúmi. „Þetta er alls ekki hættuleg vinna ef maður notar skynsemina og er stórskemmtileg að auki. Ég hef í það minnsta aldrei litið til baka."

ID:A er spennumynd í leikstjórn Christians Christiansen og fjallar um konu sem vaknar upp einn dag minnislaus, blaut og hrakin og reynir að púsla saman lífi sínu. Jóhannes og samstarfsmaður hans fengu tvær vikur til að undirbúa sig fyrir verkefnið og æfa skot og sprengingar. „Undirbúningurinn skiptir miklu máli því þetta er mikil nákvæmnisvinna og það er fjöldi fólks sem stólar á að allt gangi eftir áætlun. Við æfðum okkur vel og einn daginn skaut ég sama manninn átján sinnum fyrir eina töku. Það var blóðugur dagur í vinnunni."

Tilnefningin til dönsku kvikmyndaverðlaunanna er sú fyrsta sem Jóhannes hlýtur fyrir vinnu sína, en þess má geta að sambærilegur flokkur er ekki til á Eddunni, íslensku kvikmyndaverðlaununum. Jóhannes segir það vissulega mikinn heiður að vera tilnefndur til verðlaunanna og efast ekki um að þetta muni opna honum dyr í framtíðinni. „Það er gott að hafa tilnefninguna á ferilskránni upp á það að komast að í fleiri verkefnum í Danmörku og víðar. Vonandi leiðir þetta bara til stærri hluta."

Jóhannes verður viðstaddur afhendinguna á sunnudag og er að vonum spenntur. Hann stoppar þó stutt því hans bíða mörg spennandi verkefni hér á Íslandi í vor og sumar. **- sm**

## RIGNING, ROK OG BYSSUSKOT

- Leikstjóri ID:A, Christian E. Christiansen, leikstýrði síðast spennumyndinni The Roommate sem skartaði þeim Leighton Meester og Minku Kelly í aðalhlutverkum. Myndin fékk heldur dræma dóma en sat þó í efsta sæti aðsóknarlistans vikuna sem hún var frumsýnd.
- Starf brellugerðarmanns er ekki eintómar sprengingar og byssuskot. Hann býr einnig til rigningu og vind fyrir kvikmyndir og er starfið víst hið fullkomna starf fyrir gamla hrekkjalóma.
- Á meðal þeirra sem keppa á móti Jóhannesi og félögum hans eru brellugerðarmenn myndarinnar Melancholia í leikstjórn hins sérvitra Lars Von Trier.





www.somi.is

# PESTÓ HUMMUS

# ALGJÖR SNILLD MILLI MÁLA

Pestó hummus er bragðgóð nýjung í salatlínunni frá Sóma. Frábært milli máltíða með gulrótum, gúrkum eða niðurskornum eplum. Pestó hummus er að sjálfsögðu líka gott ofan á brauð, t.d. með papriku og salatblaði. Hollt, gott og algjör snilld!







SÓMI



**HUNANG BESTA MEÐALIÐ** Breskir vísindamenn hafa uppgötvað að nýsjálenska hunangið Manuka er svo öflugt að það nær að vinna gegn bakteríum á borð við streptókokka samkvæmt rannsókn sem birtist í blaðinu Microbiology. Við getum því haldið áfram að nota hunang út í te samviskulaust.



**EINS OG ÍTALI** Fæða á borð við þá sem Ítalir borða er góð fyrir hjartað. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ítalir með gott hjarta

**HEILSA** Til að halda hjartanu heilbrigðu er meðal annars mælt með að fólk borði eins og Ítali eða fylgi ströngu „vegan“ mataræði. Fréttamiðillinn Msn.com tók saman tíu bestu matarkúrana fyrir hjartað og miðað við þann lista virðast allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þeir sem kjósa að fylgja mataræði Miðjarðarhafsbúa eiga að halda sig við fiskmeti, grænmeti og mjúka fitu. Þeir sem kjósa hins vegar að fylgja „vegan“ mataræði eiga að leggja sér til munns grænmeti, ávexti og kornmeti en forðast saltan mat og dýraafurðir. Sé farið eftir þessum matarkúrum ætti hjartað að haldast heilbrigt og gott.

**MATUR**

**Gulrætur**

Í gulrótum er B- og C-vítamín ásamt mikilvægum steinefnum eins og kalí, kalki, járni og fosfór.

# HYGGST LÆKNA SIG MEÐ HRÁFÆÐI

**Gítarleikarinn Arnar Pétursson hefur snúið sér að hráfæði til að vinna bug á meltingarsjúkdómnum Crohn´s. Hann viðurkennir að umskiptin á mataræðinu séu ekki auðveld og að hann sjái einna helst eftir Bæjarins bestu.**

**HEILSA** „Þetta er bæði tímafrekt og þarfnast skipulagningar en ég finn að þetta hefur áhrif,“ segir Arnar Pétursson, gítarleikari í hljómsveitinni Mammút og nemi í húsgagnasmíði, sem hefur snúið sér að hráfæði á síðustu mánuðum.

Arnar þjáist af sjúkdómnum Crohn´s eða bólgum í meltingarfærum og hefur verið háður lyfinu Remicade en það hefur ýmsar aukaverkanir í för með sér.

Arnar hóf því að leita að náttúrulegri aðferð til segja sjúkdómnum stríð á hendur. Lausnina fann hann í bókinni Self Healing Colitis and Crohn's eftir dr. David Klein og byrjaði hina miklu umbreytingu á mataræði sínu í sumar og hætti á lyfinu um áramótin.

„Maður má ekki skipta of snöggt yfir í hráfæði og nauðsynlegt að gera þetta í skömmtum. Ég hætti því að borða kjöt í sumar og auka grænmetis- og ávaxtaneyslu,“ segir Arnar sem hætti alfarið að borða fisk og egg rétt eftir áramót. „Ég finn að mér líður betur og allt sem ég borða núna er gufusoðið grænmeti, léttpressaðir ávaxta- og grænmetissafar en aðalundirstaðan eru ávextir. Hluti af orsökum sjúkdómsins er stress svo ég er byrjaður að stunda jóga af miklum móð og er alveg heillaður.“

Arnar fer ekki leynt með að umskiptin í mataræðinu sínu hafi verið erfið en hann segist alltaf hafa verið matvandur. „Ég var ekki vanur að borða mikið grænmeti eða ávexti og þegar ég var lítill voru fiskibollur í dós uppáhaldsmaturinn minn. Núna panta ég lífrænt grænmeti frá Akri í Biskupstungum og tek með mér nesti í skólann. Ég sakna samt Bæjarins bestu enda var ég fastagestur þar áður en ég fór á hráfæði,“ segir Arnar og viðurkennir að grænmeti og ávextir séu vissulega dýrir hér á landi en á móti sparar hann í öðrum útgjöldum. „Ég fer ekkert út að borða og hef tekið mér pásu í áfengisneyslu enda er sérstaklega mælt með því í bókinni.“

Arnar er studdur af lækni sínum í þessum matartilraunum og hingað til hefur honum liðið betur. „Ég ætla að reyna þetta fram á vor og hugsanlega er þessi lífsstíll kominn til að vera. Mér líður allavega vel í dag.“ Hægt að fylgjast með Arnari og tilraunum hans með hráfæðið á bloggsíðunni veganmatur.blogspot.com.

alfrun@frettabladid.is



**LÍÐUR BETUR** Arnar finnur mun á sér eftir að hann byrjaði á hráfæði en hann umturnaði mataræði sínu til að vinna bug á meltingarsjúkdómnum Crohn´s. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## MATSEÐILL ARNARS

**Morgunmatur:** Sætir og millisætir ávextir eins og bananar, döðlur, perur, vínber, melónur og mangó. Passa að borða ekki of mikið á morgnana því þá er líkaminn að hreinsa sig.

Það sem eftir er dagsins borða ég eins mikið af ávöxtum og ég hef lyst á.

Klukkutíma fyrir kvöldmat fæ ég mér pressaðan djús, til dæmis sellerí og epladjús eða gulróta- og epladjús.

**Kvöldmatur:** Létt gufusoðnar sætar kartöflur, kúrbít eða eitthvað annað grænmeti í þá áttina.

Ég reyni að borða kvöldmat þremur klukkutímum áður en ég fer að sofa, þannig nær líkaminn að vinna úr matnum en samt fer ég ekki svangur að sofa.

# Myndband um lífið

**TÆKNI** Hvort sem þér líkar það betur eða verr, þá mun Facebook skikka þig til að breyta síðunni þinni í svokallaða tímalínusíðu á næstu dögum eða vikum. Lítið hefur verið kvartað undan tímalínunni sem virðist nokkuð kærkomin viðbót við þetta stærsta samskiptanet allra tíma.

Nú hafa hugvitssamir Facebook-notendur tekið sig til og búið til smáforritið, eða „appið“, Timeline Movie Maker, sem gerir myndband úr tímalínunni þinni. Fyrir þá sem þekkja ekki til þá er hægt að setja inn atburði í lífi fólks allt frá fæðingu til dagsins í dag í tímalínuna. Hvort sem það eru myndir, myndbönd eða atburðir. Timeline Movie Maker safnar saman þessum upplýsingum, setur upp í myndband og spilar væmna tónlist undir sem nær nánast örugglega að framkalla tár í augum notendanna.

Einfalt er að finna Timeline Movie Maker í gegnum leitarmöguleika Facebook. Notendur geta því hafist handa við að skrásetja líf sitt og breyta því í væmna kvikmynd á einfaldan hátt.



**Í RÉTTU LJÓSI** Kvikmyndin The Social Network þótti ekki sýna Mark Zuckerberg, forstjóra Facebook, í réttu ljósi. Nú getur hann fengið uppreisn æru í gegnum Timeline Movie Maker.

**TÆKNI**

**KLÁM Á BÓKASAFNI** Móðir nokkur brást ókvæða við þegar hún og tíu ára dóttir hennar sáu mann skoða svæsna klámsíðu í tölvu á almenningsbókasafninu í Seattle. Henni til mikillar undrunar komst hún að því að maðurinn var ekki að brjóta nein lög með athæfi sínu. Á síðunni Q13Fox.com kemur fram að starfsmenn bókasafnsins fái aðeins örfáar kvartanir á ári hverju yfir klámnotkun bókasafnsgesta. „Bókasafnið annast ekki ritskoðun. Okkar starfsemi snýst um að veita aðgang að upplýsingum,“ sagði yfirmaður hjá bókasafninu.





**KRABBAKRABBI** Vísindamenn við háskólasjúkrahúsið í Singapúr hafa þróað lítið vélmenni með krabbaklær og krók sem á að fjarlægja magakrabbamein án þess að skilja eftir sig ör. Vélmennið fer inn í magann í gegnum munn sjúklingsins. Fyrirmynd þess er frægur krabbaréttur sem borðaður er í Singapúr, samkvæmt fréttastofunni Reuters.



# SENSAI

FULLKOMIN FLAUELSÁFERÐ, RÍKULEGUR RAKAGJAFI

Nýi farðinn frá SENSAI, FLUID FINISH LASTING VELVET, bætir dyggilega rakabúskap húðarinnar á sama augnabliki og hann sveipar hana hálfmattri flauelsáferð.

Á einstakan hátt hefur SENSAI tekist að blanda saman einstökum innihaldsefnum, rakagefandi, möttu púðri og kristalstæru vatni úr uppsprettum sem er að finna við rætur *fjallsins Fuji*. Þessi efni eru aðaluppistaðan í nýja fljótandi farðanum frá SENSAI sem er afar auðveldur í notkun og helst lengi fallegur á húðinni. Fullkomin, hálfmött flauelsáferð og einstaklega rakagefandi efni laða fram frísklegt og fallegt útlit og veita sannkallaða vellíðan.




afsláttur 2. - 3. febrúar
20%

HÚÐGREINING OG RÁÐGJÖF hjá snyrtistofunni Hrund
Sólveig Einarsdóttir snyrtifræðingur Kanebo veitir faglega ráðgjöf og kynnir það nýjasta frá Kanebo í dag fimmtudag og á morgun föstudag.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 6.900.- kr. eða meira.

hrund
SNYRTISTOFA

# Klum þakkar stuðninginn

**Þýska fyrirsætan Heidi Klum hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn sem hún hefur fengið eftir skilnaðinn sársaukafulla við Seal.**

Þýska ofurfyrirsætan Heidi Klum hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn eftir óvæntan og sársaukafullan skilnað hennar við enska tónlistarmanninn Seal.

Stutt er síðan hin 38 ára Klum og Seal tilkynntu um skilnaðinn eftir sjö ára hjónaband, sem flestir héldu að stæði traustum fótum. Raunin var aftur á móti allt önnur.

> „Er hægt að laga sambandið? Maður á aldrei að segja aldrei. “

„Hæ, allir saman. Mig langar að þakka ykkur fyrir stuðninginn og falleg orð í minn garð. Það skiptir mig miklu máli. Takk aftur, þið eruð bestu aðdáendur í heimi,“ skrifaði Klum á Twitter-síðuna sína.

Í tilkynningu Klum og Seal í síðasta mánuði sögðust þau hafa þroskast hvort í sína áttina en lögðu áherslu á að skilnaðurinn hafi verið í góðu. Þau gengu í hjónaband á strönd í Mexíkó árið 2005 og eiga saman þrjú börn, auk þess sem Klum á eina dóttur frá fyrra sambandi. Síðan þau ákváðu að skilja hafa þau reyndar bæði gengið með giftingarhringana sína, sem kemur nokkuð á óvart.

Seal, sem er 48 ára, hefur látið hafa eftir sér að möguleiki sé á að þau taki aftur saman. „Það er möguleiki en ég get ekki talað fyrir hennar hönd. Er hægt að laga sambandið? Maður á aldrei að segja aldrei. Það sem ég elska við okkur tvö er að við erum gott teymi og það mun ekki breytast, hvort sem við byrjum aftur saman eða ekki,“ sagði hann í viðtali við Piers Morgan. „Ég elska hana enn þá af öllu hjarta. Hvernig er ekki hægt að elska einhvern sem maður hefur eytt átta árum með?“

Seal er Grammy-verðlaunaður söngvari sem heitir réttu nafni Henry Olusegun Adeola Samuel. Hann fékk stóra tækifærið þegar hann söng lagið Killer. Klum hefur grætt á tá á fingri sem fyrirsæta fyrir Victoria´s Secret, auk þess sem hún hefur stýrt raunveruleikaþættinum Project Runway við miklar vinsældir.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Heidi Klum og Seal fyrir nokkrum árum þegar allt lék í lyndi.

Bíó ★★★

## The Grey

Leikstjórn: Joe Carnahan

**Leikarar:** Liam Neeson, Frank Grillo, Dermot Mulroney, Dallas Roberts, Joe Anderson, Nonso Anozie, James Badge Dale

## Fjör á fjöllum

Úlfaveiðimaðurinn Ottway (Liam Neeson) er á barmi sjálfsvígs þegar hann lendir í flugslysi í snævi þöktum fjöllum Alaska. Hann kemst þó lifandi úr brakinu og tekst að bjarga sex öðrum, en enginn veit hvar þeir eru staddir og hungraðir úlfar sitja um sjömenningana. Það er vissulega kaldhæðnislegt að fylgjast með manni í sjálfsvígshugleiðingum berjast fyrir lífi sínu og reynir myndin að segja manni sitthvað um lífið og dauðann.

Joe Carnahan er ágætur leikstjóri og skapar hér margar eftirminnilegar senur. Sjálft flugslysið er frábærlega sviðsett og atriðið þar sem mennirnir hanga yfir þverhnípi á samanhnýttum fatapjötlum er ógleymanlegt. Úlfarnir eru mis-raunverulegir en sleppa fyrir horn. Tónlist er notuð sparlega og kemur það vel út að sleppa henni, eins og gert er í sumum af æsilegri atriðunum.

Líkt og margar aðrar myndir af svipuðum toga reynir The Grey að tvinna saman hrollvekjandi spennu og listræna dramatík. Sem spennumynd virkar hún fullkomlega. Grimmileg veðráttan, gólandi úlfarnir og glæfraleg hengiflug halda áhorfandanum í heljargreipum og Liam Neeson sannar ágæti sitt sem hasarhetja enn á ný. Dramatíkin er hins vegar klaufaleg á köflum og yfirlýstar dagdraumasenurnar þar sem kona Ottways hvíslar til hans valda flissi frekar en að vekja forvitni.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Hörkuspennandi fjallatryllir sem nær þó litlu dramatísku flugi.



**HETJAN** Liam Neeson sannar ágæti sitt sem hasarhetja á ný í The Grey.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is

THE GREY — ÞEGAR FLUGVÉLIN HRAPAÐI VAR FERÐALAGIÐ RÉTT AÐ BYRJA. ★★★★★ - VJV, SVARTHÖFÐI
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! CONTRABAND — LEIKSTJÓRI BALTASAR KORMÁKUR — LÚXUS
THE ARTIST — 10 ÓSKARSTILNEFNINGAR
UNDERWORLD — TOPPMYNDIN Í USA
THE DESCENDANTS ★★★★★ FRÉTTATÍMINN ★★★★★ FBL.

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GREY | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| CONTRABAND LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| ATHVARFIÐ | KL. 8 | L |
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 10 | L |
| SÉRSVEITIN | KL. 10 | L |
| SAMAN ER EINU OF | KL. 8 | L |
| ÞRAUKI EINN FYLGJA HINIR | KL. 5.40 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 8 - 10.30 | L |
| IRON LADY | KL. 5.40 | L |
| MY WEEK WITH MARILYN | KL. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE ARTIST | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 8 - 10.10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE GREY | 8, 10.25 |
| CONTRABAND | 5.50, 8, 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | 5.40 |
| TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY | 10.15 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

MÖGNUÐ SPENNUMYND! HEIMSFRUMSÝNING MAN ON A LEDGE
6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN — NÝJASTA MEISTARAVERK STEVEN SPIELBERG — WAR HORSE
BALTASAR KORMÁKUR CONTRABAND ★★★★ FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
LEONARDO DICAPRIO — CLINT EASTWOOD — J. EDGAR
UNDERWORLD awakening — THE MUPPETS ÍSLENSKUR TEXTI — GHOST PROTOCOL — SHERLOCK HOLMES a game of shadows

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 - 8 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 – 10:20 | 2D | 12 |
| WARHORSE | kl. 6 – 9 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 7:30 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD | kl. 8 – 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 5:20 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 8 | 2D | 12 |
| UNDERWORLD 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WAR HORSE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 | 2D | 16 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 10:10 | 2D | 12 |

the Help — 4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN — TAKMARKAÐAR SÝNINGAR

BÍÓ ★ PARADÍS — MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS — CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM 17:45, 20:00 ■ SUBMARINE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:00 ■ Á ANNAN VEG (ENGL. SUBS) 18:00 ■ SUPERCLASICO 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

Bíó Paradís er nú hluti af EUROPA CINEMAS

SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM GRÆNLENSK HROLLVEKJA! — SUBMARINE FRÁBÆR BRESKUR HÚMOR! — FJÓRAR ÓSKARS-TILNEFNINGAR


leikhúsmógúllinn kynnir
HJÓNABANDSSÆLA
eftir Michele Riml
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Föstud. 10. feb. 20:00
Laugard. 11. feb. 20:00
Föstud. 24. feb. 20:00 Ö
Laugard. 25. feb. 20:00
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Leikhúspakki á flugfelag.is!
Miðasala á gamlabio.is og á midi.is
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

# sport

sport@frettabladid.is



**UNDANÚRSLIT KVENNA** í bikarkeppni kvenna í körfubolta fara ekki fram um helgina eins og áætlað var. Ástæðan er sú að búið að er að kæra úrslit leiks Njarðvíkur og Keflavíkur í fjórðungsúrslitum. Úrslitin í karlaflokki fara engu að síður fram og óljóst hvort að úrsiltaleikirnir í báðum flokkum geti farið fram sama daginn eins og venja er.



**HVERNIG FÓR FRÍIÐ Í HAUKA?** Unnu 9 af síðustu 10 deildarleikjum sínum fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

N1 deild karla í beinni á Vísi:

## 45 daga bið endar í kvöld

**HANDBOLTI** N1 deild karla í handbolta fer aftur af stað í kvöld eftir 45 daga hlé vegna jólafrís og Evrópumótsins í Serbíu. Öll átta liðin verða í eldlínunni og allir fjórir leikirnir verða í beinni á boltavakt Vísis. Í textalýsingunni má sjá jafnóðum upplýsingar um hvert skot, hvert mark og hvert varið skot í leikjunum.

Stórleikir kvöldsins eru annars vegar á milli frændfélaganna Vals og Hauka í Vodafone-höllinni á Hlíðarenda og hins vegar leikur Akureyrar og HK í Höllinni á Akureyri. Fram fær síðan botnlið Gróttu í heimsókn og FH tekur á móti Aftureldingu í Kaplakrika. Allir leikir hefjast klukkan 19.30 nema sá á Akureyri sem hefst hálftíma fyrr.

Haukar eru með fimm stiga forskot á FH og HK sem koma næst en Fram og Akureyri eru síðan aðeins stigi á eftir. Valsmenn eru þremur stigum frá sæti í úrslitakeppninni og þurfa helst tvö stig á móti toppliðinu í kvöld.

- óój

Liðsstyrkur fyrir sumarið:

## Kristinn Freyr samdi við Val

**FÓTBOLTI Kristinn Freyr Sigurðsson, 22 ára leikmaður úr Fjölni, gerði í gær fjögurra ára samning við Val og mun því spila með liðinu á komandi leiktíð í Pepsi-deild karla.**

**Kristinn Freyr hefur lengst af spilað með Fjölni og spilaði sinn fyrsta deildarleik í meistaraflokki árið 2007, þá á sextánda aldursári. Alls á hann að baki 59 leiki og átta mörk í deild og bikar með félaginu.**

- esá





**Janúar 2011** *Dýrustu leikmannakaupin*

| | |
|---|---|
| **Fernando Torres, Chelsea** | 50 milljónir punda / 9,7 milljarðar kr. |
| **Andy Carroll, Liverpool** | 35 milljónir punda / 6,8 milljarðar kr. |
| **Luis Suarez, Liverpool** | 23 milljónir punda / 4,5 milljarðar kr. |
| **David Luiz, Chelsea** | 21 milljónir punda / 4 milljarðar kr. |



**Janúar 2012** *Dýrustu leikmannakaupin*

| | |
|---|---|
| **Papiss Cisse, Newcastle** | 12 milljónir punda / 2,3 milljarðar kr. |
| **Gary Cahill, Chelsea** | 8,4 milljónir punda / 1,6 milljarðar kr. |
| **Kevin de Bruyne, Chelsea** | 8 milljónir punda / 1,5 milljarður kr. |
| **Nikica Jelavic. Everton** | 6,6 milljónir punda / 1,3 milljarður kr. |

# Nýjar reglur settu svip sinn á „janúargluggann“

**Óvenjudauft var á leikmannamarkaðinum á Englandi í janúar. Nýjar reglur UEFA um fjárhagslega háttvísi eru þegar farnar að hafa áhrif. Cisse dýrastur.**

**FÓTBOLTI** Eigendur enskra úrvalsdeildarliða í fótbolta voru ekki í miklu „stuði“ á meðan leikmannamarkaðurinn var opinn í janúar. Lokað var fyrir félagaskipti á miðnætti þriðjudagsins 31. janúar. Met var sett í janúar í fyrra þegar liðin keyptu leikmenn fyrir 225 milljónir punda eða 43 milljarða kr., en þessi upphæð lækkaði um 70% í janúarglugga þessa árs.

Í samantekt sem alþjóðlega endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte gaf út í gær kemur í ljós að ensku úrvalsdeildarliðin eyddu „aðeins“ 60 milljónum punda eða sem nemur 11,6 milljörðum kr. í janúar á þessu ári.

Þrjú félög, Chelsea, QPR og Newcastle, eru samtals með um helming af þeirri upphæð.

Til samanburðar voru fjögur félög með um 80% af þessum 225 milljónum punda fyrir ári, Chelsea, Liverpool, Aston Villa og Liverpool. Þar léku framherjarnir Fernando Torres og Andy Carroll aðalhlutverkin.

Dan Jones, talsmaður Deloitte, segir í viðtali við breska fjölmiðla að skýringin á þessari lækkun sé einföld. Félögin eru að undirbúa sig fyrir reglugerð UEFA um leyfiskerfi og fjárhagslega háttvísi sem tekur gildi árið 2013. Þessi reglugerð var kynnt til sögunnar árið 2009 þegar helmingur af 630 knattspyrnuliðum Evrópu var rekinn með tapi.

Reglugerðinni er ætlað að minnka möguleika ríkra eigenda að eyða eins miklum peningum og þeir vilja í leikmannakaup og laga taprekstur með nýju „hlutafé“ úr eigin vasa. Samkvæmt reglugerð UEFA um fjàrhagslega háttvísi þurfa félögin að miða útgjöld sín við þær tekjur sem félagið getur aflað sér með „venjulegum hætti“.

Ómar Smárason, leyfis – og markaðsstjóri KSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að stærstu félög Evrópu hefðu haft frumkvæðið að þessari reglu á sínum tíma. „Þetta er gert til þess að sporna við áframhaldandi taprekstri stórra félaga. Félögin vildu fá skýrari reglur og jafna samkeppnisaðstöðuna. Lið sem eru í eigu mjög ríkra einstaklinga geta ekki haldið áfram að reiða sig á að fá peninga endalaust til þess að brúa taprekstur. Þau verða að fara eftir reglugerðinni um leyfiskerfi og fjárhagslega háttvísi.“

Það er áratugur frá því að sú regla var tekin upp að opna fyrir félagaskipti í janúar og frá þeim tíma hafa ensk úrvalsdeildarlið keypt leikmenn fyrir samtals 925 milljónir punda eða sem nemur 180 milljörðum kr.

seth@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-d. kvenna*

**Snæfell - Keflavík** **91-83 (45-38)**
**Stigahæstar**: Jordan Lee Murphree 31, Alda Leif Jónsdóttir 17, Kieraah Marlow 16 – Pálína Gunnlaugsdóttir 33, Jaleesa Butler 18 (14 fráköst).

**Njarðvík - Fjölnir** **95-62 (49-29)**
**Stigahæstar**: Lele Hardy 24 (17 frák.), Shanae Baker-Brice 20, Petrúnella Skúladóttir 14 – Brittney Jones 13, Bergdís Ragnarsdóttir 12.

**Hamar - Valur** **86-83 (41-44)**
**Stigahæstar**: Katherine Graham 26, Samantha Murphy 24, Fanney Lind Guðmundsdóttir 14 – Kristrún Sigurjónsdóttir 21, María Björnsdóttir 16, María Ben Erlingsdóttir 16.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **20** | **16** | **4** | **1580-1402** | **32** |
| Njarðvík | 20 | 15 | 5 | 1684-1473 | 30 |
| **KR** | **20** | **12** | **8** | **1490-1372** | **24** |
| Haukar | 20 | 11 | 9 | 1487-1439 | 22 |
| **Snæfell** | **20** | **9** | **11** | **1375-1453** | **18** |
| Valur | 20 | 7 | 13 | 1414-1502 | 14 |
| **Hamar** | **20** | **5** | **15** | **1385-1532** | **10** |
| Fjölnir | 20 | 5 | 15 | 1394-1636 | 10 |

### *Enska úrvalsdeildin*

**Sunderland - Norwich** **3-0**
1-0 Frazier Campbell (20.), 2-0 Stéphane Sessegnon (27.), 3-0 Daniel Ayala, sjálfsmark (53.).

**Aston Villa - QPR** **2-2**
0-1 Djibril Cissé (11.), 0-2 Stephen Warnock, sjálfsmark (28.), 1-2 Darren Bent (45.), 2-2 Charles N'Zogbia (78.).

**Blackburn - Newcastle** **0-2**
0-1 Scott Dann, sjálfsmark (11.), 0-2 Gabriel Obertan (92.)

**Fulham - West Brom** **1-1**
1-0 Clint Dempsey (68.), 1-1 Somen Tchoyi (81.).

**Bolton - Arsenal** **0-0**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **23** | **17** | **3** | **3** | **60-19** | **54** |
| Man. United | 23 | 17 | 3 | 3 | 56-21 | 54 |
| **Tottenham** | **23** | **15** | **4** | **4** | **44-25** | **49** |
| Chelsea | 23 | 12 | 6 | 5 | 41-26 | 42 |
| **Newcastle** | **23** | **11** | **6** | **6** | **34-30** | **39** |
| Liverpool | 23 | 10 | 8 | 5 | 28-21 | 38 |
| **Arsenal** | **23** | **11** | **4** | **8** | **39-33** | **37** |
| Sunderland | 23 | 8 | 6 | 9 | 32-24 | 30 |
| **Stoke City** | **23** | **8** | **6** | **9** | **23-35** | **30** |
| Everton | 23 | 8 | 5 | 10 | 23-26 | 29 |
| **Norwich** | **23** | **7** | **8** | **8** | **32-39** | **29** |
| Aston Villa | 23 | 6 | 10 | 7 | 28-31 | 28 |
| **Fulham** | **23** | **6** | **9** | **8** | **29-32** | **27** |
| Swansea City | 23 | 6 | 9 | 8 | 24-28 | 27 |
| **West Brom** | **23** | **7** | **5** | **11** | **23-32** | **26** |
| QPR | 23 | 5 | 6 | 12 | 24-39 | 21 |
| **Bolton** | **23** | **6** | **2** | **15** | **28-47** | **20** |
| Blackburn | 23 | 4 | 6 | 13 | 33-47 | 18 |
| **Wolves** | **23** | **4** | **6** | **13** | **25-43** | **18** |
| Wigan | 23 | 3 | 6 | 14 | 20-48 | 15 |

### *Spænska bikarkeppnin*

**Valencia - Barcelona** **1-1**
1-0 Jonas (27.), 1-1 Carles Puyol (35.). Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum. Síðari leikurinn fer fram á Nou Camp í næstu viku.


STRÁKARNIR ERU MÆTTIR




N1-deild karla

Fim. 2. feb. | N1-deild karla
Akureyri - HK
Höllin, Ak. | Kl. 19.00

Fim. 2. feb. | N1-deild karla
FH - Afturelding
Kaplakriki | Kl. 19.30

Fim. 2. feb. | N1-deild karla
Fram - Grótta
Framhús | Kl. 19.30

Fim. 2. feb. | N1-deild karla
Valur - Haukar
Vodafonehöllin | Kl. 19.30

N1-deild kvenna

Fös. 3. feb. | N1-deild kvenna
Fram - FH
Framhús | Kl. 20.00

Lau. 4. feb. | N1-deild kvenna
Grótta - Haukar
Seltjarnarnes | Kl. 14.00

Lau. 4. feb. | N1-deild kvenna kvenna
ÍBV - Haukar
Vestmannaeyjar | Kl. 13.00

Lau. 4. feb. | N1-deild kvenna
KA/Þór - HK
KA-heimilið | Kl. 16.00


SPORT
besta sætið
SPORT 2
enski boltinn
MANCHESTER UNITED
GEGN
LIVERPOOL
LAUGARDAGINN 11. FEBRÚAR
HÁSPENNA Í SPORTINU!
MISSTU EKKI AF STÓRMÓTUM OG STÓRLEIKJUM Á SPORTSTÖÐVUM OKKAR Í FEBRÚAR
STÓRLEIKIR Í EVRÓPUDEILDINNI
MAN. UTD. – AJAX & MAN. CITY – PORTO
MEISTARADEILD EVRÓPU SNÝR AFTUR Í FEBRÚAR
RISALEIKIR Í 16. LIÐA ÚRSLITUM – ALLIR Í BEINNI
ÚRSLITALEIKUR DEILDABIKARSINS
ARON EINAR MÆTIR LIVERPOOL Á WEMBLEY
STJÖRNULEIKUR NBA
SUNNUDAGINN 26. FEBRÚAR
KIEL – RHEIN-NECKAR LÖWEN
ÍSLENDINGASLAGUR 22. FEBRÚAR
FA BIKARINN – 16 LIÐA ÚRSLIT
HELGINA 18.–19. FEBRÚAR
SPÆNSKI BOLTINN
EINVÍGI STÓRLIÐANNA ALLAR HELGAR
CHELSEA – MAN. UTD.
SUNNUDAGINN 5. FEB.
LIVERPOOL – TOTTENHAM
MÁNUDAGINN 6. FEB.
MAN. UTD. – LIVERPOOL
LAUGARDAGINN 11. FEB.
LIVERPOOL – EVERTON
LAUGARDAGINN 25. FEB.
ARSENAL – TOTTENHAM
SUNNUDAGINN 26. FEB.
Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Stöð 2 Sport 2 og fylgistöðvar
213 KR.
Á DAG
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Stöð 2 kl. 21.40

**NCIS: Los Angeles**

***Chris O'Donnell og LL Cool J leika aðalhlutverkin í NCIS: Los Angeles sem er einn af bestu spennuþáttunum í sjónvarpi. Starfsmaður utanríkisráðuneytisins og lýtalæknir eru drepnir af hryðjuverkamönnum sem hafa látið breyta útliti sínu. Rannsóknarsveitin þarf að finna eina vitnið sem veit hvernig hryðjuverkamennirnir líta út.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HORFIR Á KENNEDY'S

# *Glansmyndinni lyft*



Stöð 2 hóf nýverið að sýna þáttaröð um hina harmi drifnu Kennedy-fjölskyldu. Þessi margverðlaunaða þáttaröð gerir mikið úr breyskleika og veikleikum einnar valdamestu fjölskyldu Bandaríkjanna á síðustu öld í stað þess að reyna að breiða yfir þá og viðhalda glansmyndinni sem oft er máluð af þeim. Fjölskyldufaðirinn Joe er sýndur sem vægðarlaus pólitískur refur sem hikar ekki við að eyða stjarnfræðilegum upphæðum til að tryggja syni sínum þingsæti, og síðar meir forsetaembætti. Mikið púður fer í að sýna hversu mikilvægu hlutverki hinn granítharði Bobby gegndi á bak við tjöldin sem miskunnarlausari hlið bræðratvíeykisins. En það eru forsetahjónin sjálf, John og Jackie, sem fá einna verstu útreiðina. Mikið er til að mynda gert út gegndarlausri kvensemi forsetans og umburðarlyndi Jackie gagnvart henni. Þá er ekki verið að reyna að fela amfetamínsprautumeðferðina, sem þau bæði þáðu á meðan þau sátu í Hvíta húsinu, frá Þjóðverja sem var best þekktur undir nafninu „Dr. Feelgood". Þáttaröðin hefur bæði verið lofuð og gagnrýnd, sérstaklega fyrir vafasama sagnfræði. Hvort sem hún speglar það sem raunverulega gerðist eða hefur verið krydduð vel með Hollywood-dramatík þá er þáttaröðin hin besta skemmtun.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Allt er sára gott **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (3:3) (e) Leikin verða lögin tvö sem komust áfram í keppninni laugardaginn var.
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (26:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (27:52)
**17.40 Fæturnir á Fanneyju** (27:39)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (22:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (4:8)
**20.40 Tónspor** (2:6) Sex danshöfundar og tónskáld leiddu saman hesta sína á Listahátíð 2011. Í þessum þætti koma fram Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld og Steinunn Ketilsdóttir danshöfundur.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (6:23) (Desperate Housewives VIII)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (1:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 School of Life**
**10.00 The Painted Veil**
**12.05 Happily N'Ever After**
**14.00 School of Life**
**16.00 The Painted Veil**
**18.05 Happily N'Ever After**
**20.00 Bride Wars**
**22.00 We Own the Night**
**00.00 The Hitcher**
**02.00 Feast**
**04.00 We Own the Night**
**06.00 Tooth Fairy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (98:175)
**10.15 Celebrity Apprentice** (1:11)
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Martian Child** Hjartfólgin og skemmtileg mynd með John Cusack í hlutverki sálfræðings sem tekur að sér mál ungs drengs sem heldur því fram að hann sé frá Mars.
**14.45 E.R.** (17:22)
**15.30 Friends** (19:24)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (4:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (18:22)
**19.40 Til Death** (1:18) Frábærir gamanþættir um fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem oft og iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón sjá hjónabandið og lífsins tilgang.
**20.05 Hell's Kitchen** (13:15)
**20.50 Human Target** (13:13)
**21.35 NCIS. Los Angeles** (7:24)
**22.20 Breaking Bad** (12:13) Efnafræðikennarinn og fjölskyldumaðurinn Walter White kemst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð. Þá ákveður hann að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**23.05 Spaugstofan**
**23.30 The Mentalist** (6:24)
**00.15 The Kennedys** (4:8)
**01.00 Mad Men** (12:13)
**01.50 First Born**
**03.25 Martian Child**
**05.10 The Simpsons** (4:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.00 Watford - Tottenham** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**18.45 Meistaradeild Evrópu: Napoli - Man. City** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 Arsenal - Aston Villa** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**22.15 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Kiel** Útsending frá Íslendingaslag í þýska handboltanum.
**23.40 Ensku bikarmörkin** Öll mörkin og flottustu tilþrifin í leikjunum í ensku bikarkeppninni (FA Cup).

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Bolton - Arsenal**
**13.35 Fulham - WBA**
**15.25 Aston Villa - QPR**
**17.15 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**18.10 Wolves - Liverpool**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Man. Utd. - Stoke**
**22.20 Premier League Review 2011/12**
**23.15 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.45 Swansea - Chelsea**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (40:175)
**20.30 In Treatment** (63:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (16:24)
**22.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (5:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (12:24)
**23.30 Gossip Girl** (1:24)
**00.15 Satisfaction**
**01.05 Malcolm In The Middle** (18:22)
**01.30 Til Death** (1:18)
**01.55 In Treatment** (63:78)
**02.20 The Doctors** (40:175)
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.10 Minute To Win It** (e)
**14.55 Eureka** (4:20) (e)
**15.45 Being Erica** (11:13) (e)
**16.30 Rachael Ray**
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Pan Am** (11:14) (e)
**18.50 Game Tíví** (2:14)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (15:26)
**19.45 Will & Grace** (24:25) (e)
**20.10 The Office** (16:27) Það er loksins komið að því að Michael frumsýnir kvikmynd sem hann hefur unnið að í ellefu ár.
**20.35 30 Rock** (23:23) Nú þegar þessari þáttaröð er lokið getur Liz loks slakað á í snobbhverfinu Hamptons - allt þar til Tracy flytur inn í næsta hús.
**21.00 House** (22:23) House og Taub fá bæði óhugnanlegar fréttir og eiturlyf og strokufangar gera starfsfólki spítalans lífið leitt.
**21.50 Flashpoint** (5:13)Fangi sem er ásakaður um morð á dóttur sinni sleppur úr fangelsi og sérsveitin reynir að hafa hendur í hári hans. Ed kemst að því að ófrísk eiginkona hans er komin á spítala.
**22.35 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs.
**23.20 CSI: Miami** (18:22) (e)
**00.10 Jonathan Ross** (10:19) (e)
**01.00 The Good Wife** (1:22) (e)
**01.50 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Farmers Insurance Open 2012 (4:4) **12.30** Golfing World **13.20** Golfing World **14.10** Farmers Insurance Open 2012 (4:4) **18.40** US Open 2008 - Official Film **19.40** PGA Tour - Highlights (4:45) **20.35** Inside the PGA Tour (5:45) **21.00** Waste Management Open 2012 (1:4) **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.20** The Weakest Link **07.05** 'Allo 'Allo! **08.00** 'Allo 'Allo! **08.50** 'Allo 'Allo! **09.15** New Tricks **11.00** EastEnders **11.30** Jack Dee Live Again **12.20** My Family **12.50** QI **13.25** 'Allo 'Allo! **14.15** 'Allo 'Allo! **15.05** QI **16.05** QI **16.40** Top Gear **17.30** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Top Gear **21.00** Lee Evans. XL **21.55** Live at the Apollo **22.45** QI **23.45** QI **00.50** Lee Evans. XL **01.45** The Graham Norton Show **02.30** The Weakest Link **03.20** Lee Evans. XL **04.10** The Graham Norton Show **05.00** The Weakest Link

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Skattejægerne **12.35** Aftenshowet **13.30** Danmark Ekspeditionen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Postmand Per. Specialposttjenesten **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** The Clinic **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Kæft, trit og flere knus **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt 2012 **21.00** Downton Abbey

## NRK 1

**10.05** Filmavisen **10.15** V-cup skiskyting **11.40** NRK nyheter **11.55** V-cup langrenn **13.40** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Melodi Grand Prix 2012 **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Program ikke fastsatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Djevelens elskarinne

## SVT 1

**111.10** Strömsö **11.50** Skidor **14.00** Blådårar 2 - vägen tillbaka **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Kvinnliga designers **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Gäster med gester **20.45** Humor godkänd av staten **21.00** Debatt **21.45** Bästa frisören **22.35** Det ljuva livet i Alaska **23.25** Rapport **23.30** Den sjungande trappuppgången

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


Verslun
Ármúla 26
522 3000
hataekni.is
Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
Allt að
80%
afsláttur
Full búð af
frábærum
tilboðum!
ÚT
SÖLU
LOK
Nú er síðasta
tækifærið!
Lokadagur útsölunnar
er á laugardaginn.
Sjónvörp,
símar og
fullt af græjum
á frábæru
verði!
Lækkað
verð á
völdum
vörum
Hátækni

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast eina litla skál af léttri AB-mjólk, ávaxtasafa, ef hann er til, og svo kaffi.“*

Lovísa Arnardóttir, nemi og ráðgjafi hjá UNICEF á Íslandi.

# Austur hættir að vera steikhús

„Þegar við fórum að skoða tölurnar komust við að því að það myndi frekar borga sig að einbeita sér að því að reka skemmtistað,“ segir Ásgeir Kolbeinsson, einn af eigendum skemmtistaðarins Austur.

Ásamt því að vera skemmtistaður hefur Austur verið rekið sem steikhús undanfarin misseri. Nú hafa Ásgeir og félagar ákveðið að hætta því, en halda eldhúsinu þó opnu fyrir hópa sem leggja staðinn undir veislur og aðra skemmtanir.

„Það hefur verið vinsælast í matnum; vinnuhópar og ferðamenn. Við viljum halda því áfram, gera það enn betur og svara eftirspurninni, sem er til staðar, um að fá staðinn undir hópa. En við hættum að vera með à la carte-matseðil alla daga vikunnar,“ segir Ásgeir.

Austur byrjaði sem skemmtistaður og það má því segja að staðurinn sé að fara aftur til upprunans.

Ásgeir segir rekstur steikhússins og skemmtistaðarins ekki hafa farið vel saman. „Helsta ástæðan er sú að það er erfitt að reka svona stóran og vinsælan skemmtistað á meðan það er alltaf verið að biðja um að fá hann leigðan undir skemmtanir, afmæli eða veislur,“ segir hann. „Við þurftum að hafna slíku vegna þess að veitingastaðurinn var opinn. Það passar ekki alveg að vera með veislu í gangi á meðan fólk situr og er að borða.“

Þurftirðu að segja mörgum upp?

„Nokkrum, ekki mörgum. Flestum var hægt að koma fyrir á öðrum veitingastöðum í bænum.“

Ásgeir segir að eftir sem áður verði Austur opið á daginn, með kaffi og kökur á boðstólum, auk þess sem ýmislegt annað er á döfinni, að sögn Ásgeirs.

atlifannar@frettabladid.is



**AFTUR TIL UPPRUNANS** Austur byrjaði sem skemmtistaður, þangað til Ásgeir Kolbeinsson breytti staðnum í steikhús. Í dag er Austur aðallega skemmtistaður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Önnur þáttaröðin af Game of Thrones verður frumsýnd í Bandaríkjunum 1. apríl næstkomandi. Eins og margir Íslendingar vita fór hluti af tökunum fram hér á landi seint á síðasta ári og í nýju kynningarmyndbandi fyrir sjónvarpsþættina kemur snævi þakin íslensk náttúran nokkrum sinnum við sögu. Yfir þrjár milljónir manna hafa séð myndbandið á síðunni YouTube og því ljóst að eftirvæntingin eftir Game of Thrones 2 er mikil.

- fb









**LÍMMIÐAR Í BOÐI** Fyrirtækið Já hefur útbúið tvær tegundir af límmiðum til að fela forsíðufyrirsætuna Egil „Gillzenegger“ af forsíðunni og eru þeir í boði fyrir þá sem þess óska.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR: LÍMMIÐAR Í BOÐI FYRIR ALLA SEM VILJA

# Útgefandi símaskrárinnar býður fólki að líma yfir Egil

„Við höfum útbúið tvær tegundir af límmiðum fyrir þá sem þess óska,“ segir Guðrún María Guðmundsdóttir, ritstjóri og sviðsstjóri hjá Já.

Já hefur látið hanna límmiða til að líma yfir forsíðu símaskrár síðasta árs en á henni er mynd af Agli Einarssyni og fimleikastúlkum úr Gerplu. Tvær gerðir af límmiðum eru í boði fyrir þá sem vilja fjarlægja Egil af forsíðunni. Annars vegar er límmiði með mynd af stúlkunum úr Gerplu og hins vegar er límmiði sem lítur út eins og búið sé að rífa Egil af forsíðunni.

Aðspurð segist Guðrún María ekki vilja tjá sig nánar um ákvörðunina um límmiðana. „Þeir eru hins vegar til og í boði fyrir alla þá sem vilja,“ segir hún. Hún vill ekki tjá sig um hversu margir hafa sett sig í samband við fyrirtækið og óskað eftir lausnum á borð við límmiðana.

Egill hefur verið kærður í tvígang fyrir kynferðisbrot á síðustu mánuðum en niðurstaða í málunum liggur ekki fyrir. Önnur kæran, sem er á hendur honum og kærustu hans, var á dögunum send frá Ríkissaksóknara til frekari rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en hin kæran er ennþá til rannsóknar.

Ákvörðun Já að láta Egil um ritstjórn símaskrárinnar árið 2011 var umdeild á sínum tíma. Ný símaskrá kemur út í maí og að þessu sinni er það Borgarleikhúsið sem sér um að myndskreyta hana.

Hægt er að nálgast límmiðana í höfuðstöðvum Já í Álfheimum.

alfrun@frettabladid.is







# Samningur í verðlaun

Eskimo-umboðsskrifstofan leitar nú að stúlkum til að taka þátt í nýrri fyrirsætukeppni er nefnist Eskimo-stúlkan 2012. Keppnin verður með öðru sniði en áður því sigurvegarinn fer ekki út í áframhaldandi keppni heldur kemst á samning hjá hinni virtu Next umboðsskrifstofu.

Andrea Brabin, eigandi Eskimo, segir keppnina vera stökkpall fyrir stúlkur sem vilja reyna fyrir sér í fyrirsætustarfinu. „Verðlaunin eru með öðru sniði en gengur og gerist, stúlkan fer ekki út í aðra keppni heldur fær samning beint héðan við Next. Sú sem sigrar fær flug til New York í boði Next Models, gistingu í einni af módelíbúðum stofunnar og minnst þrjár tökur með reyndum ljósmyndurum. Þarna gefst þeim því tækifæri til að kynnast þessum heimi, öðlast reynslu og byggja upp möppu.“ Þá hlýtur sigurvegarinn hundrað þúsund króna peningaverðlaun ásamt forsíðumyndatöku fyrir vefritið Nude Magazine.

Fyrirsæturnar Anja Rubik og Abbey Lee eru á meðal þeirra heimsþekktu fyrirsæta sem eru á skrá hjá Next auk Brynju Jónbjarnardóttur, Kolfinnu Kristófersdóttur og Elmars Johnson. „Við höfum lengi verið í samstarfi við Next og því þótti okkur eðlilegt skref að vinna með þeim að keppninni. Aðaldómari kvöldsins verður svo Jason Valenta, helsti útsendari Next Models World Wide.“

Leitað er að stúlkum frá fjórtán ára aldri og þurfa þær að vera minnst 170 sentimetrar að hæð. Nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum vefpóstinn eskimo@eskimo.is.

- sm



**NÝ KEPPNI** Eskimo-stúlkan er ný fyrirsætukeppni á vegum Eskimo umboðsskrifstofunnar.


„Mjög vel heppnaður farsi, hraður og ótrúlega fyndinn“
I.Þ. Mbl
„Það verður enginn svikinn af þessu stykki ... spái því gangi til 2020!“
S.A. TMM
„Fyrirmyndarfarsi í alla staði... feiknafyndin, þétt og flott sýning“
K.H.H. Fréttatíminn
„Fimm stjörnu farsi - alveg óborganlega fyndinn“
Hemmi Gunn, Bylgjunni
„Óhætt að lofa góðum hláturgusum“
E.B. Fbl
„Óstöðvandi, hömlulaus hlátur“
B.S. pressan.is
GRÍMAN 2011: ÁHORFENDASÝNING ÁRSINS
NEI RÁÐHERRA!
Nú loksins á Akureyri
Forsalan hafin
Eftir yfir 70 uppseldar sýningar í Reykjavík fer áhorfendasýning ársins til Akureyrar.
Sýningar í Hofi á Akureyri:
Lau 3/3 kl. 21
Lau 10/3 kl. 19
Fös 16/3 kl. 19
Sýningar í Reykjavík
Fös 3/2 kl. 20 örfá sæti
Lau 18/2 kl. 20 örfá sæti
Miðasala | 450 1000 | midasala@menningarhus.is
Íslandsbanki
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
www.borgarleikhus.is
HOF
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NOVA
LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS - félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Baugsklíka Björns

**Björn Bjarnason**, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sagði á bloggsíðu sinni á mánudag: „Framganga Hallgríms Helgasonar er aðeins vísir að því [sem] koma skal úr herbúðum hans og manna hans þegar nær dregur kosningum. Með Jóhann Hauksson í stjórnarráðinu en ekki í laumuspili með Baugsmönnum á hinum ýmsu fjölmiðlum. Má sjá að gamla fótgönguliði Baugsmanna er stillt upp til nýrrar orrustu.“ Daginn eftir baunaði hann á Egil Helgason fyrir að reyna að rétta hlut Hallgríms vegna umtals um framgöngu hans fyrir hrun þegar hann hefði gengið erinda Baugsmanna. Og viti menn! Eiríkur Jónsson greinir frá því á bloggsíðu sinni að Egill, Hallgrímur og Jóhann hafi allir fengið sér kaffi á Kaffifélaginu við Skólavörðustíg í gærmorgun. Líklega til að skipuleggja næstu breiðsíðu á Björn.



### Björk í The Colbert Report

**Björk Guðmundsdóttir** var í viðtali í gær í bandaríska grínþættinum The Colbert Report á sjónvarpsstöðinni Comedy Central. Þáttastjórnandinn Stephen Colbert spurði Björk út í nýju plötuna hennar Biophilia og hvort Íslendingar tryðu á álfa. Björk var hin hressasta í viðtalinu og spurði Colbert á móti hvort Bandaríkjamenn tryðu ekki á drauga. Björk söng einnig lagið Cosmogony og hlaut að launum duglegt lófaklapp í sjónvarpssalnum.



- sh, fb

## Mest lesið vísir

1. Lögreglumaður nær ekinn niður við Gullinbrú
2. Fórnarlamb mansals súludansari á Goldfinger
3. Ránið í Árbænum upplýst: Samskipti við unglingsstúlku...
4. Vetrarhörkur framundan á Norðurlöndunum
5. Ólafur og Dorrit skoða mörgæsir

BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00






Útsölulok!
50% afsláttur af útsöluvörum
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

www.herragardurinn.is
Útsölulok!
40-50%
afsláttur af útsöluvörum
nýjar vörur frá SAND POLO RALPH LAUREN eterna
herra GARÐURINN -klæðir þig vel
KRINGLAN 568 9234 - SMÁRALIND 544 2410